

Nd.

207. Frumvarp til tollalaga.

[196. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu eftirfarandi orð og orða-sambönd skilgreind svo:

Ráðherra: Fjármálaráðherra, nema annars sé getið.

Tollyfirvald: Ríkistollstjóri, tollgæslustjóri og tollstjórar.

Aðaltollhöfn: Staður þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram, sbr. 28. gr.

Tollhöfn: Staður þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur, geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar, sbr. 28. gr.

Farartæki: Sérhvert tæki sem nota má til flutnings á vörum.

Skip: Sérhvert fljótandi farartæki.

Flugfar: Sérhvert fljúgandi farartæki.

Far: Skip eða flugfar.

Aðkomufar: Far sem kemur frá útlöndum og ekki hefur fengið fyrstu aðkomuafgreiðslu í þeirri ferð. Aðkomufar skoðast einnig far sem tekið hefur við vörum eða mönnum utan tollhafnar úr öðru fari sem er í utanlandsferðum eða hefur haft önnur þess háttar samskipti við slík för.

Far í utanlandsferðum: Far sem flytur ótollafgreidda vöru frá útlöndum eða ferð þess er gerð til að lesta vöru til útlanda.

Aðkomuafgreiðsla fars: Þegar stjórnandi fars hefur afhent tollgæslunni tilskilin gögn og fengið leyfi hennar til samskipta skv. 3. mgr. 51. gr.

Innflytjandi eða útflytjandi: Hver sá sem með lögmatum hætti getur ráðstafað vöru til tollmeðferðar hjá tollyfirvaldi.

Vara eða sending: Hver sá hlutur sem tollmeðferð getur hlotið samkvæmt tollskrá.

Tollur: Gjald sem innheimt er af vöru samkvæmt tollskrá.

Tollverð: Verðmæti vöru til nota við álagningu tolls á innflutta vöru.

Aðflutningsgjöld og útflutningsgjöld: Tollur svo og aðrir skattar og gjöld sem greiða ber við tollmeðferð vöru.

Tollafgreiðsla vöru: Þegar tollyfirvald hefur heimilað afhendingu vöru til nota innanlands eða til útflutnings.

Tollvörugeymsla: Almenn tollvörugeymsla, tollfrjáls forðageymsla og tollfrjáls verslun.

Frísvæði: Lokað svæði, sem tollyfirvöld annast tollefirlit með, þar sem geyma má ótollafgreiddar vörur og reka iðnað, umpökkun, aðvinnslu og verslun með þær.

Vara telst tekin til tollmeðferðar þegar eitthvert eftirtalinna tilvika (a–d) á við:

- a. Tollyfirvald hefur tekið við skjölum þeim varðandi vöru eða sendingu sem afhenda ber vegna tollmeðferðarinnar, enda fullnægi þau að öllu leyti skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að heimila afhendingu vörunnar þegar í stað.
- b. Vara eða sending hefur verið skráð samkvæmt 3. mgr. 53. gr. og tollyfirvald heimilað afhendingu hennar.

- c. Tollyfirvald hefur heimilað afhendingu vöru eða sendingar án eða gegn tryggingu.
- d. Tollyfirvald hefur tilkynnt innflytjanda að vara eða sending verði seld á uppboði eða gert ráðstafanir til þess að selja vöru á uppboði ef ekki næst til innflytjanda til lúkningar tolli eða öðrum gjöldum sem innheimt eru vegna innflutnings, sbr. 111. gr.

II. KAFLI

Tollskyldir aðilar.

Almenn tollskylda.

2. gr.

Hver sá sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða ábyrgur verður um greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum þessara laga er tollskyldur, sbr. þó 3. gr., og skal greiða toll af hinni innfluttu vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá.

Takmörkuð tollskylda.

3. gr.

Þessir aðilar skulu ekki greiða toll af innfluttum vörum með þeim takmörkunum þó sem að neðan greinir:

1. Forseti Íslands og maki hans skulu undanþegin greiðslu tolla af vörum sem hann flytur inn til eigin nota eða honum eru sendar að gjöf.
2. Sendiráð, sendiræðismannsskrifstofur, sendierindrekar og sendiræðismenn erlendra ríkja.
3. Kjöræðismenn erlendra ríkja að því er varðar tilteknar skrifstofuvörur, sbr. 2. mgr.
4. Aðilar sem undanþegnir eru tollskyldu með sérstökum lögum.

Ráðherra setur nánari reglur um tollfrelsi samkvæmt þessari grein og má binda tollfrelsi þeirra aðila sem um ræðir í 2. og 3. tölul. 1. mgr. því skilyrði að viðkomandi ríki sé aðili að Vínarsamningnum um stjórn málasamband, sbr. lög nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn málasamband, Vínarsamningi um ræðissamband, sbr. lög nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband, eða íslenskir sendimenn og sendisveitir njóti sams konar tollfrelsis hjá viðkomandi ríki.

III. KAFLI

Tollskyldar vörur, undanþágur o.fl.

Tollskyldar vörur og tollskrá.

4. gr.

Af öllum vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins skal greiða toll, nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða öðrum sérstökum lögum.

Tollur skal lagður á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 8.–10. gr. og vera eins og fyrir er mælt í tollskrá. Við flokkun vara til tollskyldu skal farið eftir þeim túlkunarreglum sem þar greinir.

Tollfrjálsar vörur.

5. gr.

Auk þeirra vara sem tollfrjálsar eru samkvæmt beinum fyrirmælum í tollskrá skulu eftirtaldar vörur vera tollfrjálsar:

1. Fylgifé fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum og er að mati tollyfirvalds ekki umfram það sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar fars og ferða þess, enda verði fylgiféð ekki flutt úr viðkomandi fari.

2. Hæfilegar vistir og aðrar nauðsynjar í fari sem er í utanlandsferðum, enda verði þær áfram í farinu til neyslu og notkunar áhafnar og farþega.
3. Vörur sem ekki á að flytja hér úr fari en eiga að fylgja því aftur til útlanda.
4. Venjulegur farangur áhafnar fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollfyrivalds um hæfilegan fatnað og aðrar ferðanaúðsynjar til eigin notkunar áhafnar í fari að ræða.
5. Venjulegur farangur ferðamanna sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollfyrivalds um hæfilegan fatnað og aðrar ferðanaúðsynjar til eigin nota þeirra á ferðalaginu að ræða.
6. Fatnaður og aðrar ferðanaúðsynjar hér búsettra manna sem látist hafa erlendis.
7. Heimilismunir manna sem flytja búferlum hingað til lands, enda hafi viðkomandi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann flutti til landsins. Undanþágu samkvæmt þessum tölulið má að öðru leyti takmarka við vöruflokka eða hámarksverð og skal þá tekið tillit til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna. Ökutæki og önnur farartæki, vélknúin, teljast ekki til heimilismuna í þessu sambandi.
8. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum svo og verðlaun fyrir íþróttafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis.
9. Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað frá útlöndum af öðrum orsökum og færðar séu að mati tollfyrivalds fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
10. Endursendar tómar umbúðir, enda séu að mati tollfyrivalds færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum útfluttum héðan. Ráðherra getur sett nánari reglur um tollfrelsi samkvæmt þessari grein.

Undanþágu-, lækkunar- og samræmingarheimildir.

6. gr.

Ráðherra er heimilt:

1. Að láta koma til framkvæmda ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum og viðaukum og bókunum sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra eða fella ákvarðanir um framkvæmd þeirra úr gildi sé ákvæðum þeirra breytt, forsendur breytist eða þeir falli úr gildi. Þegar heimild þessari er beitt skal jafnframt heimilt að lækka almennan toll í dálki A í tollskrá í allt að 5% þegar um hráefni eða efnivöru er að ræða en í allt að 10% í öðrum tilvikum. Verði ákvörðun felld úr gildi skal almennur tollur í dálki A í tollskrá taka gildi.
2. Að fella niður toll af vöru sem send er hingað til umflutnings.
3. Að fella niður eða endurgreiða toll af vöru sem endurseld er til útlanda.
4. Að heimila tollfrjálsan innflutning á vörum sem aðeins verða hér til sýningar eða flutnings um stundarsakir, svo og á vélum, tækjum og öðrum áhöldum sem aðeins eru send hingað til reynslu um stuttan tíma.
5. Að heimila tollfrjálsan innflutning um stuttan tíma á tækjum, verkfærum og öðru þvilkku sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota hér við athuganir sínar, rannsóknir og starfsensí.
6. Að fella niður toll af vöru sem er send hingað til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu, enda verði hún flutt úr landi aftur.
7. Að heimta ekki toll af bifreiðum og bifhjólum sem skráð eru erlendis og flutt eru til landsins af mönnum sem þar hafa haft fasta búsetu í a.m.k. eitt ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Gildir undanþága þessi í einn mánuð frá komu ökutækis til

landsins. Heimilt er þó að ákveða lengri gildistíma eða framlengja hann um allt að þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls, enda færi viðkomandi fyrir tollstjóra fullgildar sönnur á að hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum:

- a. Hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki.
- b. Hann hafi ekki tekið sér búsetu hér á landi.
- c. Hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

Nú uppfyllir viðkomandi ekki framangreind skilyrði til framlengingar undanþágu frá greiðslu tolls og er þá heimilt samt sem áður að framlengja hana um allt að þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls frá komu ökutækis til landsins, gegn greiðslu sérstaks gjalds sem ákveða má sem hundraðshluta á mánuði af tollverði viðkomandi ökutækis eða fast gjald sem miða skal við afskriftartíma ökutækis. Þó skulu aðilar sem tekið hafa sér fasta búsetu hér á landi eða flutt búslóð sína til landsins greiða þegar toll af ökutækjum og öðrum farartækjum sem eru vélknúin. Óski viðkomandi þess má heimila greiðslu gjalda með skuldarviðurkenningu og fullnægjandi ábyrgð, enda skulu þá greiddir af lánuðum tollum þeir vextir sem ákveðnir verði af ráðherra með reglugerð.

Undanþága þessi er að öðru leyti háð því að viðkomandi skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:

- a. Hann aki ökutækinu sjálfur, maki hans eða launaðir ökumenn hans, útlendir eða innlendir.
- b. Ökutækið verði ekki lánað, leigt eða notað til neins konar flutnings gegn greiðslu eða endurgjaldi.
- c. Hann hafi ökutækið með sér til útlanda þegar hann fer þangað. Ökutæki skal þó ætíð annaðhvort endurútflytt eða tollafgreitt þegar að tólf mánuðum liðnum frá því að það var flutt hingað til lands.
- d. Hann hlíti nánari reglum sem ráðherra setur um ökutæki þessi og eftirlit með þeim.

Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir undanþágu frá greiðslu gjalda falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra mega þeir taka viðkomandi ökutæki þegar í stað úr umferð og tollstjóri láta selja ökutækið á opinberu uppboði til lúkningar á tolli, kostnaði og vöxtum skv. 2. mgr., sem reiknast frá og með komudegi flutningsfars, eða hlutast til um endurútflytning þess á kostnað innflytjanda.

Ákvæði tölulíðar þessa gilda með sama hætti um nýjar óskráðar bifreiðar og bifhjól sem keypt eru hér á landi. Ökutæki þessi skulu skráð sérstaklega og frekari skilyrði uppfyllt sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Undanþága frá greiðslu tolls samkvæmt þessari málsgrein miðast við skráningardag ökutækis. Heimila má í undantekningartilvikum framlengingu undanþágu skv. 1. og 2. mgr. án greiðslu hins sérstaka gjalds af tollverði viðkomandi ökutækis.

Ákvæði þessa tölulíðar skulu gilda eftir því sem við geta átt um önnur farartæki.

8. Að heimila að tollur af tækjum, þ.m.t. ökutæki, sem send eru hingað til notkunar um stuttan tíma og endursend eru þegar að notkun lokinni, sé reiknaður af leigu eða áætlaðri leigu fyrir tækin í stað venjulegs tollverðs. Ákveða má greiðslu samkvæmt þessari heimild sem fast gjald vegna tímabundins innflutnings og skal þá miðað við venjulegan afskriftartíma tækis. Gjald af ökutækjum má miða við ekna vegalengd.

Ráðherra skal enn fremur heimilt að endurgreiða toll af tækjum, þ.m.t. ökutæki, sem seld eru eða leigð til nota erlendis. Endurgreiðslufjárhæð skal miðuð við venjulegan afskriftartíma tækis. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og getur þar m.a. kveðið á um fyrningargrunn og fyrningarhlutföll.

9. Að lækka eða fella niður toll af vöru sem reynist gölluð eða hefur eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda,

viðurkenndum geymslum farmflytjanda eða tollvöruheymslum eða í flutningi milli tollhafna innanlands, áður en hún er afhent viðtakanda.

Niðurfelling tolls er bundin því skilyrði að varan sé eyðilögð undir tolleftirliti eða afhent ríkissjóði endurgjaldslaust til ráðstöfunar.

10. Að lækka eða fella niður toll af venjulegum brúðargjöfum frá aðilum búsettum erlendis, enda hafi brúður eða brúðgumi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. tvö ár fyrir brúðkaupið. Heimildin tekur þó ekki til ökutækja eða annarra vélknúinna farartækja. Jafnframt að fella niður toll af gjöfum sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra eða þvílíkra. Enn fremur af gjöfum sem aðilar búsettir erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni. Undanþágur samkvæmt þessum tölulið má að öðru leyti takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti.
11. Að fella niður toll af notuðum munum sem hafa fallið í arf erlendis. Heimildin tekur þó ekki til ökutækja eða annarra vélknúinna farartækja.
12. Að fella niður eða endurgreiða toll af umbúðum sem eru lánaðar eða leigðar hingað til lands.
13. Að endurgreiða toll af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu vara sem fluttar eru til útlanda til sölu þar eða vara sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt lögum þessum, tollfrelsis- eða tollalækkunarákvæðum í fríverslunarsamningum, milliríkjasamningum eða sérstöku lögum. Jafnframt að endurgreiða að hluta eða að fullu toll af efnivöru í innlenda vöru ef tollur af sams konar vöru framleiddri erlendis er jafnhár eða lægri en af efnivörunni.
14. Að samræma tolla á vörum til lækkunar eða hækkunar ef sams konar eða svipaðar vörur bera ekki sama toll.
15. Að fella niður toll af munum sem aðilar búsettir erlendis senda Norræna húsinu að gjöf.
16. Að fella niður toll af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum og viðgerðarefnum sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.
17. Að fella niður toll af lifandi dýrum í dýragarða.
18. Að heimila tímabundna afhendingu vara án greiðslu tolls til þess að fram geti farið á vörum þessum á ábyrgð innflytjanda eða viðkomandi vinnsluaðila nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum. Heimild þessa má binda skilyrðum um vörslu og meðferð vörunnar, svo og að fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir greiðslu áfallins tolls og annars kostnaðar sem leiða kann af leyfisveitingunni. Heimild þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka.
19. Að fella niður toll af vísindatækjum og vísindabúnaði sem íslenskar vísindastofnanir eða vísindastofnanir sem Ísland er aðili að eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum.
20. Að fella niður toll af varningi, allt að ákveðnu hámarki hverju sinni, sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum, umfram þá muni sem greinir í 4. og 5. tölul. 5. gr., enda sé ekki um innflutning í atvinnuskyni að ræða. Undanþágu þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti tiltekinna vörutegunda. Að öðru leyti gilda ekki aðrar innflutningshömlur um slíkan varning en settar eru vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana.
21. Að fella niður toll af sýnishornum verslunarvara og auglýsingaefnis, svo og varningi sem gerður hefur verið ónothæfur sem almenn verslunarvara, enda sé um óverulegt verðmæti að ræða og vörunnar verði einungis notaðar til að ákveða eftir þeim pantanir. Ráðherra getur sett nánari reglur um undanþágu-, lækkunar- og samræmingarheimildir samkvæmt þessari grein.

Vörur úr viðgerð og annarri aðvinnslu.

7. gr.

Nú eru vörur sendar til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, málmhúðunar eða annarrar aðvinnslu, og þær breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning þeirra er fullnægt þeim skilyrðum sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgreinar, og skal þá greiða af aðvinnslukostnaði, að viðbættum flutningskostnaði til landsins, þann toll sem sams konar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni. Tollmeðferð samkvæmt þessari grein er þó bundin eftirtöldum skilyrðum:

- a. Vöru sé framvísað fyrir tollstarfsmanni áður en hún er flutt til útlanda.
- b. Við útflutning skrái útflytjandi á þar til gert eyðublað nákvæma lýsingu á vöru og fyrirhugaðri viðgerð eða aðvinnslu hennar.
- c. Viðkomandi tollstarfsmaður votti á eyðublaðið að vöru hafi verið framvísað og lýsing útflytjanda sé rétt.
- d. Við endurinnflutning vöru sé hinni staðfestu lýsingu framvísað við tollafgreiðslu.

Vörur sem á ábyrgðartíma eru sendar utan til viðgerðar skulu við innflutning undanþegnar tolli, enda séu að mati tollstjóra færðar fullnægjandi sönnur á að viðgerðin sé viðkomandi að kostnaðarlausu og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

Breyti vörur, sem sendar eru utan til aðvinnslu, svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýir hlutir skal greiða af þeim toll eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda, aðflutta vöru.

Prátt fyrir ákvæði 3. mgr. skulu notaðir hlutar í rafeindabúnað o.þ.h. tæki, sem koma í stað sams konar hluta, sem sendir hafa verið til viðgerðar í þjónustumiðstöðvar, tollafgreiddir með þeim hætti að tollur sé reiknaður af þjónustugjaldi samkvæmt reikningi hinnar erlendu þjónustumiðstöðvar, enda komi þar fram heiti og tegundarnúmer hlutar og gætt hafi verið að öðru leyti ákvæða 1. mgr.

IV. KAFLI

Tollmeðferð o.fl.

Tollverð og tollverðsákvörðun.

8. gr.

Tollverð innfluttra vara er viðskiptaverðið, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar við sölu til útflutnings til landsins, með þeim leiðréttingum sem leiða af ákvæðum 9. gr., að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a. Kaupanda séu engar takmarkanir settar um ráðstöfun eða notkun varanna, aðrar en takmarkanir sem
 1. settar eru eða krafist verður með lögum eða af opinberum stjórnvöldum hér á landi,
 2. takmarka þau landfræðilegu mörk þar sem endurselja má vörurnar eða
 3. hafa ekki veruleg áhrif á verðmæti varanna.
- b. Salan eða verðið sé ekki háð einhverjum skilyrðum eða skilmálum sem ekki er hægt að ákvarða verð fyrir með tilliti til þeirra vara sem verið er að virða.
- c. Enginn hluti ágóða af síðari sölu, ráðstöfun eða notkun varanna af hálfu kaupanda renni beint eða óbeint til seljanda, nema unnt sé að gera viðeigandi leiðréttingar í samræmi við ákvæði 9. gr.
- d. Kaupandi og seljandi séu óháðir hvor öðrum eða séu þeir hvor öðrum háðir þá sé viðskiptaverðið nothæft í tollalegu tilliti samkvæmt nánari reglum settum skv. 10. gr.
Samkvæmt lögum þessum skal því aðeins telja aðila, persónur eða lögaðila háða hvor öðrum að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:
 - a. Þeir séu yfirmenn eða stjórnendur fyrirtækja hvors annars.
 - b. Þeir séu í lagalegum skilningi sameigendur fyrirtækis.

- c. Þeir séu vinnuveitandi og starfsmaður hans.
- d. Einhver aðili beint eða óbeint eigi, stjórnir eða hafi umráð yfir fimm hundraðshlutum eða meira af atkvæðisrétti eða hlutabréfum hjá þeim báðum.
- e. Annar þeirra stjórnir beint eða óbeint hinum.
- f. Þriðji aðili stjórnir beint eða óbeint báðum.
- g. Báðir saman stjórnir beint eða óbeint þriðja aðila.
- h. Þeir séu í sömu fjölskyldu.

Aðilar, persónur eða lögaðilar sem eru í viðskiptasambandi hvor við annan, þannig að annar er einkaumboðsmaður, einkadreifingaraðili eða sérleyfishafi hins aðilans í hvaða mynd sem er, skulu taldir vera háðir hvor öðrum.

9. gr.

Við ákvörðun tollverðs samkvæmt ákvæðum 8. gr. skal bæta eftirtöldu við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hinar innfluttu vörur:

- a. Eftirtöldu, að svo miklu leyti sem það er borið af kaupanda en er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar:
 - 1. Umboðslaunum og miðlaraþóknun, þó ekki kaupumboðslaunum.
 - 2. Gámakostnaði sem í tollalegu tilliti tilheyrir vörunum.
 - 3. Þökkunarkostnaði, bæði fyrir vinnu og efni.
- b. Viðeigandi hluta af verðmæti eftirtalinnna vara og þjónustu, sem látin er beint eða óbeint í té af kaupanda án greiðslu eða á lækkuðu verði, til notkunar í sambandi við framleiðslu og sölu hinna innfluttu vara til útflutnings að svo miklu leyti sem slíkt verðmæti er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber:
 - 1. Efnivara, hluta, parta o.þ.h. sem notað hefur verið í hinar innfluttu vörur.
 - 2. Verkfæra, forma, móta o.þ.h. sem notað hefur verið við framleiðslu hinna innfluttu vara.
 - 3. Efnivara sem eyðst hafa við framleiðslu hinna innfluttu vara.
 - 4. Verkfræðivinnu, þróunar, iðnlistar, hönnunar, áætlana og uppdrátta sem unnið hefur verið annars staðar en hér á landi og nauðsynlegt er til framleiðslu hinna innfluttu vara.
- c. Einkaréttar- og leyfisgjöldum, sem tengd eru vörum þeim sem verið er að virða og kaupandi verður beint eða óbeint að greiða, sem skilyrði fyrir sölu þeirra, að svo miklu leyti sem þessi einkaréttar- og leyfisgjöld eru ekki innifalin í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber. Þetta tekur þó ekki til þess konar gjalda sem greidd eru fyrir framleiðslurétt á vörunni hér á landi.
- d. Verðmæti sérhvers ágóðahlutar af síðari endursölu, ráðstöfun eða notum hinna innfluttu vara sem rennur beint eða óbeint til seljanda.

Eftirtalið skal innifalið í tollverði:

 - a. Flutningskostnaður hinna innfluttu vara til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
 - b. Gjöld fyrir fermingu, affermingu eða meðferð hinna innfluttu vara vegna flutnings þeirra til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
 - c. Vátryggingarkostnaður.

Viðbætur við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber skal einungis ákvarða samkvæmt þessari grein á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.

Við ákvörðun tollverðs skal engu bætt við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber nema það sé unnt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

10. gr.

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sett nánari reglur um ákvörðun tollverðs eða viðskiptaverðs vara skv. 8. og 9. gr.

11. gr.

Kostnaði, gjöldum og öðrum útgjöldum, sbr. 9. gr., sem til verður þegar sendar eru í einu farmskrárnúmeri vörur sem flokkast í mismunandi tollskrárnúmer, skal jafnað hlutfallslega niður á einstakar vörur í sendingu miðað við verð þeirra á innkaupsstað nema innflytjandi leggi fram sundurliðaðan reikning um slíkan kostnað, gjöld og önnur útgjöld vegna einstakra vörutegunda.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er unnt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað sem sá framhaldsflutningur hefur haft í för með sér enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðaraukanum. Þá skal og heimilt að draga frá þann hluta flutningsgjalds sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu eða vegna þess að far affermir á fleiri stöðum en einum, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

12. gr.

Sé verð vara, sem flokka ber í mismunandi tollskrárnúmer og greiða ber af mismunandi háan toll, tilgreint í einni fjárhæð skal greiða af öllum vörunum þann tollhundraðshluta sem hvílir á þeirri vöru sem ber hæstan toll nema innflytjandi láti tollyfirvöldum í té upplýsingar sem þau meta fullnægjandi og byggja má ákvörðun á um tollverð einstakra vara í sendingu.

Tollafgreiðslugengi.

13. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð það tollafgreiðslugengi sem nota skal við umreikning tollverðs vöru eða hluta þess yfir í íslenskar krónur. Þar skal jafnframt kveðið nánar á um gildistíma, fresti, bráðabirgðatollafgreiðslu, tollafgreiðslu þegar engrar skráningar gengis nýtur og annað er lýtur að gengisviðmiðun við tollafgreiðslu. Tollafgreiðslugengi skal miða við sölugengi myntar sem skráð er af Seðlabanka Íslands þegar vara er tekin til tollmeðferðar, enda fari fullnaðartollafgreiðsla fram innan tiltekins frests. Þó skal heimilt að ákveða að tollafgreiðslugengi gildi í fyrir fram ákveðinn tíma, enda verði breytingar á skráðu sölugengi minni en 5% eða miða við það sölugengi myntar sem skráð er af Seðlabankanum og í gildi er þegar gjöld eru greidd.

Seðlabanki Íslands skal tilkynna fjármálaráðuneytinu daglega um sölugengi erlendarar myntar og fyrirhugaðar breytingar þar á.

V. KAFLI

Aðflutningsskýrsla og aðrar skýrslugjafir.

Aðflutningsskýrsla.

14. gr.

Innflytjandi, eigandi eða annar aðili, sem veitir innfluttri vöru viðtöku, skal afhenda viðkomandi tollyfirvaldi skriflega skýrslu, aðflutningsskýrslu, um vöruna í því formi sem ráðherra ákveður.

Aðflutningsskýrslu skal afhenda tollyfirvaldi áður en vara eða sending er tekin úr vörslu farmflytjanda, pósthöfnunar eða hún sett í tollvörugeymslu. Ráðherra getur þó í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum heimilað afhendingu pósthöfnunar og vara eða sendinga, sem ekki eru á farmskrá, án afhendingar aðflutningsskýrslu.

Í reglugerð eða með öðrum hætti getur ráðherra einnig heimilað afhendingu vöru eða sendingar án þess að á þeim tíma liggi fyrir aðflutningsskýrsla, enda hafi farmflytjandi skráð vöruna skv. 3. mgr. 53. gr., en aðflutningsskýrsla skal þá afhent tollyfirvaldi innan tiltekins frests sem ákveðinn er í reglugerð eða öðrum fyrirmælum.

15. gr.

Ráðherra getur í reglugerð eða öðrum fyrirmælum ákveðið að tiltekin atriði séu tilgreind í aðflutningsskýrslu, svo sem upplýsingar um innflytjandann sjálfan, vöru þá sem flutt er til landsins, flutningsfar, framleiðanda o.fl.

16. gr.

Innflytjandi eða umboðsmaður hans skal undirrita aðflutningsskýrslu og ber hann ábyrgð samkvæmt ákvæðum þessara laga á því að upplýsingar, sem þar eru veittar og veita ber í aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum, sem lögð eru og leggja ber fram lögum samkvæmt, séu réttar. Sama gildir um hvern þann sem undirritað hefur aðflutningsskýrslu sem afhent er tollyfirvaldi vegna tollmeðferðar vörusendingar.

Tollverðsskýrsla.

17. gr.

Sé verð það sem tilgreint er í vöru- eða sölureikningi ekki viðskiptaverð vöru, sbr. 8. gr., skal innflytjandi afhenda með aðflutningsskýrslu vegna ákvörðunar tollverðs sérstaka tollverðsskýrslu ef vara eða sending er endanlega tollafgreidd inn í landið. Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum ákveðið að tollverðsskýrsla sé afhent með aðflutningsskýrslu í öðrum tilvikum.

Tollverðsskýrslu skal innflytjandi gera skriflega á þar til gert eyðublað. Þegar heimilt er samkvæmt tollalögum að gefa aðflutningsskýrslu munnlega skal jafnframt heimilt að gefa munnlega tollverðsskýrslu. Ef upplýsingar þykja eigi fullnægjandi eða vafi þykir leika á um sannleiksgildi þeirra getur tollstarfsmaður krafist skriflegrar tollverðsskýrslu.

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um gerð eyðublaða fyrir tollverðsskýrslur og útfyllingu þeirra.

Vörureikningur.

18. gr.

Innflytjandi skal afhenda tollyfirvaldi frumrit eða samrit af vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu þegar afhendingar aðflutningsskýrslu er krafist skv. 14. gr. Falla má frá þessu skilyrði samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í þeim tilvikum þegar innflytjanda er send krafa vegna innflutnings vöru með öðrum hætti en bréflega, t.d. fjarskiptum (telex- eða telefaxkrafa). Tollyfirvald skal halda eftir nefndu reikningseintaki eða eintaki af kröfuskjali sem sent er í öðru formi.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að í vörureikningi skuli tilgreina tiltekin atriði sem varða innflutning vöru eða sendingar.

19. gr.

Einn og sami vörureikningur skal vera fyrir hverja innflutta sendingu, þ.e. einn vörureikningur yfir vöru eða sendingu á einu og sama farmbréfi eða undirfarmbréfi. Annist sendandi erlendis innkaup hjá einum eða fleiri aðilum fyrir viðtakanda hérlendis skal sendandi láta fylgja sendingunni einn heildarreikning yfir innkaupin, þóknun sína og annan útlagðan kostnað á sendingarstað, ásamt vörureikningi frá hverjum einstökum aðila sem keypt er hjá, og skulu þessir reikningar afhentir til tollmeðferðar ásamt heildarreikningi. Þessir vörureikningar skulu að öðru leyti fullnægja fyrirmælum sem sett kunna að verða skv. 2. mgr. 18. gr.

Farmbréf og önnur staðfestingarskjöl.

20. gr.

Innflytjandi vöru eða sendingar skal afhenda tollyfirvaldi farmbréf eða undirfarmbréf, reikning yfir umbúðakostnað, pökkunarlista, efnagreiningu og önnur skjöl og gögn sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og vörureikningi eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetningu hennar, magn og verð. Krefjast má þess að farmbréf eða undirfarmbréf sé afhent í fleirititi og má tollyfirvald þá halda eftir einu eintaki eða fleiri eftir þörfum. Tollyfirvald má gera afrit af staðfestingarskjölum ef ástæða þykir til.

Framkvæmd fríverslunar- og milliríkjasamninga um lækkun eða niðurfellingu tolla á vörum upprunnum í ákveðnum löndum má binda því skilyrði að innflytjandi leggi fram nauðsynlegar upplýsingar og sannanir fyrir uppruna varanna. Ráðherra getur í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum sett nánari reglur þar að lútandi, svo og hvernig nauðsynlegu tolleftirliti skuli komið við.

Skjöl vegna bráðabirgðatollafgreiðslu.

21. gr.

Nú gerir innflytjandi vöru það sennilegt að hann hafi ekki fengið þau gögn sem 18.–20. gr. taka til, eða þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda innflytjanda eða leyfa að afhenda innflytjanda vöru gegn því að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sem tollyfirvald ákveður, og afhendi eða leiðrétti gögn, sem misfellur eru á, innan hæfilegs tíma sem tollyfirvald tiltekur. Ef vanefndir verða á því má tollyfirvald ákveða gjöldin og taka fjártryggingu upp í þau.

Heimila má farmflytjendum eða öðrum aðilum, sem geyma ótollafgreiddar vörur, að afhenda á eigin ábyrgð vörusendingar án fullnaðartollafgreiðslu, enda sé afhending þeirra brýn og farmflytjandi taki tryggingu er nægi til greiðslu hins erlenda kaupverðs og allra ríkissjóðsgjalda og sé ábyrgur fyrir greiðslu þeirra ef innflytjandi stendur ekki sjálfur í skilum.

Ráðherra setur nánari reglur um bráðabirgðatollafgreiðslu og má þar ákveða að innheimta skuli sérstakt afgreiðslugjald.

22. gr.

Tollyfirvald getur neitað að taka við skjölum til tollmeðferðar ef aðflutningsskýrslu-eyðublað er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn ekki afhent eða öðrum settum skilyrðum um tollmeðferð vöru eða sendingar ekki fullnægt.

Skilafrestur aðflutningsskjala.

23. gr.

Innflytjandi skal skila tollyfirvaldi aðflutningsskýrslu ásamt tilheyrandi gögnum um vöru eða sendingu innan þess frests sem ákveðinn er í reglugerð.

Upplýsingaskylda.

24. gr.

Innflytjandi skal samkvæmt ákvörðun tollyfirvalds leggja fram eða veita aðgang að bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, bréfum, samningum og öðrum gögnum er varða innflutning vöru eða sendingar ef nauðsynlegt þykir til að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslu, vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind.

Öllum aðilum, bæði tollskyldum og öðrum, er skylt að láta tolfyrirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau fara fram á og snerta innflutning vöru eða sendingar. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða aðra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um.

25. gr.

Innflytjandi eða vörslumaður vöru eða sendingar skal inna af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð sem nauðsynleg er við tollmeðferð hennar að dómi tollstarfsmanna, svo sem að opna umbúðir og ganga frá þeim að nýju.

Tollyfirvaldi er heimilt að ráða ákveðna menn til að vinna og aðstoða við tollmeðferð vöru eða sendingar, svo sem að opna umbúðir og loka að nýju, og innheimta hjá innflytjendum þóknun fyrir þessi störf með aðflutningsgjöldum.

VI. KAFLI

Tollsvæði, tollumdæmi, tollhafnir, ríkistollstjóri, tollgæslustjóri, tollstjórar o.fl.

Tollsvæði.

26. gr.

Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra, svo og tólf sjómílna landhelgi umhverfis það eins og hún er afmörkuð skv. 1. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Til tollsvæðis ríkisins telst enn fremur loftrými yfir fyrrgreindu land- og hafsvæði.

Tollumdæmi.

27. gr.

Landið skiptist í þessi tollumdæmi:

1. Reykjavíkurtollumdæmi sem tekur yfir Reykjavík, Seltjarnarnes og Kjósarsýslu.
2. Akranestollumdæmi sem tekur yfir Akranes, Innri-Akraneshrepp, Skilmannahrepp og Hvalfjarðarstrandarhrepp.
3. Mýra- og Borgarfjarðartollumdæmi sem tekur yfir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að undanskildum Innri-Akraneshreppi, Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi.
4. Snæfellsnes- og Hnappadalstollumdæmi sem tekur yfir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Ólafsvík.
5. Dalatollumdæmi.
6. Barðastrandartollumdæmi.
7. Bolungarvíkurtollumdæmi.
8. Ísafjarðartollumdæmi sem tekur yfir Ísafjörð og Ísafjarðarsýslu að undanskildum Hóls-hreppi.
9. Strandatollumdæmi.
10. Húnavatnstollumdæmi.
11. Skagafjarðartollumdæmi sem tekur yfir Sauðárkrók og Skagafjarðarsýslu.
12. Siglufjarðartollumdæmi sem tekur yfir Siglufjörð og Hédinsfjörð.
13. Ólafsfjarðartollumdæmi.
14. Akureyrartollumdæmi sem tekur yfir Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðarsýslu.
15. Pingeyjartollumdæmi sem tekur yfir Húsavík og Pingeyjarsýslur.
16. Seyðisfjarðartollumdæmi sem tekur yfir Seyðisfjörð og Norður-Múlasýslu.
17. Neskaupstaðartollumdæmi.
18. Suður-Múlatollumdæmi sem tekur yfir Eskifjörð og Suður-Múlasýslu.

19. Skaftafellstollumdæmi.
20. Vestmannaeyjatollumdæmi.
21. Rangárvallatollumdæmi.
22. Árnestollumdæmi.
23. Keflavíkurtollumdæmi sem tekur yfir Grindavík, Keflavík, Njarðvík og Gullbringusýslu að undanskildum Keflavíkurflugvelli.
24. Keflavíkurflugvallartollumdæmi.
25. Hafnarfjarðartollumdæmi sem tekur yfir Hafnarfjörð og Garðakaupstað.
26. Kópavogstollumdæmi.

Ráðherra getur þó með reglugerð breytt mörkum tollumdæma ef sérstaklega stendur á.

Aðaltollhafnir og tollhafnir.

28. gr.

Eftirtaldir staðir eru aðaltollhafnir:

- | | |
|------------------|--------------------------|
| 1. Reykjavík | 8. Neskaupstaður |
| 2. Akranes | 9. Eskifjörður |
| 3. Ísafjörður | 10. Vestmannaeyjar |
| 4. Siglufjörður | 11. Keflavík |
| 5. Akureyri | 12. Keflavíkurflugvöllur |
| 6. Húsavík | 13. Hafnarfjörður |
| 7. Seyðisfjörður | |

Ráðherra ákveður með reglugerð hvar tollhafnir skuli vera, að fengnum tillögum ríkistollstjóra og tollgæslustjóra, enda sé fullnægt skilyrðum 64. gr.

Við ráðstöfun á hafnarsvæðum, hafnarlóðum og öðrum svæðum, sem ætluð eru til uppskipunar eða geymslu á ótollafgreiddum vörum, skulu sveitar- og hafnarstjórnir hafa samráð við ríkistollstjóra og tollgæslustjóra.

Séu skilyrði til tollefirlits og vörslu á vörum í aðaltollhöfn eða tollhöfn ófullnægjandi að dómi ríkistollstjóra og tollgæslustjóra falla tollhafnarréttindi hennar niður.

29. gr.

Þegar sérstaklega stendur á geta viðkomandi tollstjórar í samráði við tollgæslustjóra veitt til þess leyfi hverju sinni að ferma megi eða afferma vörur úr fari utan tollhafna. Þeim sem slíkt leyfi fær er skylt að hlíta þeim skilyrðum sem tollstjóri setur fyrir undanþágunni og greiða allan kostnað sem af henni leiðir. Tollgæslustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á og með sama hætti, leyft fari að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi utan aðaltollhafna.

Ráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð að vörur sem tollvilkna njóta samkvæmt ákvæðum sérlaga og tiltekna vörur, svo sem lyf, eiturefni og aðrar slíkar vörur, skuli aðeins tollafgreiddar á einum stað fyrir allt landið.

Yfirstjórn tollamála.

30. gr.

Yfirstjórn tollamála á tollsvæði ríkisins skal vera í höndum fjármálaráðherra og hefur hann jafnframt eftirlit með því að ríkistollstjóri, tollgæslustjóri og tollstjórar ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til að fá til athugunar aðflutnings- og útflutningsskýrslur og öll gögn varðandi þær og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu er varðar framkvæmd laga þessara. Sama skal gilda um framtöl og gögn varðandi þau sem um ræðir í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 10/1960, um söluskatt, og talin eru varða tollamál sem tekið hefur verið til athugunar.

Ríkistollstjóri, tollgæslustjóri og tollstjórar.

31. gr.

Tollheimtu og tolleftirlit samkvæmt lögum þessum annast tollstjórar hver í sínu tollumdæmi. Í Reykjavík er sérstakur tollstjóri en sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og sérstakur lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli eru tollstjórar í sínum umdæmum, nema annað leiði af ákvæðum 27. gr. Ráðherra getur ákveðið að tollstjórinn í Reykjavík gegni jafnframt starfi ríkistollstjóra og falið honum yfirstjórn ákveðinna þátta tollamála, eftir því sem henta þykir. Um störf ríkistollstjóra vísast til 32. gr.

32. gr.

Ríkistollstjóri skal auk þeirra starfa sem honum eru falin með öðrum ákvæðum laga þessara hafa eftirlit með störfum tollstjóra og gæta þess að samræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum. Hann skal setja þeim framkvæmda- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum og kynna þeim úrskurði og dóma sem þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra. Ríkistollstjóri skal gefa út og hafa til sölu fyrir almenning reglur og gögn sem hann metur að rétt sé að kynnt skuli almenningi.

Ríkistollstjóri getur af sjálfsdáðum kannað aðflutnings- og útflutningsskjöl og hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara um aðflutnings- og útflutningsgjöld eða aðra skatta eða gjöld sem álögð eru og innheimt af tollstjórum. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá tollstjórum.

Telji ríkistollstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun tollstjóra um eitthvað sem lýtur að gjaldtöku samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum, um gjöld og skatta sem tollstjórar leggja á og innheimta, getur hann ákvarðað innflytjanda eða útflytjanda gjöld og skatta að nýju eða falið það tollstjóra, enda séu skilyrði 98. og 99. gr. uppfyllt ef um hækkun gjalda er að ræða.

33. gr.

Við embætti tollstjórans í Reykjavík skal vera tollgæslustjóri og skal hann fullnægja skilyrðum um embættisgengi í 1.–6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

34. gr.

Auk þeirra starfa sem tollgæslustjóra eru sérstaklega falin samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða af ríkistollstjóra, skal hann fara með stjórn tollgæslunnar í tollumdæmum landsins og hvarvetna á tollsvæði ríkisins, svo og fjárreiður hennar, stjórn tollgæslumanna og hafa eftirlit með störfum þeirra og samræma þau.

Tollgæslustjóra er heimilt að senda tollgæslumenn í tollumdæmi landsins til tolleftirlits og er tollstjórum skylt að veita nauðsynlega aðstoð við framkvæmd þess.

Tollgæslustjóri skal kynna tollgæslumönnum nýmæli í lögum og reglum og aðrar nýjungar er varða störf þeirra. Hann skal hafa eftirlit með ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu, svo og flutningi á ótollafgreiddum varningi innanlands.

Tollstarfsmenn.

35. gr.

Tollyfirvöldum til aðstoðar eru tollgæslumenn og aðrir tollstarfsmenn. Tollgæslumenn skulu ráðnir til starfa hjá Tollgæslu Íslands.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um störf, starfssvið og stjórn tollstarfsmanna.

36. gr.

Utan Reykjavíkur eru fastir tollgæslumenn jafnframt skyldir til að gegna almennum löggæslustörfum eftir ákvörðun viðkomandi tollstjóra. Sama á við um fasta tollgæslumenn í

Reykjavík, að fengnu samþykki ráðherra. Ekki verða þó tollgæslumenn, sem skipaðir hafa verið í starf fyrir gildistöku laga nr. 56/1963, um lögreglumenn, skyldaðir til að gegna almennum löggæslustörfum gegn vilja sínum.

Með samkomulagi fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra má ákveða að lögreglumenn gegni jafnframt tollgæslustörfum þar sem henta þykir.

Fela má áhöfnum skipa og flugvéla Landhelgisgæslunnar að vinna við tollefirlit.

Þegar lögreglumönnum, starfsmönnum Landhelgisgæslunnar eða öðrum er falið að vinna tollgæslustörf, án þess að þeir hafi tollgæslu að aðalstarfi, hafa þeir sömu heimildir til starfa og gegna sömu starfsskyldum og fastir tollgæslumenn og lúta þeir þá yfirstjórn tollgæslustjóra.

Ríkistollanefnd.

37. gr.

Ráðherra skipar þrjú menn í ríkistollanefnd, þar af einn sem formann og skal hann fullnægja skilyrðum til þess að verða skipaður héraðsdómari. Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgóða þekkingu á tollamálum. Nefndarmenn skulu skipaðir til tveggja ára í senn.

Nefndin skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum um hvort tiltekin vara sé tollskyld eða tollfrjáls eða skuli teljast fremur til eins en annars tollskrárnúmers, svo og hvað telja skuli viðskiptaverð vöru, flutningsgjald eða annan eðlilegan kostnað sem fellur á vöru, sbr. þó 100. gr.

Um meðferð máls gilda ákvæði 101. gr.

38. gr.

Nefnd þeirri sem um ræðir í 37. gr. er heimilt að kveðja sér til aðstoðar við úrlausn ágreiningsmála sérfróða menn og krefjast upplýsinga samkvæmt ákvæðum laga þessara.

39. gr.

Enginn má taka þátt í rannsókn, kæru eða annarri meðferð máls eða ákvörðun aðflutnings- eða útflutningsgjalda eða annarra skatta, sem á er lagt vegna tollmeðferðar vöru, ef honum hefði borið sem héraðsdómara að víkja sæti í málinu.

Tollskóli ríkisins.

40. gr.

Við embætti tollstjórans í Reykjavík skal vera tollskóli er veiti tollstarfsmönnum kennslu í tollfræðum.

Gera má það að skilyrði fyrir veitingu í fasta stöðu að viðkomandi hafi lokið prófi frá skólanum.

Ráðherra setur reglugerð um námstilhögun og prófkröfur í skólanum.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um tollefirlit og meðferð ótollafgreiddrar vöru.

Almenn ákvæði um tollefirlit.

41. gr.

Þegar tollgæslumenn eru að störfum skulu þeir vera einkennisklæddir eða hafa í vörslum sínum og sýna, ef með þarf, einkennismerki sem ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina: „Tollmerki Íslands“. Tollfáninn er þjóðfáninn, klofinn að framan, með upphafstéi (T) í efri stangarreit fánans.

Tollstarfsmenn, sem koma fram í einkennisbúningi sínum, sýna framangreint einkennismerki eða draga tollfánann að hún, hafa á fullnægjandi hátt gefið til kynna að þeir séu tollgæslumenn að starfi.

Lögreglumenn og áhafnir skipa og flugvéla Landhelgisgæslunnar skulu veita tollgæslunni aðstoð og vernd við framkvæmd tollgæslustarfa.

Skylt er mönnum að verða við kvaðningu um aðstoð við tollgæslumenn á sama hátt og mælt er fyrir í lögum um aðstoð við lögreglumenn.

42. gr.

Tollgæslumönnum er heimil umferð hvarvetna um strendur landsins og meðfram þeim, um hafnar svæði og flugvelli. Þeir skulu hafa frjálsan og óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á vörum sem geymdar eru í vörugæmsluhúsum á framangreindum svæðum, svo og að öðrum húsum og stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar eða hafa verið geymdar. Enn fremur er tollgæslumönnum heimill aðgangur að atvinnuhúsnæði ef ætla má að þar séu geymdar vörur sem ekki hafa fengið löglega tollmeðferð.

Tollgæslumönnum er heimilt að veita þeim mönnum eftirför sem skjóta sér undan eða grunaðir eru um að hafa skotið sér undan tolleftirliti með innfluttar vörur, og mega af sjálfsdáðum framkvæma leit í húsum þegar um beina eftirför er að ræða og bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

43. gr.

Öll för sem eru á tollsvæði ríkisins eru háð eftirliti tollgæslunnar.

Tollgæslumönnum er heimilt að leita og rannsaka alls staðar í skipum og flugförum sem eru á tollsvæði ríkisins. Einnig er þeim heimilt að leita í öllum farartækjum sem eru á eða koma frá fermyngar- og affermyngarstöðum skipa og flugfara, svo og öðrum þeim stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar. Tollgæslumönnum er enn fremur heimilt að leita í öllum farartækjum sem þeir hafa grun um að flytji ólöglega innfluttar vörur.

Stjórnendum farartækja er skylt að stöðva þau þegar tollgæslumaður gefur um það merki.

Stjórnendum farartækja er skylt að veita tollgæslumönnum, sem eru að störfum við farartæki þeirra, alla þá aðstoð og hjálp sem þörf er á til þess að störfin gangi sem greiddast og gefa þeim nauðsynlegar upplýsingar. Þeim er einnig skylt að fara eftir fyrirmælum tollgæslunnar sem lúta að því að tryggja eftirlit með fermyngu og affermyngu.

44. gr.

Tollgæslumönnum er heimilt að leita á mönnum sem eru í farartækjum, húsum eða á svæðum eða á leið frá farartækjum eða stöðum þar sem tollgæslumönnum er heimil rannsókn og skoðun á vörum.

Leit á manni má aðeins framkvæma samkvæmt skipun æðsta tollgæslumanns sem er viðstaddur þegar leitarinnar er þörf. Skal framkvæma hana með svo mikilli tillitssemi sem unnt er, og má hún aldrei verða víðtækari en nauðsynlegt er vegna tolleftirlitsins. Við leit á manni getur viðkomandi krafist þess að ákveðið vitni sé tilkvatt. Við nákvæma leit á manni skal þess gætt að hún sé framkvæmd af persónu af sama kyni.

45. gr.

Tollgæslumönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur er flytjast til landsins, hvort sem um er að ræða vörur á farmskrá, pósthutning, farþegaflutning eða annað. Heimilt er að krefjast þess að vörurnar séu fluttar í húsakynni tollgæslunnar eða á annan tiltekinn stað þar sem tolleftirlit er framkvæmt og þeim framvísað þar til skoðunar.

Tollgæslumönnum er heimilt að skrá og merkja muni sem eru í íslenskum förum, hvort sem um er að ræða búnað þeirra eða einkaeign áhafnarinnar. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum ef þeir hverfa úr fari, nema gerð sé grein fyrir að þeir hafi farist eða verið fluttir úr farartækinu erlendis.

46. gr.

Tollgæslumönnum er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna, ef nauðsyn krefur.

Tollgæslumönnum er heimilt að handtaka mann sem staðinn er að eða grunaður um tollalagabrot og yfirheyra eða fá hann lögreglunni í hendur. Um rannsókn og yfirheyrslu og aðra meðferð máls gilda ákvæði laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

Rétt er tollgæslumönnum að leggja hald á muni sem teljast til sakargagna eða ætla má að hafi sönnunargildi í málum vegna tollalagabrota.

47. gr.

Heimilt er að innsigla eða setja læsingar tollgæslunnar fyrir farmrúm og vistageymslur farartækja, vörugymslur eða aðra staði þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar. Enn fremur að innsigla eða auðkenna ótollafgreiddar vörusendingar meðan á geymslu eða flutningi stendur. Skylt er stjórnendum farartækja og forstöðumönnum vörugymslna að veita toleftirlitsmönnum aðstoð við innsiglun og lokun, svo og að vekja athygli tollgæslumanna á þeim stöðum þar sem innsiglun eða læsing mundi ekki koma að haldi.

Tollgæslustjóri ákveður gerð innsigla og notkun þeirra.

Verði læsingu eða innsiglun ekki við komið geta tollyfirvöld krafist þess að varsla varanna eða flutningur fari fram undir toleftirliti á kostnað vörsluhafa eða farmflytjanda.

Innsigli eða læsingar sem tollgæslumenn setja má enginn nema tollgæslumaður rjúfa innan tollsvæðis ríkisins eða í fari á leið milli staða á tollsvæðinu.

48. gr.

Tollgæslumenn geta afkvíað far sem komið er í höfn eða á flugvöll, svo og bannað umferð á svæðum þar sem ferming eða afferming vöru fer fram eða farþegar fara um á leið til eða frá fari í utanlandsferðum. Þeir geta ákveðið að farþegar eða aðrir megi einungis fara úr fari eða stíga um borð á ákveðnum stað. Einnig geta þeir ákveðið, í samráði við hafnaryfirvald, að ferming eða afferming fars skuli fara fram á tilteknum stað í höfn er hentugastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

Oheimilt er að fara um borð í aðkomufar eða frá borði fyrr en tollgæslumaður leyfir.

Hverjum, sem staddur er á hafnarsvæði, flugvelli eða annars staðar þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar, ber að nema staðar þegar tollgæslumaður óskar þess og gera grein fyrir hvort hann hafi meðferðis ótollafgreiddar vörur.

49. gr.

Oheimilt er að flytja úr fari ótollafgreidda vöru sem ekki er á farmskrá, nema henni sé samtímis framvísað við tollgæsluna og leyfi fengið fyrir flutningi hennar úr farinu. Ákveða má að slíka vöru skuli flytja úr farinu innan ákveðins frests frá komu farsins og á þeim tíma og með þeim hætti sem tollgæslan tiltekur eða ákveðið verður í reglugerð.

Skylt er farþegum og áhöfn að skýra ótilkvaddir frá tollskyldum varningi sem þeir hafa meðferðis, opna töskur og aðrar umbúðir um farangur þegar tollgæslumaður óskar þess, taka upp úr þeim og veita alla aðstoð og gefa þær upplýsingar sem óskað er eftir.

Taki tollgæslan farangur eða föggur í sína vörslu til skoðunar síðar getur viðkomandi krafist þess að þær séu innsiglaðar þar til skoðun fer fram. Skal hlutadeigandi gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina.

50. gr.

Tollyfirvald getur krafðið hvern þann sem flytur eða ætla má að flytji inn vörur eða selur slíkar vörur um skýrslu varðandi þær.

Gjaldeyrisstofnunum, greiðslukortafyrirtækjum og öðrum sem annast gjaldeyrisviðskipti er skylt að láta tollyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur er þau óska eftir og unnt er að láta þeim í té.

Í reglugerð má ákveða að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum um leið og þær eru tollafgreiddar eða síðar til sönnunar því að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Þegar merking vöru er ákveðin skal ákveða þeim frest sem eiga slíkar vörur til að framvísa þeim við tollyfirvöld til merkingar. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

För í utanlandsferðum.

51. gr.

Skylt er aðkomufari að hafa fyrstu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn, sbr. þó 29. gr.

Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki fyrr en að fengnu leyfi tollgæslunnar sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnaryfirvöld og stjórnanda fars hvar í höfn skipið skuli leggjast. Flugför skulu afgreidd þar á flugvelli sem tollgæslan ákveður í samráði við flugvallarstjóra.

Aðkomufar má ekki hafa neitt samband við land eða menn úr landi fyrr en aðkomuafgreiðsla þess hefur farið fram og að fengnu leyfi tollgæslunnar.

Utan tollhafna mega íslensk för ekki taka við mönnum eða vörum úr aðkomuförum, hleypa mönnum út í þau né hafa við þau önnur samskipti, nema tilneydd séu.

Ef tollgæslumenn óska að komast um borð eða frá borði er stjórnanda fars skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

Tollyfirvaldi er heimilt, ef ástæða þykir til, að mæla svo fyrir að skip megi ekki liggja eða hafast við innan tollsvæðisins nema í tollhöfnum.

Far, sem statt er í neyð eða þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slyss áhafnar eða farþega, er undanþegið ákvæðum 1. mgr., en stjórnandi farsins skal þó tilkynna viðkomandi tollstjóra komu sína svo fljótt sem verða má og forðast öll ónauðsynleg samskipti við land þar til tollafgreiðslu er lokið.

52. gr.

Stjórnanda fars ber að tilkynna tollgæslunni um komu þess með hæfilegum fyrirvara.

Flugumferðarstjórnin skal gefa tollgæslunni allar nauðsynlegar upplýsingar um komu og brottför flugfara í utanlandsferðum. Slíkar upplýsingar skal jafnan gefa svo fljótt sem við verður komið. Flugumferðarstjórninni ber einnig að öðru leyti að veita tollgæslunni þá aðstoð sem unnt er í sambandi við framkvæmd starfa hennar.

Starfsmenn hafna og skipaðir hafnsögumenn skulu gefa tollgæslunni allar nauðsynlegar upplýsingar um ferðir skipa. Þeir skulu einnig gera henni viðvart, ef þeir í starfi sínu eða stöðu komast að því að brotin hafi verið eða brjóta eigi ákvæði laga þessara.

53. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð, hvenær og hvaða skjöl og skilríki stjórnanda fars í utanlandsferðum ber að afhenda tollgæslunni vegna aðkomuafgreiðslu og affermingar og fermingar þess, form þeirra, hvaða upplýsingar skuli þar veita og heimildir til breytingar á þeim. Skjöl vegna komu fars til landsins skulu vera frágengin við komu inn á tollsvæði ríkisins.

Stjórnanda fars ber að veita tollgæslunni allar upplýsingar sem þörf er á um farið, farm þess og farþega. Hann skal vísa á alla innganga í farmrúm svo og allar geymslur og aðra staði þar sem geyma má vörur og honum er eða ætti að vera kunnugt um.

Í reglugerð eða öðrum fyrirætlum má ákveða að farmflytjandi, miðlari eða annar umboðsmaður skrái innfluttar vörur áður en þær eru afhentar úr vörslu farmflytjanda, sbr. 3. mgr. 14. gr.

Heimila má að miðlarar eða aðrir umboðsmenn geti fyrir hönd stjórnanda fars afhent þau skjöl og gefið þær upplýsingar sem honum ber að annast samkvæmt lögum þessum.

Tollgæslunni er jafnan heimilt að taka í sína vörslu þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars svo og áhafnarskrá og önnur skjöl sem þörf er á. Skjöl þessi ber í hverri höfn að afhenda stjórnanda fars er hann hefur greitt lögboðin gjöld vegna þess og innt af hendi aðrar lögboðnar skyldur.

54. gr.

Vörur skulu settar á farmskrá til þeirrar hafnar þar sem þær eiga að flytjast úr farinu sem flytur þær hingað til lands.

55. gr.

Stjórnandi fars sem er í millilandaferðum skal við komu inn á tollsvæði ríkisins hafa í sinni vörslu og læsa inni forða og birgðir sem eru umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í farinu. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar sem ekki á að flytja í land og tollafgreiða. Stjórnandi fars ber ábyrgð á því að allt fari undir lás sem þar skal vera og ekkert hverfi undan lás.

Tollgæslunni er heimilt að innsigla þann varning sem um getur 1. mgr. og skráir þá tollgæslumaður það sem undir innsigli er sett.

Stjórnandi fars skal gera skrá yfir vörur skv. 1. mgr. við komu fars inn á tollsvæði ríkisins.

Setja má í reglugerð ákvæði um hvað telja beri hæfilegan forða og birgðir fars svo og venjulegan farangur áhafnar.

Verði far á leið til útlanda að snúa við til sama lands ber stjórnanda þess, ef innsigli hafa verið opnuð eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrr en tollgæslan hefur gefið leyfi til þess.

Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars nema aðflutningsgjöld séu greidd af slíku og fullnægt öðrum fyrirætlum um innflutning sem lög hafa að geyma.

56. gr.

Afferming fars er háð eftirliti tollgæslunnar og má ekki hefjast nema með leyfi hennar. Slíkt leyfi skal að jafnaði ekki veitt fyrr en afhent hafa verið tilskilin skjöl.

Við affermingu í neyð ber stjórnanda fars að tilkynna um hana strax og auðið er.

Að lokinni affermingu í hverri höfn er stjórnanda fars eða afgreiðslumanni þess skylt að láta tollgæslunni í té nákvæma skrá um talningu á þeim vörum sem affermdar hafa verið í höfninni. Sé talning þessi ekki framkvæmd má tollgæslan láta gera hana á kostnað farmflytjanda.

Finnist í fari ótollafgreidd vara sem ekki hefur verið gerð grein fyrir samkvæmt lögum þessum eða settum ákvæðum skal farmflytjandi greiða allan kostnað við leit í því og má kyrrsetja farið á hans kostnað uns leit er lokið. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða minni háttar ólöglegan innflutning í vörslum áhafnar eða farþega.

57. gr.

Tollgæslumenn geta jafnan ákveðið að með far, sem kemur frá innanlandshöfnum eða skip sem kemur af veiðum, skuli farið sem aðkomufar að því er tolleftirlit varðar.

58. gr.

Án leyfis tollgæslunnar má enginn ferma vörur í far sem ætlar til útlanda. Þetta nær þó ekki til afla sem tekinn er um borð í skip á veiðisvæðum.

Sé varan flutt í far án samþykkis tollgæslunnar ber stjórnanda farsins að afferma það aftur ef tollgæslan telur það nauðsynlegt vegna eftirlits með vörunni eða ákvörðun gjalda af henni.

59. gr.

Skip sem er á leið til útlanda skal hafa seinustu viðkomu hérlendis í aðaltollhöfn, sbr. þó 29. gr. Ákvæði þetta á ekki við um fiskiskip sem fer til veiða eða siglir til útlanda beint af veiðum og eingöngu með afla.

Áður en far leggur upp í ferð til útlanda ber stjórnanda þess að tilkynna tollgæslunni um það með hæfilegum fyrirvara.

60. gr.

Pegar lokið er á hverri höfn affermingu fars frá útlöndum ber stjórnanda þess innan frests sem ákveðinn verður með reglugerð að afhenda viðkomandi tollyfirvaldi skrá um alla sýnilega vöntun og skemmdir á vörum sem komið hafa í ljós við afferminguna. Tollyfirvald getur látið fara fram rannsókn á vöruvöntun og skemmdum eftir því sem við verður komið.

61. gr.

Skylt er eigendum eða umráðamönnum skipa og flugfara sem annast reglubundnar ferðir milli landa að leggja tollgæslunni til án endurgjalds nægilegt húsrými til eftirlits með farþegum og áhöfn. Kjósi tollgæslan að koma upp slíku húsrými ber þeim að greiða fyrir afnot þess eftir því sem ákveðið verður.

Kostnað við flutning tollgæslumanna frá tollstöð til og frá skipi við komu þess og brottför, svo og að og frá flugvelli við komu og brottför flugfars, ber eigendum eða umráðamönnum að greiða. Kostnaði þessum fylgir lögveð í förum.

Stjórnanda fars ber að sjá tollgæslumönnum, sem sendir eru með farinu hafna á milli til eftirlits, fyrir farrými og fæði endurgjaldslaut.

Ef stjórnandi fars, afgreiðslumaður eða útgerð fullnægja ekki skyldum sínum samkvæmt ákvæðum þessa kafla ber þeim að greiða tollgæslunni allan kostnað sem leiðir af þeim ráðstöfunum sem hún telur nauðsynlegar vegna vanrækslunnar. Kostnaði þessum fylgir lögveð í förum.

62. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til erlendra herskipa eða herflugfara sem leita hér hafnar. Stjórnendur þeirra eru þó skyldir til að gera tollgæslumönnum fullnægjandi grein fyrir að um herfar sé að ræða og má krefjast þess að slík greinargerð sé gefin skriflega.

Með þeim undantekningum sem leiða af varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, sbr. lög nr. 110/1951, eru för, sem í 1. mgr. getur, undanþegin innsiglun vista, birgða eða annars varnings um borð.

Áður en tollskyldar vörur eru fluttar í land úr förum sem um ræðir í 1. mgr. ber yfirmanni þeirra að afhenda tollgæslunni skrá um vörunar. Tollgæslan hefur sömu heimildir til hvers konar eftirlits með slíkum vörum, svo og öðrum varningi sem fluttur er til landsins.

Ákveða má að ákvæði þessarar greinar skuli einnig gilda að einhverju eða öllu leyti um önnur för en herskip og herflugför sem eru opinber eign og fara eingöngu í opinberum erindagerðum og flytja ekki vörur eða farþega gegn greiðslu.

Skemmtiferðaskip, sem koma hingað eingöngu með farþega og hvorki taka hér né setja í land farþega eða vörur, eru undanþegin ákvæðum um innsiglun forða enda greiði þau kostnað af tolleftirliti um borð.

Um vörslu og tollmeðferð aðfluttra vara.

63. gr.

Tollgæslunni er jafnan heimilt að taka ótollafgreiddar vörur í sína vörslu á kostnað farmflytjanda svo og til geymslu og tollafgreiðslu ef henta þykir.

Ákveða skal í reglugerð gjald fyrir geymslu og meðferð varanna. Einnig má þar setja ákvæði er tryggja tollafgreiðslu og brottflutning varanna án óeðlilegra tafa.

64. gr.

Eigendur eða umráðamenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur milli tollhafna innanlands, skulu hafa til umráða eða eiga aðgang að nægum geymslu- og afgreiðslustöðum fyrir slíkar vörur og skal þeim haldið þar aðgreindum frá öðrum varningi.

Geymslu- og afgreiðslustaðir þessir skulu viðurkenndir af viðkomandi tollstjóra og tollgæslustjóra. Skulu það vera hús eða afgirt svæði eftir eðli vörunnar, liggja vel við affermingu og eftirliti og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett verða um slíkar geymslur. Hús þessi og svæði má, ef þurfa þykir, setja undir lás tollgæslunnar og skal þannig frá þeim gengið að því verði auðveldlega við komið.

Þeim sem geyma ótollafgreiddar vörur er skylt að láta tollgæslunni ókeypis í té fullnægjandi aðstöðu í vörugeymslum sínum til tolleftirlits og rannsóknar á vörum og enn fremur þau áhöld og tæki sem nauðsynleg eru til slíks eftirlits að mati tollstjóra.

Ef geymsluhús eða svæði eru ekki í fullnægjandi ásigkomulagi á hverjum tíma, og geymsluhafi bætir ekki úr því innan þess frests sem tollstjóri tiltekur, getur hann látið bæta úr ágöllum á kostnað geymsluhafa eða svipt hann rétti til að nota geymsluna.

Sé ótollafgreidd vara flutt úr fari í geymsluhús eða á svæði sem er það langt frá farinu að þaðan má ekki fullkomlega fylgjast með flutningi varanna á geymslustaðinn að dómi tollgæslunnar ber stjórnanda fars að greiða þann aukakostnað sem leiðir af þeim öryggisráðstöfunum sem tollgæslan telur nauðsynlegar til að tryggja fullt eftirlit með flutningi varanna á geymslustaðinn.

Viðkomandi tollstjóri og tollgæslustjóri geta heimilað farmflytjendum að leggja hér á land vörur og geyma í sérstökum vörugeymslum meðan þær bíða hér framhaldsflutnings.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um vörugeymslur og vörslu ótollafgreiddrar vöru. Má þar ákveða viðurlög við því ef afgreiðslumenn eða aðrir óhlýðnast settum fyrirmælum um vörslu og meðferð ótollafgreiddrar vöru.

Geymsluhöfum ber að greiða ríkissjóði kostnað við tolleftirlit í vörugeymslum sínum eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð.

65. gr.

Útan þeirra húsa eða geymslusvæða sem tollgæslan rekur eða viðurkennd hafa verið skv. 64. gr. er óheimilt að geyma ótollafgreidda vöru, nema að fengnu sérstöku leyfi viðkomandi tollstjóra. Þeim er slíkt leyfi fær skal skylt að hlíta þeim skilyrðum sem tollstjórinn í samráði við tollgæslustjóra setur fyrir leyfinu og greiða allan kostnað við eftirlit með vörunni.

66. gr.

Stjórnendum farartækja, skipaafgreiðslum og öðrum, sem hafa ótollafgreiddar vörur í sínum vörslum til flutnings eða geymslu, er óheimilt að afhenda þær viðtakanda eða láta þær á annan hátt af hendi úr vörugeymslu eða farartæki án leyfis tollstjóra.

67. gr.

Eigandi eða umráðamaður farartækis eða vöruheymslu ábyrgist greiðslu á aðflutningsgjöldum af vörum sem hafa verið afhentar eða teknar í notkun án þess að gætt hafi verið ákvæða laga þessara og má gera lögtak í eignum þeirra fyrir aðflutningsgjöldunum ásamt kostnaði.

68. gr.

Póststjórnin annast vörslu á ótollafgreiddum póstsendingum.

Um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands.

69. gr.

Farmflytjanda sem flytur vöru til landsins er heimilt án sérstaks leyfis tollstjóra að flytja hana milli viðurkenndra vöruheymslna, sbr. 64. gr., svo og milli tollumdæma, enda sé hún flutt til ákvörðunarstaðar sem er tollhöfn og í viðurkennda vöruheymslu, sbr. þó 29. gr. Farmflytjandi skal þegar tilkynna viðkomandi tollstjórum um slíkan flutning.

Flutningur á póstsendingu sem er í vörslu póststjórnarinnar er einnig heimill án sérstaks leyfis tollstjóra.

70. gr.

Ríkistollstjóri getur veitt öðrum en þeim sem um ræðir í 69. gr. sérstakt leyfi til að annast flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands. Slíkt leyfi má m.a. binda því skilyrði að ríkissjóði sé sett trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, svo og að slíkar vörur megi aðeins flytja með sérstaklega útbúnum farartækjum.

71. gr.

Sá sem annast framhaldsflutning á ótollafgreiddri vöru skv. 69. og 70. gr. ber ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af henni.

72. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flutning á ótollafgreiddum vörum skv. 69.–71. gr., m.a. um tilkynningu til tollstjóra um flutning og hvaða skjöl og skilríki skuli afhent tollstjóra vegna slíks flutnings.

VIII. KAFLI

Tollvöruheymslur.

Almennar tollvöruheymslur.

73. gr.

Ráðherra getur heimilað sveitarfélögum, félögum eða einstaklingum að koma á fót og reka almenna tollvöruheymslu. Leyfi skal binda því skilyrði að þeir aðilar, sem í 74. gr. getur, eigi þess kost að fá leigð afnot af geymslum með kjörum sem ráðherra samþykkir. Ákvæði 64. gr. gilda um geymslur þessar eftir því sem við getur átt.

Ráðherra er heimilt að ákveða að tollgæslan stofni og reki almennar tollvöruheymslur á höfnum þar sem þess þykir þörf og húsakynni og aðrar aðstæður eru fyrir hendi til að reka slíkar geymslur. Í geymslum þessum lætur tollgæslan þeim aðilum, er í 74. gr. getur, í té aðstöðu til að koma aðfluttum vörum í tollgeymslu gegn leigu- og eftirlitsgjaldi sem ákveðið skal í reglugerð.

Leyfi til reksturs almennrar tollvöruheymslu má binda því skilyrði að leyfishafi setji ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem leiða kann af geymslu ótollafgreiddra vara þar.

74. gr.

Innflytjendur geta komið vörum í almennar tollvöruheymslur án undanfarandi greiðslu aðflutningsgjalda. Vörur, sem settar eru í slíkar geymslur, skulu hljóta endanlega tollafgreiðslu áður en þær eru fluttar úr geymslunni nema þær séu fluttar til annarra tollhafna eða milli tollvöruheymisla samkvæmt þeim reglum sem gilda um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands. Einnig er heimilt að flytja vörur milli almennra tollvöruheymisla, eða úr slíkri geymslu í tollfrjálsar forðageymslur, og í birgðageymslur tollfrjálsra verslana.

Sé heimilt að endurgreiða gjöld af hráefni í innlenda vöru við útflutning hennar skal heimilt að setja slíkar útflutningsvörur í tollvöruheymslur og endurgreiða framangreind gjöld þegar varan er komin í tollvöruheymisla.

Vöru, sem sett hefur verið í almenna tollvöruheymislu, skal tollafgreiða endanlega innan þriggja ára frá komudegi flutningsfars til landsins. Ráðherra getur þó í reglugerð ákveðið annan frest ef sérstakar ástæður mæla með því.

Tollfrjálsar forðageymslur.

75. gr.

Ráðherra getur leyft skipaútgerðum og flugfélögum, sem eiga farartæki að staðaldri í förum milli Íslands og annarra landa, að geyma vistir, útbúnað og annan forða fyrir þau farartæki í tollfrjálsum forðageymslum án greiðslu aðflutningsgjalda.

Ákvæði 1. mgr. taka ekki til veiðiskipa sem sigla með eigin afla á erlendan markað.

76. gr.

Í tollfrjálsar forðageymslur má setja eftirtaldar vörur:

- a. Vörur sem fluttar eru inn í því skyni.
- b. Vörur sem keyptar eru hérlendis ótollafgreiddar og fluttar eru í geymisla úr almennri tollvöruheymislu eða úr vöruheymislu skipa- eða flugfélags sem hefur heimild til að geyma ótollafgreiddar vörur.
- c. Vörur úr birgðum skipa eða flugvéla geymisluhafa.
- d. Innlendar framleiðsluvörur.

Þegar heimilt er að endurgreiða gjöld af hráefni í vöru við útflutning má einnig endurgreiða þessi gjöld þegar vöru hefur verið komið í tollfrjálsa forðageymislu.

77. gr.

Úr tollfrjálsri forðageymislu má aðeins flytja vörur sem birgðaförða beint í farartæki sem er í utanlandsferðum, enda verði vörurnar einungis notaðar í því farartæki. Í reglugerð getur ráðherra leyft sölu birgða og annars forða í innlend farartæki sem að staðaldri eru í utanlandsferðum eða erlend farartæki sem hér hafa skamma viðdvöl, svo og endurútflutning eða endursendingu á þessum vörum. Enn fremur má ef sérstaklega stendur á, t.d. ef vörur liggja undir skemmdum, heimila tollafgreiðslu á þeim til neyslu eða sölu innanlands, að fullnægðum lögboðnum innflutningsskilyrðum.

78. gr.

Vörur úr tollfrjálsri forðageymislu má senda í veg fyrir skip og önnur farartæki til annarra tollhafna ef fylgt er þeim skilyrðum sem tolyfirvöld setja hverju sinni um eftirlit og tryggilegan umbúnað við flutninginn. Undanskilja má vissa vöruflökka slíkum flutningi.

Tollfrjálsar verslanir.

79. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkflugvelli og á Keflavíkflugvelli í tengslum við farþegaflutning milli landa. Birgðir þeirra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

Tollfrjálsum verslunum er eingöngu heimilt að selja vörur sínar farþegum og áhöfnum millilandafara. Fyrirskipa má að vörur þessar séu afhentar kaupanda í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum sem kaupandi ber ábyrgð á, að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrir en komið er út fyrir tollsvæði ríkisins. Enn fremur er verslunum sem hér um ræðir heimilt samkvæmt reglum er ráðherra setur að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis.

Verslanir og birgðageymslur samkvæmt þessari grein eru háðar tolleftirliti og gilda um birgðageymslurnar ákvæði laga þessara, eftir því sem við á.

Ráðherra getur heimilað einkasölu ríkisins að selja skipum og flugvélum í utanlandsferðum vörur sínar sem neysluförða tollfrjálst og samkvæmt sérstökum reglum um álagningu. Einkasölu ríkisins skulu endurgreidd aðflutningsgjöld af þeim vörum sem þannig eru seldar.

Leyfi til reksturs tollfrjálsrar verslunar má binda því skilyrði að leyfishafi setji ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem leiða kann af geymslu ótollafgreiddra vara þar.

Almenn ákvæði um tollvöruheymslur.

80. gr.

Tollgæslan getur, hvenær sem er, gert birgðatalningu í tollvöruheymslum. Geymsluhafi eða leyfishafi skulu leggja til þá aðstoð sem þarf til að talning verði framkvæmd.

Geymsluhafi og leyfishafi eru skyldir til að sýna tollgæslunni birgðabókhald sitt hvenær sem krafist er. Þeir eru skyldir til að gefa tollgæslumönnum hverjar þær upplýsingar sem óskað er eftir varðandi geymsluvörur og veita þeim hvers konar aðstoð við eftirlitsstörf þeirra.

81. gr.

Óheimilt er að flytja vörur í tollvöruheymslu nema fyrir liggi skriflegt leyfi tollstjóra í því tollumdæmi þar sem tollvöruheymslan er. Ákvæði þetta gildir þó ekki um vörur sem fluttar eru í tollfrjálsa forðageymslu úr birgðaförða fars.

82. gr.

Vörur má ekki flytja úr tollvöruheymslu nema fyrir liggi skriflegt leyfi tollstjóra í því tollumdæmi þar sem tollvöruheymslan er. Ákvæði þetta gildir hvorki um vörur í tollfrjálsum forðageymslum né um vörur sem seldar eru úr tollfrjálsum verslunum.

83. gr.

Geyma má í tollvöruheymslum vörur sem einkasala ríkisins nær til liggi fyrir leyfi viðkomandi einkasölu.

84. gr.

Óheimilt er að neyta varnings sem er í tollvöruheymslu eða nota hann á annan hátt innan tollvöruheymslunnar.

85. gr.

Aðflutningsgjöld miðast við það vörumagn sem sett var í tollvöruheymslu.

Komi fram vöntun á vörum sem leyfi hefur verið veitt til að settar verði í tollvöruheymslu, hvort sem vöntun kemur fram við flutning í eða eftir að þær hafa verið settar í tollvöruheymslu, er geymsluhafi eða leyfishafi skyldur að greiða af þeim aðflutningsgjöld. Um skemmdir eða rýrnun gilda ákvæði 9. tölul. 6. gr.

86. gr.

Ákveða má í reglugerð lágmark þess vörumagns sem hverju sinni má setja í tollvöruheymslu eða taka úr henni. Ekki má þó leyfa að vörur séu teknar úr venjulegum heildsöluumbúðum í tollvöruheymslu til að skipta þeim í smærri einingar til tollafgreiðslu. Heimilt skal þó að taka úr geymslu sýnishorn af vöru þótt í smærri stíl sé en hér var greint, samkvæmt reglum sem um það verða settar.

87. gr.

Ákvæði V. kafla um aðflutningsskýrslur og aðra skýrslugjöf og almenn ákvæði VII. kafla um tollefirtlit og meðferð ótollafgreiddra vara skulu gilda eftir því sem við getur átt um vörur sem settar eru í tollvöruheymslur.

88. gr.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um birgðabókhald og aðra bókfærslu í sambandi við tollvöruheymslur. Á sama hátt skal setja reglur um tollafgreiðslu vara í tollvöruheymslu og færslu vara milli tollvöruheymslna.

89. gr.

Þeim sem leyfi hafa til reksturs tollvöruheymslu ber að greiða ríkissjóði kostnað við tollefirtlit með tollvöruheymslu eða vörum í henni eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð.

IX. KAFLI

Tollfrjáls svæði.

90. gr.

Ríkisstjórnin getur heimilað að komið verði upp tollfrjálsum svæðum, frísvæðum. Ákvæði 73. gr. skulu gilda um slíka leyfisveitingu.

91. gr.

Eigendum frísvæðis er skylt:

- a. Að geyma vörur í húsnæði eða á athafnasvæði sem samþykkt er af tollyfirvöldum eða á annan þann hátt er tollyfirvöld ákveða.
- b. Að sjá til þess að ótollafgreiddar vörur fari hvorki út af frísvæðinu án leyfis tollyfirvalda né verði notaðar á annan veg en leyfilegt er.
- c. Að færa þær skrár og gefa þær upplýsingar um rekstur frísvæðisins sem tollyfirvöld ákveða.
- d. Að láta í té þá aðstoð sem til þarf við eftirlit með starfsemi frísvæðisins og til skoðunar á vörum sem þar eru geymdar.

92. gr.

Vörur sem geymdar eru á frísvæði geta hlotið þar aðvinnslu vegna verslunar með þær, m.a. til að auka gæði þeirra eða viðskiptavirði. Ráðherra setur nánari reglur um slíka aðvinnslu.

Einkaneysla eða einkanot á vörum sem fluttar hafa verið inn á frísvæði án greiðslu aðflutningsgjalda eða gegn endurgreiðslu gjalda er óheimil. Ákvæði þetta á þó ekki við um leyfileg not af tollfrjálsum forða fars. Kaup eða sala svo og hvers konar afhending eða viðtaka á nefndum vörum til slíkra nota er jafnframt óheimil á frísvæðinu.

93. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur um flutning á vörum inn á frísvæði og ákveðið að sérstakt fyrirkomulag skuli gilda um geymslu þeirra og flutning þar.

94. gr.

Flutning vöru til og frá frísvæði skal tilkynna viðkomandi tollyfirvaldi. Um flutning vöru af frísvæði í tollvörugeymslur gilda ákvæði VIII. kafla.

95. gr.

Aðflutningsgjöld af vöru sem tekin er til tollmeðferðar vegna sölu eða afhendingar eða eigin nota hér á landi miðast við tollflokun hennar samkvæmt tollskrá þegar hún er tekin til tollmeðferðar, sbr. 2. mgr. 1. gr.

96. gr.

Ákvæði VII. kafla um tolletfirlit og meðferð ótollafgreiddra vara gilda um frísvæði eftir því sem við getur átt, m.a. um umferð og flutning vara milli frísvæðis og annarra staða tollsvæðisins.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um gæslu frísvæða og um nauðsynlegar takmarkanir á umferð til þeirra og frá.

X. KAFLI

Álagning tolla, úrskurður tollstjóra, kærur o.fl.

Álagning tolla.

97. gr.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að innflytjandi skuli reikna út tolla í aðflutningsskýrslu sem greiða ber við innflutning af tollverði vöru eða sendingar samkvæmt ákvæðum laga þessara svo og þau gjöld önnur sem á eru lögð við innflutning. Tollyfirvald endurskoðar álagningu innflytjanda og má leiðrétta augljósar reikniskekkjur, hvort sem þær snerta einstaka liði í aðflutningsskýrslu eða heildarniðurstöðu, svo og einstaka aðra liði í aðflutningsskýrslu, enda séu óyggjandi upplýsingar fyrir hendi.

98. gr.

Komi í ljós eftir að aðflutningsskýrsla hefur verið afhent tollyfirvaldi að hún eða einstakir liðir hennar eða fylgiskjöl séu ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmæltan hátt eða ófullnægjandi undirrituð eða tollyfirvald telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal skora á innflytjanda að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta skriflega í té skýringar og þau gögn sem tollyfirvald telur þörf á að fá. Ef eigi er bætt úr nefndum annmörkum á fullnægjandi hátt skal tollyfirvald áætla tollverð vöru og aðflutningsgjöld samkvæmt meginreglum laga þessara. Sama skal gert ef aðflutningsskjölum er ekki skilað vegna innflutnings á vöru eða sendingu.

Telji tollyfirvald, þegar svo stendur á sem um ræðir í 1. mgr., að mat vegna ákvörðunar tollverðs eða annarra atriða sem varða tollmeðferð vöru sé eigi á færi annarra en sérfróðra manna skal tollyfirvaldi heimilt án dómkvaðningar að láta mat fara fram á kostnað innflytjanda. Um matið skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 85/1936, um

meðferð einkamála í héraði. Tollyfirvaldi er einnig heimilt að láta fara fram á kostnað innflytjanda sérfræðilega rannsókn á vöru sé það talið nauðsynlegt vegna tollflokunar hennar.

99. gr.

Hafi tollyfirvald heimilað afhendingu vöru eða sendingar og hún verið tekin úr vörslu farmflytjanda eða pósthöfnunar og innflytjandi látið í té í aðflutningsskýrslu sinni og meðfylgjandi gögnum fullnægjandi upplýsingar sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á er óheimilt að endurávarða innflytjanda aðflutningsgjöld, nema innflytjandi óski innan 60 daga frá því að heimild var veitt til afhendingar eftir endurákvörðun tolls eða tollyfirvald tilkynni innflytjanda endurákvörðun sína innan sama tíma.

Endurákvörðun tolla og annarra gjalda sem innheimt eru við innflutning skal þó heimil þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hafi innflytjandi fengið vöru tollafgreidda samkvæmt reglum um einfaldari tollmeðferð vöru. Sama gildir hafi innflytjandi ekki áður flutt inn sams konar vöru og fengið tollafgreidda eða vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru eða sendingar, t.d. flutt sams konar eða svipaða vöru til landsins áður og fengið tollafgreidda undir ákveðnu tollskrárnúmeri án athugasemda eða með samþykki tollyfirvalds en tollflokkað þá vöru eða sendingu sem endurávarða á aðflutningsgjöld á undir annað tollskrárnúmer án samþykkis tollyfirvalds eða úrskurður um tollflokun sams konar vöru verið kveðinn upp og birtur. Sama skal gilda sé framlögðum gögnum áfátt, sbr. 1. mgr. 98. gr., og gjöld þannig vanreiknuð við tollafgreiðslu.

Tilkynna skal innflytjanda endurákvörðun aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein með ábyrgðarbréfi.

Úrskurður tollstjóra.

100. gr.

Telji innflytjandi tollverð, tollflokun eða aðflutningsgjöld eigi rétt ákveðin skal hann, áður en úrskurðar er leitað skv. 101. gr., senda skriflega kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til viðkomandi tollstjóra. Kæru skal því aðeins taka til greina að vara eða sending sé í vörslu farmflytjanda eða pósthöfnunar eða tollstjóri hafi veitt sérstaka heimild til afhendingar hennar þrátt fyrir framkomna kæru. Úrskurða skal um kæru innan 30 daga frá því að hún berst. Úrskurður tollstjóra skal rökstuddur og sendur kæranda í ábyrgðarbréfi. Ríkistollstjóra skal þegar sent afrit af úrskurðinum.

Kærur vegna úrskurðar tollstjóra.

101. gr.

Úrskurði tollstjóra má skjóta til ríkistollanefndar, sbr. 37. gr. Kærufrestur skal vera 30 dagar talið frá uppkvaðningu.

Kærur skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Vanreifun varðar frávísun.

Nefndin skal tafarlaust senda ríkistollstjóra endurrit eða ljósrit af kæru innflytjanda og þeim gögnum sem kunna að fylgja kæru hans. Skal nefndin gefa aðilum kost á að koma fram með andsvör sín og gögn innan hæfilegs frests.

Ríkistollstjóri skal koma fram fyrir hönd ráðherra gagnvart nefndinni og skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum að því marki sem ástæða er talin til. Greinargerðin skal send nefndinni innan þess frests sem hún ákveður.

Nefndin getur ákveðið málflutning ef mál er flókið eða yfirgripsmikið og má hann vera munnlegur. Um málflutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, um vanhæfi, aðstoð sérfróðra manna o.fl., eftir því sem við á.

Telji nefndin mál ekki nægilega upplýst getur hún beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringar.

Berist nefndinni kæra og hún er rökstudd með tollskjölum, sem ekki hafa sætt efnisúrlausn hjá tollstjóra, getur nefndin sent kærana til tollstjóra til uppkvaðningar úrskurðar að nýju. Nefndin skal tilkynna aðila um þá ákvörðun.

Nefndin skal hafa úrskurðað í öllum kærum innan 30 daga frá því að þær bárust henni, nema því aðeins að viðhafður sé munnlegur málflutningur, en þá skal kveða upp úrskurð innan 30 daga frá málflutningi, þó þannig að heildarmálsmeðferð sé aldrei lengri en 60 dagar. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig að aðilar megi sjá á hvaða kæruatriðum og heimildum tollflokkanum, tollverð eða álagning sé byggð.

102. gr.

Nefndin skal gefa út úrskurði sína árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í útgáfu þessari. Útdrætti úr úrskurðum skal birta í Lögbirtingablaði, enda hafi þeir almennt gildi.

Nefndin skal úrskurða kærur um gjöld sem tollstjórar leggja á innfluttar vörur samkvæmt ákvæðum annarra laga. Gilda ákvæði þau sem að framan eru rakin um slíkar kærur eftir því sem við á.

Málskot til almennra dómstóla um úrlausnarefni sem farið hefur fyrir nefndina frestar eða breytir ekki niðurstöðum hennar fyrir en dómur er genginn.

XI. KAFLI

Innheimta aðflutningsgjalda o.fl.

Gjalddagi, greiðslufrestur og greiðslustaður.

103. gr.

Aðflutningsgjöld, af öðrum vörum en þeim sem heimild hefur verið veitt til að settar séu í tollvörugeymslu, falla í gjalddaga þegar tollstjóra hefur verið afhent aðflutningsskýrsla yfir vöru ásamt tilskildum gögnum, sbr. V. kafla, eða leyfi verið veitt til afhendingar vöru, sbr. 2. mgr. 14. gr., þó eigi síðar en einu ári talið frá komudegi flutningsfars til landsins.

Aðflutningsgjöld af vörum sem heimilað hefur verið að setja í tollvörugeymslu falla í gjalddaga þegar beiðni um úttekt ásamt tilskildum gögnum hefur verið afhent tollstjóra, sbr. 87. gr.

Um eindaga aðflutningsgjalda fer samkvæmt ákvæðum 108. og 109. gr., sbr. 105. gr.

Greiða skal í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri (sendingarnúmeri). Þó skal samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur heimila innflytjanda greiðslu aðflutningsgjalda af vöru sem er hluti vörusendingar í farmskrárnúmeri, enda hafi verið gefið út undirfarmskírteini eða undirflugfarmbréf vegna vörunnar eða aðstæður verða að öðru leyti taldar þess valdandi að ástæða sé til þess að veita innflytjanda heimild til tollafgreiðslu á hluta vörusendingar.

104. gr.

Sé vara flutt inn til einkanota eða einkaneyslu skulu aðflutningsgjöld ávallt greidd þegar heimild til afhendingar hennar er veitt.

Sé varan flutt inn af aðila sem ekki á lögheimili hér á landi skulu aðflutningsgjöld greidd þegar heimild til afhendingar vöru er veitt.

Sé bú innflytjanda tekið til gjaldþrotaskipta, til meðferðar vegna nauðasamninga eða samkvæmt ákvæðum III. kafla í lögum nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., skulu aðflutningsgjöld greidd þegar heimild til afhendingar vöru er veitt. Sama gildir sé innflytjandi ekki fjár síns ráðandi eða komi í ljós við aðför eða með öðrum hætti að innflytjanda vöru er tímabundið ómögulegt að greiða skuldir sínar eða hefur óskað eftir greiðslustöðvun.

105. gr.

Sé vara tekin úr vörslu farmflytjanda, úr tollvörugeymslu, tekin til notkunar eða flutt brott af frísvæði án þess að leyfi tollstjóra liggja fyrir eru aðflutningsgjöld þegar fallin í eindaga.

Þegar atvik eru eins og um ræðir í 1. mgr. skulu aðflutningsgjöld af viðkomandi vöru reiknuð út samkvæmt tollafgreiðslugengi sem í gildi var á komudegi flutningsfars til landsins hafi vara verið í vörslu farmflytjanda eða innflytjanda, en hafi hún verið sett í tollvörugeymslu eða flutt á frísvæði skulu aðflutningsgjöld reiknuð út samkvæmt því tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar tollstjóri veitti leyfi til flutnings vöru þangað, nema sannað sé á fullnægjandi hátt að mati tollstjóra að nefnd atvik séu síðar til komin. Reikna skal frá sama tíma dráttarvexti af aðflutningsgjöldum þannig útreiknuðum. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986. Að öðru leyti skal farið með mál þessi samkvæmt ákvæðum XIV. kafla.

106. gr.

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra þar sem varan er flutt úr fari því sem hana flytur til landsins og skal það gert áður en heimild til afhendingar vöru er veitt, sbr. þó 109. gr. Sé vara framsend ótollafgreidd, sbr. VII. kafla, skal þó greiða gjöldin í því umdæmi sem varan er send til.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað innflytjanda að greiða aðflutningsgjöld í öðru tollumdæmi, enda sé fullnægjandi gögnum varðandi tollmeðferðina framvísað hjá tollstjóra í því tollumdæmi þar sem varan er geymd.

Hafi innflytjanda verið veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skv. 109. gr. skal hann greiða aðflutningsgjöld sem hann er skuldfærður fyrir í öðru tollumdæmi hjá þeim tollstjóra þar sem hann hefur verið skráður skv. 110. gr.

107. gr.

Póstafgreiðslumenn innheimta aðflutningsgjöld af póstsendingum samkvæmt reglum sem ráðherra setur.

108. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðins tíma frá komudegi hennar til landsins, hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu eða flutt á frísvæði. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöruflokkanna tollafgreiðslu innan þessara tímamarka. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið að leggja skuli viðurlög við því ef skyldu samkvæmt ákvæðum reglugerðar, settrar samkvæmt þessari málsgrein, er ekki fullnægt, svo sem stöðvun tollafgreiðslu til hlutadeigandi aðila. Þar má einnig ákveða að hafi aðflutningsgjöldin ekki verið greidd innan 30 daga frá eindaga eins og hann verður ákveðinn samkvæmt þessari grein megi töllyfirvald láta selja vöruna á uppboði, er fari fram skv. 111. gr., og áætla tollverð hennar hafi fullnægjandi aðflutningsgjöld um vöruna ekki verið lögð fram.

109. gr.

Fjármálarráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum heimilað tollstjórum að veita innflytjendum sem flytja inn vörur í atvinnuskyni, þar á meðal umboðsmönnum þeirra og miðlurum, svo og innflytjendum sem stunda framleiðslu vara eða viðgerðarþjónustu í atvinnuskyni og flytja inn aðföng til starfsemi sinnar, greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum vörum, enda hafi þeir verið skráðir skv. 110. gr. Ráðherra getur í reglugerð ákveðið hvað telja skuli aðföng í þessu tilliti. Heimild til greiðslufrests má jafnframt binda því skilyrði að innflytjandi sanni með fullnægjandi hætti að aflað hafi verið þeirra leyfa sem lög

kunna að áskilja varðandi heimild til atvinnurekstrar og innflutningur hans á næstliðnu ári hafi að magni eða verðmæti náð tilteknu lágmarki.

Heimild til greiðslufrests má binda því skilyrði að sett sé fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda í formi bankaábyrgðar. Falla má síðar frá þessu skilyrði hafi ekki komið til vanskila af hálfu innflytjanda sem haft hefur greiðslufrest á aðflutningsgjöldum í minnst sex mánuði og hann uppfyllt að öðru leyti önnur skilyrði sem sett kunna að verða í reglugerð. Heimild til greiðslufrests fellur niður þegar ákvæði 3. mgr. 104. gr. eiga við.

Uppgjörstímabil vegna greiðslufrests á aðflutningsgjöldum samkvæmt þessari grein skal vera almanaksmánuður og skal greiða í einu lagi aðflutningsgjöld af vörusendingum sem heimilud hefur verið afhending á í sama mánuði gegn greiðslufresti. Aðflutningsgjöld vegna hvers uppgjörstímabils skulu greidd í síðasta lagi fimmtánda dag næsta mánaðar eftir að uppgjörstímabili lýkur. Séu aðflutningsgjöld ekki greidd á eindaga samkvæmt þessari málsgrein skulu dráttarvextir þegar reiknaðir á gjaldfallnar skuldir. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið auk innheimtu dráttarvaxta að leggja viðurlög við því ef vanefndir verða á greiðslu aðflutningsgjalda, svo sem sviptingu greiðslufrests, tímabundið eða að fullu, eða stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila. Verði frestur veittur til greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein má ákveða með reglugerð að greiða skuli af þeim þá vexti sem ákveðnir verði af ráðherra.

Heimild til greiðslufrests sem veittur er í einu tollumdæmi skal gilda um tollafgreiðslu á innfluttum vörum sama innflytjanda í öðrum tollumdæmum landsins.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari reglur um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum samkvæmt þessari grein.

110. gr.

Innflytjendur sem lögheimili eiga hér á landi og flytja vörur inn í atvinnuskyni skulu skráðir hjá tollyfirvaldi þar sem lögheimili þeirra er. Í reglugerð skulu sett nánari fyrirmæli um tilkynningu til skráningar, skráningarskrifteini og viðurlög ef tilkynningarskyldu er ekki sinnt.

Lögveðsréttur, uppboð o.fl.

111. gr.

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á þeim sem kemur fram gagnvart tollyfirvöldum vegna tollmeðferðar á vöru.

Nú er innflytjandi eða viðtakandi annar aðili en um ræðir í 1. mgr. og ábyrgjast þeir þá in solidum greiðslu aðflutningsgjalda.

Aðflutt vara er jafnframt að veði fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði, og hefur eigandi ekki rétt til að taka hana í sína vörslu fyrr en afhendingarheimild viðkomandi tollstjóra liggur fyrir. Gengur lögveðsréttur þessi fyrir öðrum veðum og er óháður grandleysi eiganda.

Tollstjórar, hver í sínu tollumdæmi, hafa heimild til að halda uppboð og selja ótollafgreidda vöru án undanfarins lögtaks eða fjárnáms til lúkningar aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði og er haldsréttur farmflytjanda því ekki til fyrirstöðu. Telji tollstjóri að hærra verð megi fá fyrir vöru með öðrum hætti en sölu á uppboði skal honum heimilt að leita tilboða í vöruna og selja hæstbjóðanda ef viðunandi tilboð fæst.

Náist ekki til þeirrar vöru sem af átti að greiða má án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði í öðrum eignum þeirra aðila sem um ræðir í 1.–3. mgr. og selja hið lögtekna á nauðungaruppboði.

Telji tollstjóri ekki ástæðu til að setja vöru á uppboð vegna ástands hennar skal honum heimilt að láta eyðileggja hana á kostnað innflytjanda.

Aðflutningsgjöld greiðast af uppboðsandvirði eða söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir uppboðs- eða sölukostnaði vörunnar. Heimilt er þó að greiða fyrir geymslu hennar í einn mánuð frá komu til landsins. Sé uppboðsandvirði eða söluandvirði vörunnar hærra en nemur aðflutningsgjöldum, ásamt dráttarvöxtum, sektum og áföllnum kostnaði skal greiða þeim sem eignarréttur gekk úr hendi afganginn að frádregnum öðrum eignarhöftum sem á vörunni hvíldu auk alls áfallins kostnaðar. Vítji eigandi ekki þess sem afgangur er samkvæmt framangreindu innan árs frá uppboðsdegi eða söludegi fellur andvirðið til ríkissjóðs.

Vöntun.

112. gr.

Ef vöru vantar úr aðkomufari skal lækka aðflutningsgjöld með tilliti til verðmætis þess sem vantar í vörusendingu enda hafi verið gerð grein fyrir vöntun á þann hátt sem segir í 60. gr.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað lækkun á aðflutningsgjöldum vegna vöntunar, þótt ákvæðum 1. mgr. hafi ekki verið fullnægt, ef svo stendur á að vöntunar í vörusendingu verður ekki vart þrátt fyrir nákvæma athugun ytri umbúða vörunnar. Beiðni um lækkun aðflutningsgjalda vegna vöntunar verður því aðeins tekin til greina að hún berist innan þess frests sem ákveðinn er í reglugerð og á hana færðar þær sönnur sem tollyfirvald metur gildar.

Endursending vöru.

113. gr.

Heimilt er samkvæmt nánari skilyrðum sem sett verða í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum:

1. Að endurgreiða eða fella niður aðflutningsgjöld af vöru sem send er ónotuð aftur til útlanda gegn endurgreiðslu kaupverðs.
2. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem reynist gölluð og endursend er til útlanda, enda viðurkenni seljandi að hann taki vöruna aftur vegna gallans.

114. gr.

Verði breyting á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg skal leggja hin nýju gjöld á þá vöru eða sendingu sem eigi hefur verið tekin til tollmeðferðar skv. 2. mgr. 1. gr. þegar breytingin öðlast gildi þrátt fyrir að hún hafi verið flutt inn fyrir þann tíma.

Ef aðflutningsgjöld lækka eða eru felld niður eftir að fullnægjandi skjöl yfir vöru eða sendingu hafa verið afhent tollyfirvaldi skv. 2. mgr. 1. gr., en áður en heimild er veitt til afhendingar skal greiða hin lægri gjöld eða fella þau niður.

XII. KAFLI

Undirboðs- og jöfnunartollar o.fl.

115. gr.

Nú má ætla að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun og er þá ráðherra heimilt að leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá er ráðherra heimilt í sama skyni og með sömu skilyrðum að leggja á sérstakan jöfnunartoll ef ætla má að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur o.þ.h. erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. mgr.

Ákvarðanir ráðherra um þetta efni taka gildi frá og með þeim degi sem þær eru birtar í Stjórnartíðindum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má ekki leggja á til lengri tíma en sex mánaða í senn.

116. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram

- a. á verði sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarende vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
- b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort
 1. á verði sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarende vöru til einhvers annars lands, eða
 2. á verði sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann er um ræðir í 1. mgr. skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar sem skipt getur máli.

117. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en nemur undirboðinu, þ.e. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en nemur greiðslum eða uppbótum sem beint eða óbeint eru láttnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

118. gr.

Leggja má undirboðs- eða jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka undirboðs- og jöfnunartolla til bráðabirgða má þó ekki leggja á til lengri tíma en eins mánaðar og skal sá mánaðartími vera innifalinn í þeim sex mánuðum sem um ræðir í síðustu málsgrein 116. gr., ef um það er að ræða.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Um lögvernd tolla þessara fer eftir ákvæðum 111. gr.

119. gr.

Ráðherra skal, svo fljótt sem unnt er, skýra Alþingi frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðum fyrir álagningu þeirra.

120. gr.

Ráðherra er heimilt að leggja jöfnunarálág á tollverð innfluttra vara.

Jöfnunarálagið skal byggt á áætlun um hlutdeild uppsafnaðra aðflutningsgjalda í verksmiðjuverði eða framleiðslukostnaði sambærilegra vara sem framleiddar eru hér á landi. Með aðflutningsgjöldum í þessu sambandi er átt við tolla og önnur gjöld sem lögð eru á innflutt hráefni, efnivörur og annað sem notað er til framleiðslu innanlands á nefndum vörum og sérinnflutt flokkast í önnur tollskránumer í tollskrá en innfluttar vörur. Við áætlun þessa skal miða við sams konar eða hliðstæðar vörur á sama eða svipuðu framleiðslustigi þessara vara hér á landi.

Þegar innflutt vara telst í verulegum atriðum að efni og gerð frábrugðin þeim vörum sem framleiddar eru hér á landi er ráðherra heimilt að ákveða að jöfnunarálág skuli lagt á tollverð hráefna, efnivara eða annars sem notað hefur verið til framleiðslu sambærilegra innflutningsvara.

Innheimta jöfnunarálags samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls samkvæmt tollskrá af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um jöfnunarálag og flokkun til gjaldskyldu og ákveðið hvað telja skuli verksmiðjuverð eða framleiðslukostnað samkvæmt þessari grein. Um lögvernd jöfnunarálags fer samkvæmt ákvæðum 111. gr.

XIII. KAFLI

Útflutningur.

121. gr.

Útflytjendur skulu afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans í því tollumdæmi sem vara er tekin í far, sem flytja á hana til útlanda, skýrslu um vöruna ásamt samriti af farmskírteini, útflutningsleyfi og matsvottorði, þar sem þess er krafist, svo og vörureikning um vöruna.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um gerð skjala þessara og hverra skjala og skilríkja er annars krafist varðandi útflutningsvöru og afhendingu hennar erlendis.

Skýrslu um afla íslenskra veiðiskipa, sem fluttur er út með þeim sjálfum til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa í fyrstu höfn sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum eða næst þegar það leitar hafnar hér á landi, taki skipið ekki höfn áður en það flytur aftur afla á erlendan markað. Taki veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað þar sem það er gert út ber að senda skýrslu þessa til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem útgerðarstaður skipsins er.

Greiða skal útflutningsgjöld og fullnægja útflutningsskilyrðum í því tollumdæmi sem útflutningsvara er flutt í far sem flytja á vöruna til útlanda.

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum vikið frá ákvæðum 4. mgr.

122. gr.

Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi sem kveður á um tollalækkanir eða aðra tilhliðrun fyrir íslenskar útflutningsvörur við tollafgreiðslu í viðkomandi landi eða löndum og vörunum skulu fylgja skilríki um uppruna, tollendurgreiðslur o.fl. er það skylda tollyfirvalda, sé fram á það farið, að veita aðstoð við upplýsingar, vottorðagjöf og þess háttar.

Öll skjöl og vottorð um uppruna vöru, tollendurgreiðslur af þeim o.fl. skv. 1. mgr. skulu vera að formi og frágangi eins og ákveðið verður af ráðherra.

Ráðherra getur með nánari ákveðnum skilyrðum veitt aðilum, sem þess óska, leyfi til að gefa út sum eða öll þau skjöl og vottorð sem fjallað er um í 1. mgr.

Nú óskar aðildarríki að milliríkjasamningi skv. 1. mgr. að sannreyna sannleiksgildi skjala eða vottorða um uppruna, tollendurgreiðslur o.fl. um útfluttar vörur til viðkomandi landa eða nauðsynlegt telst af öðrum ástæðum að framkvæma slíka rannsókn, eru atvinnurekandi og aðrir, sem hlut eiga að máli, skyldir til að láta tollyfirvaldi í té upplýsingar um atriði sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina og getur tollyfirvald eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti nefndra aðila.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um ákvæði 1. og 4. mgr.

Ráðherra getur með nánari ákveðnum skilyrðum löggilt innlend samtök til að gefa út ábyrgðarskjöl og ábyrgjast gagnvart yfirvöldum í öðrum ríkjum greiðslu gjalda af vörum sem útfluttar eru héðan til tímabundinna nota eða til umflutnings í því ríki þegar um er að ræða útflutningsvörur sem lúta sérstakri meðferð samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

XIV. KAFLI

Refsing og önnur viðurlög, upptaka eigna og málsmeðferð.

Refsing og önnur viðurlög.

123. gr.

Það er ólöglegur innflutningur ef vara er flutt til landsins frá útlöndum eða frá tollfrjálsu svæði án þess að tollyfirvöldum sé gerð grein fyrir henni samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Sama gildir ef vara er fjarlægð úr geymslu fyrir ótollafgreiddar vörur eða tekin til notkunar án heimildar tollyfirvalda.

Það telst enn fremur ólöglegur innflutningur ef ótollafgreidd vara sem flutt hefur verið um borð í far til útflutnings eða vara sem útflutningur hefur verið leyfður á gegn lækkun eða niðurfellingu á tolli eða öðrum gjöldum er án heimildar tollyfirvalda flutt aftur úr farinu eða á annan hátt skotið undan útflutningi.

Nú kemur í ljós að um borð í fari er vara sem ekki er færð á farmskrá eða aðrar tilskildar skrár samkvæmt lögum þessum og tollyfirvöldum hefur ekki verið gerð grein fyrir og skal þá litið svo á að eigandi hennar hafi gerst sekur um tilraun til ólöglegs innflutnings. Verði eigandi vörunnar ekki fundinn ber stjórnandi fars ábyrgð á brotinu.

Það varðar sektum samkvæmt lögum þessum ef stjórnendur eða aðrir yfirmenn gera ekki það sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning með förum þeirra eða vanrækja nauðsynlegt eftirlit í því skyni.

124. gr.

Brot gegn ákvæðum 123. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu skal sá sæta sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vöru, enda viti hann eða megi vita að hún sé ólöglega innflutt.

125. gr.

Fyrir tilraun til brots á lögum þessum skal refsað eins og fyrir fullframið brot.

Ákvæðum almennra hegningarlaga um hlutdeild skal beitt um brot á lögum þessum.

Nú varðar brot, sem refsing er lögð við í lögum þessum, þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga og skal þá refsað eftir þeim lögum.

126. gr.

Nú gefur maður tollstarfsmanni ranga skýrslu eða leggur fram gögn sem eru röng eða villandi um tegund, magn eða verðmæti farms eða vöru og skal hann þá sæta sektum, nema hann sanni að hvorki honum né þeim sem kemur fram fyrir hans hönd verði um kennt.

Nú verður maður uppvís að því að láta tollstarfsmanni í té rangar upplýsingar, sbr. 1. mgr., í því skyni að svíkja undan eða fá ívilnun á tolli eða gjöldum og skal hann þá sæta sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað. Sömu refsingu skal sá sæta sem veit eða má vita að upplýsingar, sem hann lætur tollstarfsmönnum í té, eru til þess fallnar að hafa framangreind áhrif.

Að svo miklu leyti sem brot er ekki refsivert skv. 123.–125. gr. skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar um þá sem gefa rangar eða villandi yfirlýsingar eða leggja fram röng eða villandi skjöl í sambandi við tollamál.

Það varðar sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru, að láta í té eða valda því að lätin séu í té skjöl eða vottorð sem eru röng í mikilvægum atriðum um uppruna íslenskrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana sem eiga að tryggja að varan njóti friðinda við innflutning í annað ríki eða skoðist hæf til svæðistollmeðferðar þar vegna

milliríkjasamninga. Þó má falla frá málsókn ef sá sem misgert er við hefur ekki krafist hennar eða málsókn reynist ekki réttmæt á grundvelli þeirra sönnunargagna sem fyrir liggja.

Nú hefur ráðherra veitt einstaklingi, félagi eða stofnun leyfi til að gefa út skjöl þau og vottorð sem nefnd eru í næstu málsgrein hér að framan, sbr. 3. mgr. 122. gr., en ekki verður sannað hver hafi undirritað þau, og skal þá viðkomandi leyfishafi, sé um einstakling að ræða, eða framkvæmdastjóri, sé um félag eða stofnun að ræða, bera refsíabyrgðina.

127. gr.

Það varðar sektum eða varðhaldi að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr fari forða eða aðra muni eða vöru sem heimilt er að hafa tollfrjálst í fari nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt.

128. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi rýfur eða fjarlægir tollinnsigli eða önnur tolleinkenni skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex mánuðum.

Sé lás eða innsigli tollgæslunnar brotið eða fjarlægt, án þess að sá seki finnist, varðar það þann sektum sem ábyrgð ber á lásnum eða innsiglinu nema hann geti gert sennilegt að brotið sé ekki vanrækslu hans eða starfsfólks hans að kenna og hann tilkynni tollgæslunni um brotið þegar í stað og geri nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því að hin innsiglaða vara verði fjarlægð eða ástandi hennar breytt.

Ákvæðum 1. mgr. skal einnig beita ef maður aflar sér aðgangs að vörum sem eru undir tollinnsigli án þess að rjúfa innsiglið eða skemma.

129. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi að selja eða láta á annan hátt af hendi vöru sem flutt hefur verið tollfrjálst til landsins samkvæmt lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, ef viðtakandi nýtur ekki tollfríðinda samkvæmt þeim lögum. Sömu refsingu varðar að taka við slíkum vörum, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram, fullar sannanir fyrir því að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og öðrum innflutningsskilyrðum fullnægt.

Sömu viðurlögum varðar það enn fremur að flytja eða reyna að flytja út vörur af samningssvæðum samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna Norður-Ameríku sem fluttar hafa verið inn tollfrjálst. Sé varan flutt í farartæki og verði eigandi hennar ekki fundinn ber stjórnandi farartækisins ábyrgð á brotinu.

130. gr.

Það varðar sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru, misnoti maður leyfi, ívilnanir eða tollfríðindi sem honum hafa verið veitt samkvæmt heimild í lögum þessum eða öðrum lögum og reglugerðum eða fyrirmælum sem sett eru samkvæmt þeim.

131. gr.

Ef maður tregðast við að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar, leggja fram skjöl eða veita aðstoð sem hann er skyldur til samkvæmt lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim má knýja hann til þess með stöðvun tollafgreiðslu.

132. gr.

Það varðar stjórnanda, eiganda eða umráðamann fars sektum ef tilskilin skjöl og skilríki fylgja ekki fari, ekki er gerð þar grein fyrir öllum vörum sem skylt er eða þau ekki

gerð eins og fyrir er mælt í lögum þessum eða ákveðið kann að vera í reglugerð eða öðrum fyrirmælum eða vanrækt er að afhenda þau tollgæslumanni.

Leiði vanræksla sem um ræðir í 1. mgr. til þess að rannsókn eða eftirlit með affermingu þurfi að fara fram á farmi fars eða öðru sem far flytur ber eigandi eða umráðamaður þess allan kostnað sem af því hlýst.

Það varðar stjórnanda fars sektum ef við komu fars frá útlöndum eru eigi gefnar upp, eigi finnast í farinu eða eigi er á annan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir vörum sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir sem samkvæmt innsiglis-skrá hafa verið geymdar meðal innsiglisbirgða farsins, enda sé um að ræða verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsiglis-skrá yfir slíkan varning.

133. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi ef stjórnandi farartækis eða afgreiðslumaður vörugæmslu afhendir ótollafgreidda vöru án leyfis tollstjóra eða umboðsmanns hans. Sömu viðurlögum varðar það að veita viðtöku vöru sem er ólöglega afhent.

134. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendingar leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn, sem 18.–20. gr. taka til, eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki atriði, sem fyrirskipuð eru skv. 18. gr. og verulegu máli skipta, skal greiða toll af því tollverði sem ákveðið verður eftir reglum laga þessara með 10% viðauka við það.

Ef tilgreint er rangt tollskrárnúmer í aðflutningsskýrslu eða hún er röng á þann hátt að tollur eða önnur gjöld eru vanreiknuð má innheimta 10% viðauka á þann toll eða önnur gjöld sem greiða ber samkvæmt leiðréttri skýrslu. Þó skal viðauki aldrei vera hærri en gjaldamismunur í rangri skýrslu og leiðréttri skýrslu.

Ef ekki er um venjulega verslunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á má tollyfirvald sleppa 10% viðauka við tollverð, toll eða önnur gjöld sem um ræðir í 1. og 2. mgr.

135. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum sem sett eru samkvæmt þeim varða sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Upptaka eigna.

136. gr.

Heimilt er að gera upptæka vöru sem hefur verið flutt eða reynt að flytja ólöglega inn eða á annan hátt farið með andstætt ákvæðum laga þessara eða fyrirmæla sem sett eru samkvæmt þeim, án tillits til þess hver er eigandi hennar eða til eignarhafta sem á henni hvíla, nema vörslumaður hafi komist yfir vöruna á saknæman hátt.

Nú þykir ekki ástæða til að gera vöru upptæka eða upptöku verður ekki við komið og er þá heimilt að gera upptækt hjá sökunaut andvirði vörunnar auk tolla og annarra gjalda af henni.

Ef um stórfellt brot er að ræða eða sakir eru að öðru leyti mjög miklar er heimilt að gera upptæk farartæki sem notuð hafa verið til þess að fremja brotið. Upptaka er heimil þótt sökunautur sé annar en eigandi farartækis ef ástæða er til að ætla að eigandinn hafi vitað eða mátt vita í hvaða tilgangi nota átti farartækið.

Í stað farartækis má gera andvirði þess upptækt.

Nú verður refsíabyrgð ekki fram komið og er þá heimilt að beita eignaupptöku. Verði ekki upplýst hver sökunautur er skal varan innan 30 daga frá því að hún var flutt inn eða finnst verða eign ríkissjóðs án dóms eða úrskurðar.

137. gr.

Farartæki sem hefur verið notað eða reynt hefur verið að nota til þess að flytja vörur ólöglega til landsins eða til flutnings á slíkum vörum á tollsvæði ríkisins skal vera að veði til tryggingar gjöldum, sektum og kostnaði sem stjórnandi farartækis, áhöfn eða öðrum starfsmönnum þess verður gert að greiða, og má kyrrsetja það og selja á opinberu uppboði til lúkningar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfarargerðar og með þeim hætti sem segir í 111. gr.

Eigi sökunautur lögheimili eða eignir hér á landi skal þó jafnan reynd aðför hjá honum áður en gengið er að veðinu, en eigi raskar það rétti til kyrrsetningar skv. 1. mgr.

138. gr.

Heimilt er að svipta þann réttindum skv. 68. gr. almennra hegningarlaga sem sekur hefur gerst um stórfellt eða margítrekað brot á lögum þessum.

Málsmeðferð.

139. gr.

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Tollyfirvöldum er þó heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má að brot varði ekki hærri sekt en 50 000 kr., enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það sem um er að tefla, refsíakvæði sem það varðar við og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt eða 5. mgr. 136. gr., ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr 100 000 kr.

Senda skal saksóknara ríkisins skrá um mál sem lokið er skv. 2. mgr., eftir þeim reglum er hann ákveður.

Nú telur saksóknari að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr., eða verið látinn ganga undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða mál sem lokið er samkvæmt sama ákvæði hefði átt að ganga til dóms og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

Hafi einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu sína til landsins meira í fórum sínum en heimilt er af varningi sem ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og framvísar því við tollgæsluna áður en tollskoðun hefst á farangri hans skal honum heimilt að halda því gegn því að greiða einkasölugjald til hlutaðeigandi einkasölu samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur, án þess að sæta kærufyrir brot, enda sé um takmarkað magn að ræða sem nánar má ákveða í reglugerð.

140. gr.

Sektir fyrir brot á lögum þessum og andvirði upptækrar vöru renna í ríkissjóð.

XV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

141. gr.

Tollstarfsmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir

komast að í starfi sínu um verslunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum sem tollyfirvöld halda eftir.

142. gr.

Tollyfirvaldi er heimilt, í samræmi við reglur sem ríkistollstjóri setur, að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörum sem teknar hafa verið til tollskoðunar. Sýnishorn þessi skulu geymd í sérstöku sýnishornasafni við embætti ríkistollstjóra og skal gefa þaðan upplýsingar um tollflokkun varanna.

Innflytjandi sem óskar eftir bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til ríkistollstjóra. Erindi skulu fylgja nauðsynleg gögn, svo sem teikning, mynd eða vörulýsing og sýnishorn verði því við komið.

Ríkistollstjóri skal svara fyrirspurnum skriflega. Afrit af viðkomandi svari, ásamt ljósriti af mikilvægustu gögnum, skal senda fjármálaráðuneytinu.

143. gr.

Ráðherra skal heimilt að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer í tollskrá þegar beitt er heimild í 1. og 14. tölul. 6. gr. til samræmingar, lækkunar eða niðurfellingar tolls á vöru.

Ráðherra er einnig heimilt að gera slíkar breytingar á tollskrá til þess að aflað verði nauðsynlegra tölfræðilegra upplýsinga um innflutning á einstökum vöruflokkum til landsins eða þeirra er eigi talin lengur þörf.

Samþykki Tollasamvinnuráðið breytingar á tollnafnaskrá ráðsins eða skýringum við tollnafnaskrána sem hafa í för með sér breytta flokkun á vörum í tollskrá skal ráðherra heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á tollskránni, m.a. með því að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer. Slíkar breytingar skulu eigi hafa áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir í tollskrá, sbr. þó 1. mgr.

Breytingar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

144. gr.

Toll og önnur gjöld skal leggja á og innheimta í heilum krónum þannig að 50 aurar og þar yfir teljist 1 króna en lægri fjárhæð sé sleppt. Tollverð og einstaka þætti þess skal tilgreina í aðflutningsskýrslu og tollverðsskýrslu með sama hætti.

145. gr.

Ráðherra setur reglur um almennan tollafgreiðslutíma. Tollyfirvöld geta heimilað að afgreiðsla fari fram á öðrum tímum, enda greiði viðkomandi þann kostnað sem af því leiðir.

Ráðherra ákveður fyrir hvaða störf tollstarfsmanna skuli tekin greiðsla, fjárhæð hennar og lögvernd. Krafa þessi nýtur lögtaksréttar.

146. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um skil tollyfirvalda á aðflutnings- og útflutningsskjölum og öðrum gögnum.

147. gr.

Ráðherra getur samið við önnur ríki um samstarf á sviði tollmála, m.a. til að samræma og einfalda tollmeðferð og til að vinna gegn ólöglegum innflutningi og útflutningi.

148. gr.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

149. gr.

Ákvæði laga þessara um álagningu, innheimtu, lögvernd, tilhögun bókhalds, aðflutnings- og útflutningsskýrslur og önnur skjöl, eftirlit, stöðvun tollafgreiðslu, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi toll skulu gilda eftir því sem við getur átt um aðflutnings- eða útflutningsgjöld sem ákveðin eru samkvæmt öðrum lögum, nema annað sé þar ákveðið.

150. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., svo og lög nr. 24 10. maí 1977, lög nr. 82 18. maí 1978, lög nr. 11 22. apríl 1981, lög nr. 31 26. maí 1981, lög nr. 83 28. desember 1981, lög nr. 2 2. febrúar 1982, lög nr. 30 4. maí 1982, lög nr. 98 31. desember 1982, 10. gr. laga nr. 2 28. febrúar 1983, lög nr. 76 31. desember 1983, lög nr. 27 15. maí 1984, lög nr. 29 15. maí 1984, lög nr. 39 25. maí 1984, lög nr. 123 31. desember 1984, lög nr. 110 31. desember 1985, lög nr. 3 1. mars 1986, lög nr. 4 11. mars 1986 og lög nr. 16 30. apríl 1986, um breyting á þeim lögum; lög nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og lög nr. 2 11. febrúar 1970, lög nr. 66 30. apríl 1973, lög nr. 71 31. maí 1976, lög nr. 31 29. maí 1979 og lög nr. 46 30. maí 1984, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o.fl., svo og reglugerðir, auglýsingar og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 150. gr. skulu 1. og 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o.fl., svo og lagaákvæði um breyting á þeim halda gildi sínu þar til sett hafa verið lög um tollskrá.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem við gildistöku reglugerðar nr. 190/1985 voru í starfi erlendis, skulu með sama hætti og áður eiga rétt á niðurfellingu tolla á bifreið sem þeir flytja með sér heim eftir eigi skemmra en þriggja ára samfellt starf erlendis. Með bifreiðar þessar skal að öðru leyti farið samkvæmt reglugerð nr. 190/1985, um bifreiðamál ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur

Frumvarp það sem hér er lagt fyrir Alþingi er liður í áformum ríkisstjórnarinnar að einfalda þann þátt tekjuöflunarkerfis ríkissjóðs sem lýtur að innheimtu og álagningu aðflutningsgjalda og með þeim hætti að gera það skilvirkara en um leið að draga úr kostnaði sem bæði innflutningsverslunin og ríkissjóður óhjákvæmilega hljóta að axla við núverandi aðstæður. Að undanfögnu hefur jafnframt verið unnið að endurskoðun þeirra gjalda sem lögð eru á innfluttar vörur svo og vörur framleiddar innanlands með það fyrir augum að fækka gjaldstofnum, eyða uppsöfnunaráhrifum eftir því sem við verður komið og lækka tolla. Verða frumvörp um tollskrá, vörugjald og bifreiðagjald lögð fljótlega fyrir Alþingi.

Megintilgangur með framlagningu þessa frumvarps er þessi:

1. Að setja heildarlöggjöf um tollheimtu og tolleftirlit þannig að jafnt viðskiptavinir tollyfirvalda sem þau sjálf séu vitandi um réttindi og skyldur varðandi innflutning og útflutning á vörum.
2. Að gera tollmeðferð á vörum sem einfaldasta og taka upp vinnubrögð sem nútímalegir viðskiptahættir krefjast.
3. Að gera yfirstjórn tollamála markvissari, m. a. með því að fela ríkistollstjóra að hafa eftirlit með og samræma störf tollstjóra í einstökum tollumdæmum.
4. Að breyta tollumdæmum þannig að sem mestrar hagkvæmni gæti í rekstri tollebætta og dregið verði sem mest úr kostnaði innflytjenda og farmflytjenda af tolleftirliti.

5. Að kveða skýrt á um yfirstjórnun tollgæslunnar, samræma störf tollgæslumanna og að öðru leyti efla tollgæsluna, m. a. til að vinna gegn auknum fíkniefnainnflutningi.
6. Að taka upp greiðslufrest á aðflutningsgjöldum í þeim tilgangi að stytta birgðahald og geymslutíma hjá farmflytjendum og minnka um leið geymslukostnað sem leiða ætti til lækkunar vöruverðs.
7. Að setja skýrari reglur um úrlausn ágreiningsmála til að stuðla að sem mestu réttaröryggi við úrlausn tollamála.

2. Meginefni frumvarpsins

2.1 Almenn tollalöggjöf

Meginreglur þær sem gilda um álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda er nú að finna í þrennum lögum. Í fyrsta lagi gilda um álagningu aðflutningsgjalda lög nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. Í löggjöf þessari er að finna tollskrána sjálfa með tolltöxtum fyrir einstaka vörflokka. Þar er einnig kveðið á um hver sé tollfrjáls innflutningur, í hvaða tilvikum heimilt sé að veita undanþágur varðandi tolla svo og lækkanir á tollum. Í tollskrárlögum er einnig að finna ákvæði um tollverð vara, aðflutningsskýrslur og tollskjöl almennt, undirboð og jöfnunartolla svo og ýmis önnur atriði er snerta tollafgreiðslu á vörum. Í lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolfleittil er meginákvæðin um yfirstjórn tollamála, tollstjórnina, tollsvæðið, tollhafnir o.fl. Þar er kveðið almennt á um tolfleittil, tollstarfsmenn, tollafgreiðslu á förum í utanlandsferðum, vörslu og tollmeðferð aðfluttra vara, flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda, vöruvöntun, skemmdir og endursendingu á vörum. Þar er einnig kveðið á um tollmeðferð á útflutningsvörum, refsingar og önnur viðurlög við tollalagabrotum. Þriðju lögin sem fjalla um tollmeðferð á vörum eru lög nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o.fl. Í þessum lögum er að finna ákvæði er varða rekstur almennra tollvörugeymslna, tollfrjálsar forðageymslur, tollfrjálsar verslanir og svonefndar flutningsgeymslur.

Í þessum þremur lögum er eins og sjá má gripið á öllum helstu þáttum er snerta tollmeðferð og tollheimtu í tengslum við innflutning og útflutning á vörum. Eðlilegast er að efnisákvæðum er snerta ákvæðið réttarsvið sé skipað saman í einn lagabálk. Með því fæst betri yfirsýn yfir gildandi rétt á viðkomandi sviði, réttarskipanin verður gleggri og ætla má að síður verði hætta á að ósamræmis gæti í einstökum atriðum. Er heildarendurskoðun á tollskrárlögnum hófst var þegar ákvæðið að semja frumvarp er tæki til allra meginþátta tollkerfisins. Við gerð þess tollalagafrumvarps sem hér liggur fyrir hefur verið gengið út frá því að steypa saman í einn lagabálk þeim efnisákvæðum sem nú er að finna í fyrrnefndum lögum. Hér á eftir verður vikið að helstu nýmælum í frumvarpi þessu.

2.2 Yfirstjórn tollamála

Með lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolfleittil var tekið upp það nýmæli að fjármálaráðherra gæti falið tollstjóranum í Reykjavík yfirstjórn ákvæðinna þátta tollamála eftir því sem henta þætti. Jafnframt var ákveðið að setja við embættið tollgæslustjóra er annaðist auk starfa sinna við Tollstjóraembættið í Reykjavík yfirstjórn tollgæslunnar utan Reykjavíkur eftir nánari ákvörðun ráðherra. Fram til þessa hefur fjármálaráðherra ekki nema að takmörkuðu leyti notfært sér þá heimild sem hann hefur lögum samkvæmt til þess að fela tollstjóranum í Reykjavík yfirstjórn tiltekinna þátta tollamála. Þannig hefur honum m.a. verið falið að hafa eftirlit almennt með útflutningi landsmanna.

Um næstkomandi áramót breytist réttarstaða ríkisendurskoðunar er störf hennar varðandi endurskoðun og eftirlit með fésslyslu ríkisins flytjast frá framkvæmdarvaldi til Alþingis. Ljóst er að breytingar þær sem verða á stöðu ríkisendurskoðunar munu breyta verulega allri starfsemi hennar. Á þetta ekki hvað sist við um endurskoðun tollskjala sem nú

heyrir undir sérstaka deild, tolladeild, í ríkisendurskoðun. Má gera ráð fyrir að deild þessi verði í núverandi mynd lögð niður og verkefni hennar samtvinnuð öðrum skyldum þáttum eins og eftirliti með innheimtu annarra opinberra gjalda en aðflutningsgjalda. Þessi breyting mun óhjákvæmilega kalla á endurskoðun og breytt fyrirkomulag að því er varðar endurskoðun tollskjala almennt hjá tollstjórum, svo og eftirlit almennt með þessum stofnunum. Fyrirhugaðar breytingar á starfsemi ríkisendurskoðunar eru þó ekki eina ástæðan sem er þess valdandi að breyta verður yfirstjórn tollamála.

Á vegum fjármálaráðuneytisins er nú unnið að tölvuvæðingu embættis tollstjórans í Reykjavík. Tölvuvinnsla innflutnings, bæði að því er varðar innheimtu aðflutningsgjalda og eins öflun upplýsinga til ýmiss konar skýrslugerðar, mun hafa í för með sér verulegar breytingar á starfsemi embættis tollstjórans í Reykjavík og síðar hafa áhrif á starfsemi ýmissa annarra embætta, stofnana og aðila sem eiga við það viðskipti á ýmsum sviðum. Meðal þeirra breytinga sem gert er ráð fyrir að verði vegna tölvuvæðingarinnar er að starfsemi tolladeildar ríkisendurskoðunar flytjist yfir til embættis tollstjórans í Reykjavík. Samfara því er gert ráð fyrir að endurskoðun tollafgreiðslna hjá öðrum tollembættum fari fram við endurskoðunardeild hjá tollstjóranum í Reykjavík. Embætti hans hefur auk þess um áratuga skeið annast tollafgreiðslu á nær öllum innflutningi landsmanna eða milli 80—90%. Við það embætti hefur einnig vegna umfangs innflutningsins skapast ákveðin verkaskipting varðandi afgreiðslu bæði innflutnings og útflutnings. Tollstjóraembættið í Reykjavík hefur því á að skipa mannafla sem er að mörgu leyti sérhæfður í ýmsum greinum tollamála, t.d. að því er varðar vörugreiningu, endurskoðun tollskjala, tollgæslu o.fl. Meðal annars af þeim ástæðum sem hér hafa verið greindar er lagt til að það skref verði stigið til fulls sem tekið var 1969, þegar ákveðið var að heimila fjármálaráðherra að fela tollstjóranum í Reykjavík yfirstjórn „ákveðinna þátta tollamála“ án þess þó að afmarka nánar við hvað væri átt og ákveða með samþykkt þessa frumvarps að ráðherra geti falið honum að gegna starfi ríkistollstjóra er hafi eftirlits- og boðvald yfir tollstjórum í öðrum tollumdæmum. Vísast til 31. og 32. gr. frumvarpsins um ríkistollstjóra og þau verkefni sem honum yrðu falin.

2.3 Úrlausn ágreiningsmála

Um úrlausn ágreiningsmála vegna tollmeðferðar voru gilda ákvæði 36. gr. gildandi tollskrárlaga með síðari breytingum.

Skv. 1. mgr. þeirrar greinar er kveðið á um að fjármálaráðherra eigi fullnaðarúrskurd m. a. um það hvar flokka skuli vöru í tollskrá svo og hvað telja skuli eðlis- og tollverð vöru. Jafnframt er ráðherra veitt heimild til þess að skipa sérstaka nefnd og fela henni að gera tillögur um úrskurði þá sem fjallað er um í greininni.

Frá því að ákvæði þetta var sett í lög hefur meðferð þess valds sem í greininni felst verið með ýmsum hætti. Ýmist hefur úrlausn mála verið í höndum einstakra starfsmanna fjármálaráðuneytisins sem kveðið hafa upp úrskurði í ágreiningsmálum eða nefnd hefur verið skipuð til þess að gera tillögur til ráðherra um úrlausn máls og síðan hafa starfsmenn tolladeildar ráðuneytisins úrskurðað formlega um úrlausn máls fyrir hönd ráðherra.

Miklu varðar að sem mest festa sé í framkvæmd varðandi úrlausn ágreiningsmála sem upp kunna að rísa vegna framkvæmdar tollskrárlaga. Í fyrsta lagi er æskilegt að mál hafi hlotið viðeigandi meðferð hjá viðkomandi tollstjórum. Er með frumvarpi þessu sérstaklega kveðið á um málsmeðferð hjá tollstjórum sem tryggja á sem vandaðasta meðferð á fyrstu stigum tollmeðferðar vöru. Í öðru lagi verður að tryggja þeim sem hagsmuna eiga að gæta vegna tollmeðferðar vöru, bæði innflytjanda og ríkisvaldinu, áfrýjunarrétt þegar úrlausn tolyfirvalds þykir orka tvímælis. Verður að telja eðlilegast að úrskurðarvald þetta sé í höndum aðila sem starfi sem sjálfstæðast við hlið stjórnsýsluadila á vettvangi tollamála.

Á undanförunum árum hafa ágreiningsmál á þessu sviði aukist stórlega en orsaka þess er bæði að leita í aukinni innflutningsverslun landsmanna, fjölbreyttara vöruvali og flóknum fríverslunarsamningum sem áhrif hafa haft á gerð tollskrárinnar. Starf þeirra, sem séð hafa um úrlausn þessara mála, er því orðið það umfangsmikið að fyllsta ástæða er til þess annars vegar að setja á stofn nefnd er hafi á að skipa minnst einum starfsmanni og hins vegar að beina málum af þessu tagi í ákveðinn farveg er um gildi fastmótaðar reglur. Skipun nefndar með þeim hætti sem um ræðir í 37. gr. frumvarpsins ætti að geta stuðlað að meira réttaröryggi við úrlausn tollamála og jafnframt flýtt úrskurðum.

2.4 Tollkrít

Á undanförunum árum hafa miklar umræður farið fram um upptöku svonefndrar tollkrítar. Tvívegis hafa verið skipaðar nefndir til þess að gera tillögur til ráðherra um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og frumvörp um upptöku slíks fyrirkomulags ítrekað verið lögð fram á Alþingi en ekki hlotið þar afgreiðslu. Frumvarp um þetta efni var síðast lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982, sbr. frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum, þingskjal nr. 119. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er enn á ný hreyft þeirri hugmynd að greiðslufrestur verði veittur á aðflutningsgjöldum vegna innflutnings á vörum.

Í umfjöllun um áhrif greiðslufrests á aðflutningsgjöldum á tekjur ríkissjóðs hefur verið reynt að meta hversu mikil hliðrun verði á innheimtu aðflutningsgjalda. Niðurstöður þeirra athugana bentu til þess að tekjuhliðrun eigi sér mjög fljótt stað og komi jafnvel fram af fullum þunga á fyrstu 6 mánuðunum. Um þetta efni vísast að öðru leyti til tillagna til ráðherra um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum frá því í september 1981. Ljóst er að erfitt er fyrir ríkissjóð að taka á sig slíka tekjuhliðrun á sama fjárhagsári nema ráð sé fyrir því gert í fjárlögum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 sem lagt hefur verið fram er ekki gert ráð fyrir upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum.

Gert er ráð fyrir að frumvarp það sem hér liggur fyrir komi til framkvæmda frá og með 1. janúar 1987. Tölvuvæðing við embætti tollstjórans í Reykjavík verður hins vegar ekki það vel á veg komin að hægt verði að taka upp sérstakt tölvuvætt bókhald, vegna greiðslufrestsins fyrr en í ársbyrjun 1988 og er talið rétt að fresta upptöku hans fram til þess tíma. Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum í öðrum tollumdæmum yrði síðan tekinn upp eftir því sem þau tengdust embætti tollstjórans í Reykjavík.

Athygli skal vakin á því að gert er ráð fyrir að lagt verði fram sérstakt frumvarp til breytinga á lögum nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Hér er átt við þau ákvæði er kveða á um að ekki megi tollafgreiða vöru nema staðfesting gjaldeyrisbanka liggja fyrir um að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð með öðrum hætti, en skylda tollyfirvalda til að kanna að bankastimplun hafi átt sér stað er byggð á ákvæðum þessum. Verði það frumvarp samþykkt sem lög frá Alþingi mun þessi kvöð falla niður. Að öðru leyti er vísað til nefnds frumvarps um breytingu þessa. Eftirlit tollyfirvalda með því að krafa væri greidd eða greiðsla tryggð áður en tollyfirvöld heimiluðu afhendingu vöru mun hafa átt að skapa Íslandi viðskiptatraust og greiða að öðru leyti fyrir vöruflutningum til landsins. Slík gæsla ríkisvaldsins á hagsmunum erlendra seljenda á sér engar forsendur nú en veldur hins vegar innflytjendum og tollyfirvöldum verulegu óhagræði. Benda má á að í öllum helstu viðskiptalöndum Íslands hefur fyrir löngu verið horfið frá slíku eftirliti af hálfu tollyfirvalda og mun Finnland, sem auk Íslands hafði í reglum um tolleftirlit slík ákvæði, hafa fellt þau úr gildi fyrir nokkrum árum.

Um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum vísast að öðru leyti til 109. gr. frumvarpsins svo og athugasemda við þá grein.

2.5 Skráning og eftirlit með innflytjendum og útflytjendum

Samkvæmt gildandi lögum eru hvorki innflytjendur né útflytjendur á einn eða annan hátt skráðir hjá viðkomandi tollstjórum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veruleg breyting verði á tollafgreiðsluháttum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að sá háttur verði tekinn upp, að því er varðar tollafgreiðslu á vörum, að innflytjandi geti tekið vöruna beint frá farmflytjanda án greiðslu aðflutningsgjalda. Til þess að svo megi verða er ljóst að taka verður upp breytta skráningu á þeim vörum sem farmflytjandi lætur frá sér fara. Skráning varanna verður að byggjast á því að um sé að ræða innflytjendur sem hafi fengið sérstaka heimild frá tollfirvöldum til þess að fá slíka tollafgreiðslu. Er því óhjákvæmilegt annað en að taka upp sérstaka skráningu þeirra. Í frumvarpinu er fyrst og fremst gert ráð fyrir að þeir innflytjendur verði skráðir sem stunda innflutning sem aðalatvinnu. Í þessu sambandi verður að gera ráð fyrir að atvinnufyrirtæki, sem flytja inn vörur til þess að nota við starfsemi sína, verði einnig skráð, enda flytji þessi fyrirtæki vörur inn að staðaldri. Aðrir, s.s. einstaklingar sem flytja vörur inn til persónulegra nota eða fá vörur sendar, t.d. gjafir, verða ekki skráðir. Gert er ráð fyrir að útflytjendur verði skráðir með sama hætti. Að öðru leyti vísast um fyrirkomulag þetta til 110. gr. frumvarpsins og athugasemda við hana.

2.6 Tollfrjáls svæði

Á árinu 1972 skipaði þáverandi fjármálaráðherra nefnd til að hafa með höndum undirbúningsathuganir um stofnun friðhafnar hér á landi. Nefnd þessi kynnti sér rekstur friðhafna erlendis og aflaði hún sér gagna um rekstur og störf friðhafna í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, m.a. um þær réttarreglur sem liggja slíkri starfsemi til grundvallar. Í álit nefndarinnar var komist að þeirri niðurstöðu að mjög tímabært væri að hefja starfrækslu friðhafnar hér á landi. Taldi nefndin að slík starfsemi yrði til þess fallin að einfalda og auðvelda innflutningsverslun landsins, auk þess sem skapast mundu möguleikar til aðvinnslu á vörum áður en þær væru teknar til tollmeðferðar. Enn fremur segir í álit nefndarinnar, að við þetta mundu opnast möguleikar í sambandi við svokallaða „transit-vöru“ eða gegnumflutning á vöru, svo og samsetningu vöru að hluta, umpökkun og fleira. Með álit sínu skilaði nefndin drögum að frumvarpi sem hún lagði til að ráðherra legði fram á Alþingi. Frumvarp um þetta efni hefur hins vegar ekki verið lagt fram.

Tvívegis hefur tillaga til þingsályktunar um tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll komið til kasta Alþingis. Tillaga þess efnis var síðast flutt 1979, sbr. þingskjal 55, en var ekki samþykkt. Í frumvarpi því til tollalaga, sem hér liggur fyrir, er lagt til að tekið verði upp heimildarákvæði til handa ríkisstjórninni til að leyfa stofnun og rekstur tollfrjáls svæðis. Fjallar IX kafla frumvarpsins um það.

Hlutverk tollfrjáls svæðis er m.a. í því fólgið að gefa fyrirtækjum, jafnt innlendum sem erlendum, kost á að framleiða hér eða ljúka framleiðslu ýmiss konar varnings eins og tækja, véla, varahluta og ýmissa annarra fullbúinna vara, sem síðan yrði fluttur á markað, m. a. til landa innan EFTA og EBE. Í öðru lagi er hlutverk slíkra svæða að veita innlendum og erlendum fyrirtækjum aðstöðu til þess að geyma vörur í vörugeymslum, með það í huga að dreifa þeim síðan til annarra landa. Ávinningur af tollfrjálsu svæði er fyrst og fremst sá að ekki er nauðsynlegt að tollafgreiða viðkomandi vörur inn í innflutningslandið fyrr en innflytjandinn telur að markaðurinn geti tekið við þeim. Fjárhagslegt hagræði af geymslu vara á slíkum svæðum er m.a. að koma má í veg fyrir mikla fjármagnsbindingu og vaxtakostnað, t. d. vegna greiðslu á tollum. Ekki hefur enn verið kannað hvort erlend fyrirtæki telji sér hagkvæmt að nýta möguleika sem þennan. Hugsanlegt er að þau teldu hagkvæmt að taka þátt í stofnun framleiðslufyrirtækja með Íslendingum með það fyrir augum að komast með hluta af framleiðsluvörum sínum tollfrjálst inn á fríverslunarsvæði EBE og EFTA, að svo miklu leyti sem fríverslunarsamningar Íslands við þessi bandalög veita slíkar heimildir.

Rekstur tollfrjáls svæðis opnar möguleika á ýmsum atvinnutækifærum, bæði í verslun og iðnaði. Skilyrði til að koma upp tollfrjálsu svæði eru að nokkru leyti fyrir hendi nú þegar. Mannvirki sem fyrir eru, t.d. á Keflavíkurflugvelli, eru á engan hátt fullnýtt. Flugvallarsvæðið er afmarkað svæði, þar sem nægilegt rými er til stækkunar. Með tilkomu nýrrar flughafnar hentar svæðið enn betur til að taka við aukinni umferð. Þótt Íslendingar greiði ekki allan kostnað sem er samfara byggingu flugstöðvarinnar er full ástæða til þess að reynt verði að finna leiðir til að nýta sem allra best það fjármagn sem Ísland leggur til hennar. Stofnun tollfrjáls svæðis, í tengslum við hina nýju flughöfn, er einn kosturinn. Rétt er að geta þess að í sameiginlegu skipulagi Keflavíkur, Keflavíkurflugvallar og Njarðvíkur, sem gert var fyrir nokkrum árum, er sérstakt svæði við Keflavíkurflugvöll frátekið fyrir tollfrjálst iðnaðarsvæði. Annað sem gerir þennan kost mjög áhugaverðan er ekki síst tilkoma hitaveitu Suðurnesja. Þar er gufuorka nægileg til raforkuvinnslu fyrir iðnað af því tagi sem henta myndi tollfrjálsu svæði.

Í öðru lagi kæmi mjög til greina að koma upp tollfrjálsu svæði við Reykjavíkurhöfn. Vöruflutningar til landsins hafa tekið á sig nýja mynd þar sem talið er hagkvæmara að beina flutningunum til einnar hafnar á landinu og dreifa vörunum síðan um landið allt. Sama gildir um framleiðsluvörur landsmanna sem ætlaðar eru til útflutnings. Þessi þróun hefur kallað á nýja tækni við fermingu og affermingu vöruflutningaskipa þar sem mun stórvirkari tæki eru nú notuð en áður. Við Sundahöfn í Reykjavík hefur verið komið upp mjög afkastamiklum krana sem ætlað er í raun að þjóna landinu í heild, að því er varðar eitt flutningafyrirtæki, og mun gera Reykjavíkurhöfn um ófyrirséða framtíð að miðstöð vöruflutninga til og frá landinu. Verði hægt að beina umflutningi milli landa (transit) að Reykjavíkurhöfn í ríkari mæli en nú er, er ljóst að það mun gera rekstur hafnarinnar og jafnframt innflutning landsmanna enn hagkvæmari. Telja verður fulla ástæðu til þess að möguleiki á rekstri tollfrjáls svæðis, bæði í Keflavík og eins í Reykjavík, verði kannaður. Verði niðurstaðan af athugunum jákvæð ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að setja tollfrjálst svæði á stofn með tilkomu þeirra lagaheimilda sem hér er lagt til að verði lögfestar.

2.7 Ákvörðun tollverðs

Hinn 21. apríl 1968 gerðist Ísland fullgildur aðili að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (GATT) sem gert var hinn 30. október 1947, ásamt bókun þeirri við samkomulagið sem gerð var hinn 30. júní 1967 í Genf. Með aðild sinni að GATT má segja að Ísland hafi látið í ljós vilja sinn til að efla viðskiptaleg og efnahagsleg tengsl sín jafnt við aðildarríki GATT sem önnur ríki með það að markmiði, eins og segir í inngangsorðum Hins almenna samkomulags, „... að bæta lífskjör, tryggja næga atvinnu og miklar, stöðugt vaxandi tekjur og raunverulega eftirspurn sem nýti að fullu náttúrugæði heimsins og auki framleiðslu og vöruskipti“. Til þess að ná þessu markmiði hafa aðildarríki GATT lýst yfir vilja sínum til þess að gera með sér gagnkvæma samninga öllum til hagsbóta sem lækki verulega tolla, dragi úr öðrum viðskiptahömlum og afnemi mismunun í alþjóðaviðskiptum.

Genfarbókunin frá 1967 var árangur marghliða tollaviðræðna og var mikilvægur áfangi í átt að ofangreindu markmiði GATT. Framhald þessara viðræðna voru síðan marghliða viðskiptaviðræður á vegum GATT á árunum 1973—1979, Tókýóviðræðurnar svonefndu, en árangur þeirra var sá að 30. júní 1979 var formlega gengið frá Genfarbókuninni 1979. Bókun þessi, sem Ísland gerðist aðili að frá og með 1. janúar 1980, leiddi til umtalsverðra tollalækkana á grundvelli tollaívilnanalista sem nokkrir þátttakenda í ofangreindum samningaviðræðum höfðu lagt fram, þ. á m. Ísland.

Með síðast nefndum viðræðum var ekki aðeins stefnt að lækkun tolla eða afnámi tolla og fækkun eða afnámi annarra viðskiptatálma en tolla heldur einnig mótun hins marghliða

viðskiptakerfis í heiminum og alþjóðlegra viðskiptatengsla í náinni framtíð. Snerust Tókíóviðræðurnar því auk tolla um viðskiptatálma, aðra en tolla, og aðrar ráðstafanir sem skapa tálma í alþjóðaviðskiptum með ýmsar vörur. Jafnframt Genfarbókuninni var þannig í apríl 1979 gengið frá fimm samningum vegna viðskiptatálma annarra en tolla.

Meðal þessara samninga var samningur um framkvæmd 7. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, hér á eftir nefndur Tollverðssamþykktin, sem fjallar um ákvörðun tollverðs vara. Fylgir samningur þessi frumvarpinu sem fylgiskjal 1.

Ljóst er að það getur verulega hamlað milliríkjavíðskiptum hvernig staðið er að ákvörðun tollverðs. Óvissa um verðmæti innfluttrar vöru vegna álagningar tolla getur haft í för með sér meiri viðskiptahöft en tollurinn sjálfur. Tollverðið skiptir ekki aðeins máli vegna álagningar tolla heldur er það einnig notað sem grundvöllur fyrir álagningu skatta og gjalda miðað við innflutning og við veitingu leyfa og innflutningskvóta þegar slíkt er byggt á verðmæti vara.

Tollverðssamþykktinni er ætlað að vera sanngjarnt, samræmt og hlutlaust kerfi til að ákvarða tollverð vara, kerfi sem sé í samræmi við raunveruleika í viðskiptum og útiloki að tollverð sé ákveðið að geðþótta eða tilbúið. Tollverðssamþykktin felur í sér endurskoðaðar verðákvörðunarreglur til fyllingar þeim ákvæðum um verðákvörðun sem þegar er að finna í GATT en skortir á að sé fullkominn verðákvörðunarstaðall.

Í Tollverðssamþykktinni, sem gert var ráð fyrir að öðlaðist gildi 1. janúar 1981 gagnvart þeim ríkjum sem gerst hefðu aðilar að henni fyrir þann tíma en er að öðru leyti opin til samþykktar öðrum ríkjum eftir þann tíma, felast fimm verðákvörðunaraðferðir í forgangsroð sem tollstarfsmenn allra aðildarríkja verða að fylgja. Samkvæmt henni verður að fullreyna hvort tollverð verður ekki fundið með fyrstu aðferðinni áður en heimilt er að nota aðferð sem er önnur í röðinni o.s.frv. Til fyllingar ákvæðum Tollverðssamþykktarinnar eru ítarlegar túlkunarreglur sem eru óaðskiljanlegur hluti samþykktarinnar og skýringar einstakra greina skulu byggðar á. Í samþykktinni er gert ráð fyrir stofnun Tollverðsnefndar er sjái um framkvæmd samþykktarinnar og veiti aðildarríkjum aðstöðu til samráðs um stjórnun hennar. Jafnframt er gert ráð fyrir að stofnuð verði Tækninefnd á vegum Tollasamvinnuráðsins í Brussel. Að öðru leyti vísast um Tollverðssamþykktina til fylgiskjals 1 með frumvarpi þessu og athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins er snerta tollverð og tollverðsákvörðun, sbr. kafla IV.

Tollverðssamþykktin, sem gerð var í Genf á árinu 1979 og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, mun á næstu árum hafa veruleg áhrif á verðákvörðunarreglur þær sem helstu viðskiptaþjóðir Íslendinga hafa tekið í lög og beitt við tollútreikning. Fram til þessa hafa fjölmargar þjóðir ýmist verið aðilar að samþykkt þeirri um verðákvörðun vara við tollútreikning sem gerð var í Brussel 15. desember 1950, hér á eftir nefnd Brussel-samþykktin, eða fylgt henni í framkvæmd. Brusselsamþykktin var undirrituð fyrir Íslands hönd 15. desember 1950 og síðan formlega tekin upp 1968, sbr. lög nr. 85/1968, á sama tíma og Ísland gerðist aðili að GATT, enda annað óhjákvæmilegt með tilliti til þess að samþykktir samkvæmt GATT-samkomulaginu eru gerðar í samræmi við samþykktir þær sem gerðar voru í Brussel 1950, um Tollasamvinnuráðið, verðákvörðunina og sameiginlega tollskrárfyrirmynd.

Ýmsar þjóðir hafa nú sagt upp aðild sinni að Brusselsamþykktinni og tekið upp hinar nýju verðákvörðunarreglur sem Tollverðssamþykktin hefur að geyma. Þannig sögðu aðildarríki Efnahagsbandalags Evrópu upp aðild sinni að Brusselsamþykktinni í júní 1979 og tóku verðákvörðunarreglur Tollverðssamþykktarinnar upp frá og með 1. júlí 1980. Auk þessara ríkja sögðu eftirtalin ríki upp aðild sinni að Brusselsamþykktinni: Austurríki, Finnland, Grikkland, Japan, Noregur og Svíþjóð. Gerðust Finnland, Noregur og Svíþjóð aðilar að Tollverðssamþykktinni í desember 1979 og tóku nýjar verðákvörðunarreglur upp í

árslok 1980. Auk þeirra ríkja sem nefnd hafa verið hér að framan hafa fjölmörg önnur ríki gerst aðilar að Tollverðssamþykktinni, þar á meðal Bandaríkin sem hafa undirritað samþykktina með fyrirvara um lögfestingu síðar.

Fyrirsjáanlegt er að tilkoma Tollverðssamþykktarinnar og aðild Efnahagsbandalagsins (EBE) og flestra aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) að henni mun leiða til breytinga á svonefndum upprunareglum sem ákvarðandi eru um það hvort vörur framleiddar innan fríverslunarsvæðanna geti notið fríverslunarmedferðar (tollfríðinda) sem samningar þar að lútandi gera ráð fyrir. Fríverslunarmedferð samkvæmt fríverslunarsamningunum við EFTA og EBE er að því er ýmsar vörur varðar háð því að verðmæti ýmissa efnivara, sem notaðar hafa verið til framleiðslu vara innan fríverslunarsvæðanna en upprunnar eru utan þeirra, fari ekki að verðmæti fram úr tilteknum hluta af heildarverðmæti hinna framleiddu vara. Samkvæmt fríverslunarsamningunum er gert ráð fyrir að við ákvörðun á verðmæti efnivaranna sé fylgt reglum þeim sem er að finna í nefndri samþykkt um verðákvörðun vara við tollútreikning sem gerð var í Brussel. Vegna uppsagnar Efnahagsbandalagsríkjanna og ýmissa EFTA-landa á Brusselsamþykktinni og aðildar að Tollverðssamþykktinni eru nú í undirbúningi breytingar á nefndum upprunareglum sem gera ráð fyrir að uppruni vara muni ráðast af því hvort verðmæti efnivara sem upprunnar eru utan fríverslunarsvæðanna, skýrgreint samkvæmt verðákvörðunarreglum Tollverðssamþykktarinnar, sé innan þeirra marka sem fríverslunarsamningarnir gera ráð fyrir. Ekki liggur fyrir hvenær breytingar þessar verða tilbúnar til samþykktar en vænta má að það verði á árinu 1987.

Þegar höfð er í huga aðild Íslands að GATT-samkomulaginu, 7. gr. þess um ákvörðun tollverðs, sbr. fylgiskjal 1, markmið GATT-samkomulagsins sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, aðild helstu viðskiptaþjóða Íslands að Tollverðssamþykktinni og fyrirhugaðar breytingar á samningi Íslands við Efnahagsbandalagið og samþykkt Fríverslunarsamtakanna verður að telja tímabært að verðákvörðunarreglur Tollverðssamþykktarinnar séu teknar upp í íslensk tollalög og fjalla 8.—10. gr. frumvarpsins um það. Með tilliti til þeirra fjölþjóðlegu viðskiptasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að og hér hefur verið vikið að svo og samvinnu Íslands við aðildarríkin um framkvæmd samninganna verður jafnframt að telja rökrétt framhald slíkra breytinga á tollskrárlögum að Ísland gerist aðili að Tollverðssamþykktinni með formlegum hætti.

Athugasemdir við einstakar greinar

Um 1. gr.

Í grein þessari eru skýrgreind nokkur hugtök sem koma fyrir í einstökum ákvæðum frumvarpsins. Efnislega svarar hún til 1. gr. gildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit og 2. mgr. 14. gr. tollskrárlaga. Nokkrum skilgreiningum hugtaka hefur þó verið aukið við og gildandi ákvæði aðlöguð hugmyndum um breytt fyrirkomulag á afhendingu vara.

Ýmis réttaráhrif eru t.a.m. tengd tollmedferð vöru og getur skipt verulegu máli við hvaða atvik miða eigi stofnun réttinda eða skyldu í því sambandi. Í 2. mgr. greinarinnar er því sérstaklega kveðið á um það hvenær vara teljist tekin til tollmedferðar. Þar sem gert er ráð fyrir að skráðum innflytjendum verði veitt heimild til þess að taka vöru í sína vörslu án þess að aðflutningsskýrsla hafi verið lögð fram er talið eðlilegast að miða réttaráhrif, sem tengjast tollmedferð viðkomandi vöru, við þann tíma er leyfi tollstjóra er veitt til afhendingar, sbr. c-lið 2. mgr. greinarinnar. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 2. gr.

Í lögum þeim sem fjalla um álagningu eða innheimtu aðflutningsgjalda, þ.e. þeirra skatta sem lagðir eru á og innheimtir vegna innflutnings á vörum í viðtækustu merkingu þess

orðs, er hvergi almennt kveðið á um hverjir séu tollskyldir hér á landi. Í einstökum lögum sem um þessi efni fjalla er hins vegar kveðið á um andlag skattlagningarinnar og talað um tollskyldar vörur og að innflytjendum þeirra beri að greiða af þeim aðflutningsgjöld. Þeir sem greiða þannig aðflutningsgjöld af innfluttum vörum eru almennt nefndir tollskyldir aðilar.

Skv. 2. gr. frumvarpsins er tollskyldan gerð afdráttarlaus. Allir, bæði einstaklingar og lögaðilar, sem flytja vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota verða því tollskyldir samkvæmt þessari grein. Gert er ráð fyrir að sama gildi um þá sem tollskyldir eða ábyrgir verða fyrir greiðslu tolla með öðrum hætti en að framan er getið vegna vörslu á vörum, t.d. flutningsaðilar, skipafélög, flugfélög og aðrir sem annast flutning á vörum til landsins eða innanlands, eða aðilar sem veitt hefur verið heimild til geymslu á ótollaafgreiddum vörum, t.d. aðilar sem reka tollvöruheymslur eða falin hefur verið varsla vara í öðrum tilvikum. Þeir teljast einnig tollskyldir skv. 2. gr. sem taka vörur úr vörslu farmflytjenda eða annarra sem heimild hafa til að geyma ótollaafgreiddar vörur án þess að fyrir liggja heimild tollyfirvalds til slíkrar ráðstöfunar. Fjalla ýmis ákvæði frumvarpsins um stofnun slíkrar tollskyldu eða ábyrgðar á tollum og vísast til viðkomandi greina þar um.

Um 3. gr.

Í þessari grein er skilgreint hvaða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, beri takmarkaða tollskyldu hér á landi.

Skv. 1. tl. er er lagt til að tekið verði skýrt fram að forseti Íslands skuli undanþeginn greiðslu tolla eða annarra gjalda vegna innflutnings á vörum til persónulegra nota eða vara sem honum eru sendar að gjöf. Innflutningur maka forseta er lagður að jöfnu við innflutning hans. Gert er ráð fyrir að tollfrelsi forseta og maka hans taki ekki til neins konar innflutnings sem tengist sjálfstæðum atvinnurekstri sem hann eða maki hans kunna að eiga aðild að. Þá tekur undanþáguákvæði þetta hvorki til handhafa forsetavalds í fjarveru eða forföllum forseta né forsætisráðuneytisins.

Tollfrelsi forseta Íslands er í sjálfu sér ekki nýmæli þar sem hann er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum skv. 2. gr. laga nr. 3/1964 um laun forseta Íslands. Hefur svo verið um þjóðhöfðingja allt frá því að embætti ríkisstjóra Íslands var stofnað 1941. Hins vegar er edlilegast að í löggjöf sem fjallar um innheimtu tolla sé tollfrelsi forsetans áréttæð sérstaklega í þeim ákvæðum sem kveða á um takmarkanir á tollskyldunni.

Ákvæði 2. og 3. tl. 3. gr. frumvarpsins eru efnislega samhljóða 8. og 9. tl. 2. gr. gildandi tollskrárlaga en þó hafa ákvæði þau sem kveða á um ýmis skilyrði sem eru forsenda tollfrelsis vara skv. 8. tl. verið felld niður svo og upptalning vara í 9. tl. Er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur þar að lútandi sem gangi í svipaða átt og nú gildir, en gætt verði við setningu þeirra ákvæða tveggja alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að varðandi tollfrelsi sendiráða, sendiræðismannsskrifstofa, diplómatískra sendimanna, sendiræðismanna erlendra ríkja svo og kjörræðismanna. Er hér átt við svonefnda Vfnarsamninga, annars vegar um stjórn málasamband og hins vegar ræðissamband, sem hafa lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 16/1971 og lög nr. 4/1978.

Að lokum eru í 4. tl. 3. gr. frumvarpsins nefndir aðilar sem undanþegnir eru tollskyldu að takmörkuðu leyti með sérstökum lögum. Sem dæmi um aðila er slíkra réttinda njóta má nefna Sameinuðu þjóðirnar. Með lögum nr. 13/1948 um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna voru samtökin m.a. undanþegin tollum að því er snertir muni sem samtökin flytja til landsins til eigin notkunar, að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. b-lið 7. gr. fylgiskjals með nefndum lögum. Þá má benda á 3.–5. tl. 8. gr. fylgiskjals með lögum nr. 110/1951 um lagagildi

varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Gert er ráð fyrir skv. 2. mgr. greinarinnar að fjármálaráðherra geti sett nánari reglur um framkvæmd undanþága samkvæmt henni.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um andlag tollskyldunnar. Skv. 1. mgr. eru allar vörur tollskyldar sem koma inn á tollsvæði ríkisins. Því er svo fyrir mælt að af öllum vörum skuli greiða toll nema annað sé tekið fram í einstökum ákvæðum frumvarpsins eða sérlögum. Tollskyldan stofnast samkvæmt þessu við komu vöru inn á tollsvæði ríkisins sem er nánar skýrgreint í 26. gr. frumvarpsins. Er ákvæði þetta samhljóða 1. másl. 1. gr. gildandi tollskrárlaga.

Samkvæmt tollskrárlögum er meginefni 1. gr. laganna tollskráin, þ. e. skrá yfir hinar tollskyldu vörur og tollur sá sem á þær skal lagður.

Svo sem kunnugt er og óbeint er vikið að hér að framan hófst á ný eftir síðari heimstýrjöldina alþjóðasamvinna í fjölmörgum greinum, m.a. um tollamál. Samvinna þessi leiddi til að undirrituð var í Brussel 15. desember 1950 samþykkt um vöruflokkun í tollskrá. Í samþykktinni fólst m.a. að skrár einstakra landa skyldu samræmdar að formi til og var á vegum hlutadeigandi aðila samin tollskrárfyrirmynd, nefnd Brusselskráin. Framangreind samþykkt var undirrituð sama dag af hálfu Íslands en gildistaka hér á landi er háð fullgildingu. Tollskrárfyrirmyndin, sem nú er nefnd tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins (The Customs Cooperation Council Nomenclature, skammstafað CCCN), var tekin upp í tollskrárlög árið 1963 og var fyrirhugað í sambandi við hina nýju tollskrá að fullgilda samþykktina af Íslands hálfu. Það hefur þó ekki enn verið gert.

Frá því að tollnafnaskráin var tekin upp hafa verulegar breytingar verið gerðar á henni af hálfu Tollasamvinnuráðsins og hefur hin síðari ár verið leitast við að leiðrétta íslensku tollskrána jafnóðum þannig að hún væri jafnan í samræmi við tollskrár þeirra þjóða sem nota sömu fyrirmynd. Vegna þess að tollskráin er bundin í lögum hefur ávallt þurft að bera breytingar á flokkun vara samkvæmt tollskránni undir Alþingi og leita samþykkis þess, þótt hér hafi fyrst og fremst verið um tæknilegar breytingar að ræða sem ekki hafa áhrif á tolla sem á einstökum vöruflokkum kunna að hvíla. Þar sem málsmeðferð fyrir Alþingi er tiltölulega þung í vöfum með tilliti til tæknilegra breytinga sem hér um ræðir hefur gætt tilhneigingar til þess að draga þær á langinn. Þó hafa sjónarmið er varða öflun tölfraðilegra upplýsinga ráðið hér einhverju um því að uppskipting vara í nýja flokka gerir slíka upplýsingaöflun erfiðari ef breytingar koma til þegar vinna við öflun efnis, t.d. í verslunarskýrslur, er hálfnuð miðað við ákveðið tímabil. Slík vandamál ætti hins vegar að vera hægt að leysa í samráði við Hagstofu Íslands sem hefur með almenna öflun upplýsinga að gera úr aðflutningsskýrslum og úrvinnslu þeirra. Með frumvarpi þessu er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að gera á henni nauðsynlegar leiðréttingar, m.a. til þess að færa hana í framtíðinni jafnóðum til samræmis við tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins eins og hún kann að vera hverju sinni. Slíkt fyrirkomulag mundi einfalda allar slíkar tæknilegar breytingar á tollskránni, en ljóst er hins vegar að tolltaxtabreytingar yrðu eftir sem áður að hljóta samþykki Alþingis í formi laga. Að öðru leyti er vísað um fyrirkomulag þetta og framkvæmd til athugasemda við 143. gr. hér á eftir.

Um 5. gr.

Grein þessi er efnislega að mestu samhljóða 2. gr. gildandi tollskrárlaga. Þær breytingar eru þó ráðgerðar að ákvæði 8. og 9. tl. sem fjalla um tollfrjálsan innflutning á vörum til sendiráða, sendiráðisskrifstofa, diplómátskra sendimanna, sendiráðismanna og kjöræðis-

manna erlendra ríkja verði felld niður enda gert ráð fyrir að aðilar þessir njóti takmarkaðs tollfrelsis skv. 3. gr. frumvarpsins, sbr. athugasemdir við þá grein. Jafnframt er lagt til að ákvæði 7. tl. 2. gr. gildandi laga verði rýmkuð þannig að ökutæki og önnur farartæki sem ekki eru vélknúin verði undanþegin tollum vegna búferlaflutninga til landsins.

Í 2. mgr. er heimild til handa fjármálaráðherra til þess að setja nauðsynlegar reglur til að tryggja í framkvæmd að samræmi verði í þeim tilvikum þegar vörur eiga að njóta tollfrelsis samkvæmt ákvæði 1. mgr. Er óhjákvæmilegt að fjármálaráðherra geti sett tollfrelsi samkvæmt greininni einhver takmörk.

Um 6. gr.

Ákvæði 6. gr. frumvarpsins, sem fjallar um ýmsar undanþágu-, lækkunar- og samræmingarheimildir, svara til 3. gr. gildandi tollskrárlaga. Lagt er til að ýmsar breytingar verði gerðar á ákvæðum gildandi laga. Fela þær ýmist í sér efnisbreytingar á einstökum heimildarákvæðum eða lagt er til að þau verði felld niður. Skal hér á eftir gerð grein fyrir einstökum heimildarákvæðum sem lagt er til að haldist áfram í lögum, breytingum á þeim eða upptöku nýrra heimilda en að lokum verður gerð grein fyrir þeim heimildum, sem lagt er til að verði felldar úr gildi.

1. tl. Heimildarákvæði þetta er samhljóða 6. tl. 3. gr. gildandi laga, sbr. 11. gr. laga nr. 3/1986.

Í 2. másl. er nýmæli sem lagt er til að tekið verði upp til að fyrirbyggja að óhæfilegur mismunur verði á tollum milli viðskiptasvæða.

2. tl. Ákvæðið svarar til heimildarinnar í 1. tl. 3. gr. gildandi laga.

3. tl. Ákvæði þetta svarar til heimildarákvæðis sem nýlega var tekið upp með lögum nr. 46/1984.

4.—6. tl. Heimildarákvæði þessi eru efnislega samhljóða 3.—5. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

7. tl. Undanþáguákvæði þetta svarar til heimildarinnar í 10. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga. Lagt er til að skilyrðið um tveggja ára búsetu erlendis verði stýtt í eitt ár með hliðsjón af fenginni reynslu fjármálaráðuneytisins, en á síðari árum hefur færst í vöxt að Íslendingar, sem tekið hafa sér búsetu erlendis til skamms tíma, t.d. vegna starfsþjálfunar eða náms, hafi komið í orlofi til landsins eftir árs dvöl erlendis og tekið með sér bifreiðar sínar.

Samkvæmt gildandi lögum hafa aðilar sem flytja búferlum til landsins heimild til að hafa bifreiðar hér á landi í allt að þrjú mánuði án þess að greiða af þeim tolla og önnur gjöld. Engin sérstök rök hníga til þess að aðilar sem flytja til landsins njóti sérstakra réttinda hvað innflutning bifreiða áhrærir umfram þá sem fasta búsetu hafa hér á landi og flytja bifreiðar til landsins til eigin nota. Eðlilegast er að bifreiðar sem menn flytja með sér til landsins séu tollafgreiddar endanlega inn í landið ásamt öðrum lausafjármunum sem talist geta til búslóðar eða annars innflutnings viðkomandi. Er því lagt til, þegar svo stendur á sem hér hefur verið rakið, að tollar og önnur gjöld verði greidd þegar við innflutning bifreiðar en innflytjendum hins vegar veittur hæfilegur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum með þeim vöxtum sem almennt gilda í sambærilegum lánsviðskiptum bankanna. Þar sem ákvörðun um vaxtakjör er ekki lengur alfarið í höndum Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 36/1986, er lagt til að ráðherra ákveði vexti í þessu tilviki með reglugerð. Gert er ráð fyrir til samræmis, að sé bifreið, sem tímabundinn tollfrjáls innflutningur hefur verið leyfður á, ekki flutt úr landi á tilskildum tíma þá skuli auk aðflutningsgjalda og kostnaðar innheimta sömu vexti af þeim aðflutningsgjöldum sem frestað hefur verið innheimtu á, talið frá komudegi flutningsfars til landsins. Þá er lagt til að heimildarákvæðið verði látið taka til innflutnings á öðrum farartækjum eftir því sem við getur átt, t.d. skemmtibáta.

8. tl. Heimildarákvæði þetta svarar til 25. tl. 3. gr. tollskrárlaga. Þá er lagt til að tekin verði upp heimild til þess að auðvelda verktökum að flytja úr landi vinnuvélar með því að endurgreiða tolla af tækjunum miðað við notkun þeirra hér á landi og m.a. gera þá samkeppnisfærari vegna útboðsverka erlendis.

9. tl. Heimildarákvæði þetta er efnislega samhljóða ákvæði 2. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga og 56. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit. Samkvæmt frumvarpi þessu er þó lagt til að heimilt verði, auk þeirra tilvika sem um ræðir í gildandi lögum, að lækka eða fella toll niður af vörum sem eyðileggjast, rýrna eða verða fyrir skemmdum í tollvörugeymslum. Þykir óeðlilegt að vörur sem þar eru geymdar sæti annarri meðferð að þessu leyti en vörur sem geymdar eru hjá farmflytjendum. Vörur sem settar eru í tollvörugeymslur eru ótollafgreiddar að öðru leyti en því að aðflutningskýrsla hefur verið um þær gerð til þess að heimila flutning þeirra úr geymslu farmflytjenda í tollvörugeymslur, sem nú eru almennt reknar af aðilum sem hafa til þess sérstaka heimild ráðherra. Við flutninginn flyst ábyrgðin á greiðslu aðflutningsgjalda frá farmflytjanda til tollvörugeymslunnar. Innflytjandi vörunnar hefur eftir sem áður ekki ráðstöfunarrétt yfir henni án þess að greiða af henni lögboðin gjöld og er hún jafnframt að veði fyrir slíkum gjöldum. Að öðru leyti er réttur innflytjanda til þess að umgangast vöruna bundinn ýmsum takmörkunum samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl., sbr. 74. gr. frumvarpsins, og verða þær takmarkanir að teljast nægilegar til að tryggja hagsmuni ríkissjóðs að því er greiðslu aðflutningsgjalda varðar.

Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. gildandi tollskrárlaga er tollyfirvaldi heimilt að lækka tollverð vöru sem nemi bótum er innflytjandi fær vegna rýrnunar eða skemmda sem verða á vöru á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda eða í viðurkenndum geymslum farmflytjanda, áður en hún er afhent honum, enda eigi hann eða aðrir ekki sök á rýrnuninni eða skemmdunum. Heimildarákvæði þetta er ekki samrýmanlegt reglum þeim sem lagt er til að teknar verði upp um ákvörðun tollverðs vöru, sbr. 8. gr. frumvarps þessa. Atvik þau sem um ræðir hér að framan hafa í flestum tilvikum engin áhrif á viðskiptaverð viðkomandi vöru, þ. e. það verð sem kaupandi greiðir eða honum ber að greiða seljanda, nema seljandi hafi tekið ábyrgð á vörunni. Er því lagt til að nefndri heimild verði breytt þannig að um verði að ræða ákvæði er feli í sér heimild til að lækka toll á vöru undir þeim kringumstæðum sem að framan greinir. Í gildandi lögum er sú takmörkun gerð að því er varðar lækkun eða niðurfellingu tolls í nefndum tilvikum, að eigi á að fallast á beiðni um lækkun eða niðurfellingu gjalda ef innflytjandi á sök á verðrýrnun vörunnar. Hér er væntanlega átt við að rýrnun eða skemmdir séu til komnar vegna beinna aðgerða innflytjanda en engan veginn er það tvímælalaust. Vörur geta eðli sínu samkvæmt rýrnað eða eyðilagst með tímanum eins og rokgjörn efni, ljósnæmar filmur o. þ. h. Þegar um slíkar vörur er að ræða getur viðtakandi með óbeinum hætti eða athafnaleysi sínu, t. d. með því að láta vöru liggja lengi ótollafgreidda í vörslu farmflytjanda, stuðlað að rýrnun hennar og þannig átt sök á ástandi vörunnar. Aðstæður á markaði geta hins vegar verið undirrot athafnaleysis innflytjanda og er þá varla við hann að sakast. Lagt er til að horfið verði frá því að láta ákvörðun um notkun heimildarinnar ráðast af því hvort hægt sé að áfella innflytjanda eða ekki en í þess stað verði heimilt að taka tillit til rýrnunar eða skemmda allt til þess tíma er heimild er veitt til afhendingar á vöru frá farmflytjanda eða úr tollvörugeymslu. Á því tímamarki er hún tekin til nota eða neyslu og um leið ræðst oftast söluverð hennar. Þessi regla er að öðru leyti í samræmi við þær reglur sem gilda um álagningu söluskatts og ekki óeðlilegt að hliðstæðar reglur gildi um ákvörðun tolla. Gert er ráð fyrir að settar verði nánari reglur um heimild þessa þar sem m.a. verði kveðið á um greiðslu kostnaðar vegna nauðsynlegs eftirlits og mats á tjóni ef slíkt verður talið nauðsynlegt vegna ákvörðunar tolla.

10. tl. Ákvæðið svarar til 7. og 9. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga. Á heimildarákvæði þessu er þó lagt til að þær breytingar verði gerðar í fyrsta lagi að verðmætismörk varðandi gjafir verði ekki lengur fastbundin í lögum. Er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra ákveði þá fjárhæð í reglum sem settar yrðu um heimildarákvæðið. Samkvæmt gildandi tollskrárlögum er verðmæti gjafa bundið við 100 kr. og hefur svo verið frá 1978. Er ljóst að fjárhæð þessi er í engu samræmi við verðlagsþróun sem verið hefur hér á landi frá því henni var síðast breytt 1978. Verður að telja heppilegast að fjármálaráðherra hafi heimild til að setja verðmæti gjafa ákveðin mörk og líti þá til forsögu þessarar heimildar að því er fjárhæð varðar og verðlagsþróunar hér á landi á hverjum tíma. Þá er jafnframt lagt til að ráðherra geti takmarkað niðurfellingu tolls við ákveðna vöruflokka.

11. tl. Heimildarákvæðið er efnislega samhljóða 8. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

12. tl. Ákvæðið svarar til 16. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

13. tl. Nær samhljóða ákvæði er að finna í 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga. Breytingar þær sem felast í frumvarpi um tollskrá sem lagt verður fram samhliða vörugjaldsfrumvarpi á þessu þingi miða að því m. a. að jafna samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna í heild með tilliti til tollfrelsis á vélum, tækjum og véla- og varahlutum. Hefur verið leitast við að ná til allra helstu vinnsluvéla í því sambandi. Ef jöfnuður á að ríkja milli atvinnuveganna verður sama reglan að gilda um þær í heild. Er því lagt til að felld verði niður heimild sú sem tekin var upp 1977 gagnvart samkeppnisiðnaði, enda má segja að aðlögunartímanum hafi í raun lokið 1980 og með frumvarpi þessu séu uppfyllt þau loforð sem gefin voru iðnaðinum við inngönguna í EFTA 1970 að því er varðar breytingar á tollum. Vísast að öðru leyti til greinargerðar í því frumvarpi um niðurfellingu tolla af vélum, varahlutum og efnivörum til innlendrar framleiðslu. Gert er ráð fyrir að heimildin taki einnig til þeirra tilvika sem um ræðir í 11. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

14. tl. Í 13. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga er takmörkuð heimild til samræmingar á gjöldum milli vöruflokka. Er beiting hennar bundin því skilyrði að um sé að ræða vörur úr mismunandi efni. Í framkvæmd hefur verið litið svo á að einungis væri heimilt að samræma gjöld til lækkunar og hafa allar ákvarðanir um samræmingu gengið í þá átt. Þessi niðurstaða verður að teljast mjög óeðlileg takmörkun á heimildum framkvæmdarvaldsins til þess að ná samræmdri gjaldtöku á milli vörutegunda sem að allri gerð eru sams konar. Heimild sem aðeins er hægt að nota til lækkunar getur leitt til þess að minni hluti vörutegunda getur stýrt skattlagningunni og leitt til skattalækkunar sem ekki var stefnt að við lagasetninguna. Til þess að sneiða hjá svo einhæfri lausn í þessu sambandi er lagt til að núverandi heimildarákvæði verði breytt þannig að heimilt verði að samræma gjöld jafnt til hækkunar sem lækkunar. Að sjálfsögðu takmarkast heimild til hækkunar gjalda við þau gjöld sem tollskráin kveður á um, sem tryggir skattborgurunum þá vernd sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir, þ. e. að skattar séu lækkaðir, hækkaðir eða felldir niður með heimild í lögum eftir almennum efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu.

Tollskráin er flókið tæki til álagningar skatta, sérstaklega þegar gert er ráð fyrir að gera eigi upp á milli einstakra vöruflokka. Við tillögugerð um tolltaxta fyrir vissar vörutegundir getur komið upp, eftir lögfestingu taxta einstakra tollskrárnúmera, ósamræmi í framkvæmd sem ekki var séð fyrir og óviðunandi er að ekki sé leiðrétt. Við samræmingu bæri framkvæmdarvaldinu að leita lausnar til samræmingar með samanburði skattlagningar sams konar vörutegunda í heild, og lækka eða hækka toll þannig að jafnræði næðist með tilliti til meiri hluta þeirra vörutegunda sem sama toll bæru.

15. tl. Heimildarákvæðið svarar til 18. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

16. tl. Heimild þessi er samhljóða 21. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

17. tl. Ákvæði þetta er samhljóða 26. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

18. tlf. Ákvæði þetta svarar til 23. tlf. 3. gr. gildandi tollskrárlaga. Sú breyting er þó ráðgerð, að ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda verði alfarið lögð á innflytjanda en ekki jafnframt farmflytjanda eins og nú er gert. Hagsmunir ríkissjóðs ættu að vera nægilega tryggðir með þeim hætti. Auk þess má segja að óeðlilegt sé að leggja slíka ábyrgð á farmflytjanda sem ekki getur komið við eftirliti með vörunni eftir að innflytjandi eða t.d. ryðvarnarstöð hefur veitt henni viðtöku. Núverandi skipan þessara mála er auk þess flókin og kostnaðarsöm í framkvæmd. Eftir sem áður verður að gera ráð fyrir að leyfisveitingu megi binda því skilyrði að farmflytjandi veiti vörunni viðtöku að nýju að lokinni aðvinnslu.

19. tlf. Heimildarákvæðið svarar til 39. og 40. tlf. 3. gr. gildandi tollskrárlaga. Komi til staðfestingar ríkisstjórnar Íslands á svonefndum Flórens-sáttmála vísast til 1. tlf. þessarar greinar.

20.—21. tlf. Ákvæði 20. og 21. tlf. eru samhljóða 42. og 49. tlf. gildandi tollskrárlaga.

Hér á eftir skal gerð grein fyrir heimildarákvæðum þeim í 3. gr. tollskrárlaga sem lagt er til að felld verði úr gildi og ekki hefur verið getið hér að framan.

1. Í allmörg ár hafa verið í gildi sérstakar reglur um tollmeðferð bifreiða er ráðherrar og sendiráðsstarfsmenn kaupa eða flytja til landsins. Reglur þessar voru lögfestar á árinu 1970 með lögum nr. 1 um tollskrá o. fl. er tekin var upp heimild í 14. tlf. 3. gr. tollskrárlaga til niðurfellingar gjalda af bifreiðum þessara ríkisstarfsmanna. Nánari reglur um framkvæmd heimildarinnar var að finna í reglugerð nr. 6/1970 um bifreiðamál ríkisins. Í 10. gr. hennar var svohljóðandi ákvæði um bifreiðamál ráðherra:

„Hver ráðherra getur fengið til umráða ríkisbifreið, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Bifreiðar þessar skulu sérstaklega auðkenndar, og er óheimil notkun þeirra nema í embættisþágu.

Ráðherra, sem ekki óskar að fá til umráða ríkisbifreið, á kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við embætti, með sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðherra, er lætur af embætti. Heimilt er að veita ráðherra í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra, sem haft hafa ríkisbifreið til afnota.“

Um friðindi starfsmanna utanríkisráðuneytisins o. fl. var í 11. gr. reglugerðarinnar svohljóðandi ákvæði, sbr. reglugerðir nr. 325/1983 og nr. 107/1985 um breyting á 1. mgr. hennar:

„Heimilt er að veita starfsmönnum utanríkisþjónustunnar undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreið er þeir flytja heim eftir eigi skemmra en þriggja ára samfelld starf erlendis. Gildir þetta þó ekki nema einu sinni á sjö ára fresti. Undanþágan verður því aðeins veitt, að utanríkisráðuneytið mæli með henni hverju sinni. Ambassadorar sem flytja heim njóta framangreindra hlunninda án tímatakmarkana. Sama skal gilda um starfsmenn á Norðurlandaskrifstofum Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og starfsmenn forsætisnefndar Norðurlandaráðs, sem þar hafa starfað samfelld í minnst tvö ár, enda liggja fyrir ákvörðun fjármálaráðuneytisins þar að lútandi hverju sinni.

Bifreið, sem hefur verið innflutt þannig, má ekki selja fyrir en að þremur árum liðnum frá heimflutningi, nema aðflutningsgjöld séu greidd.

Ambassadorar, sem nú hafa ríkisbifreið til afnota, eiga kost á að kaupa hana eða aðra bifreið og njóta láns í því sambandi með sama hætti og forstjórar ríkisstofnana, sbr. ákvæði til bráðabirgða.“

Heimildarákvæði þetta var upphaflega tekið í lög til þess að lögfesta fyrirkomulag sem venja hafði skapast um eins og kom fram í rökstuðningi framsögumanns fyrir máli þessu á sínum tíma. Viðhorf til þessara mála eru nú nokkuð önnur. Þannig var á þeim tíma er heimildin var upp tekin talið hagkvæmara fyrir ríkissjóð að veita nefndum starfsmönnum eftirgjöf gjalda í stað þess að greiða þeim fyrir afnot ríkisins af bifreiðum í þeirra eigu. Var því eftirgjöfinni ætlað að koma á móti útlögðum kostnaði við rekstur bifreiðar. Með þessum

hætti var einnig stillt í hóf fjölda bifreiða í eigu ríkisins sem gera má ráð fyrir að hefði að öðrum kosti aukist eitthvað. Sjónarmið þessi eru í sjálfu sér í fullu gildi að því er rekstrarútgjöld ríkisins varðar. Hins vegar hafa aðstæður breyst verulega í þjóðfélaginu varðandi bifreiðaeign landsmanna sem á skömmum tíma er orðin eins og hún gerist mest í nálægum löndum. Ekki er lengur litið á bifreið sem lúxusvöru sem án megi vera í nútíma þjóðfélagi, heldur nauðsynlegt samgöngutæki, hvort sem um lengri eða skemmri vegalengdir er að fara og hvaða erindum sem sinna þarf. Almenn eign á bifreiðum hefur því óhjákvæmilega breytt afstöðu manna til hvers konar frávika sem gilt hafa um skattalega meðferð þeirra, jafnvel þótt slík frávik hafi í öndverðu verið talin hagfelld fyrir ríkissjóð.

Ríkisstjórnin tók á árinu 1985 bifreiðamál ríkisins til athugunar með tilliti til þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið á núverandi skipan þessara mála. Var það mat hennar að eðlilegast væri við núverandi aðstæður að hverfa frá þeirri skipan sem komið var á 1970 og gera í þess stað ráð fyrir að sömu meginreglur yrðu látnar gilda framvegis um allar greiðslur fyrir afnot ríkisins af bifreiðum starfsmanna þess, ef um slíkt er að ræða. Við ráðningu ríkisstarfsmanna eða síðar og ákvörðun launakjara þeirra yrði því gert ráð fyrir að tekið yrði tillit til slíkra greiðslna en sérstök fríðindi eins og undanþága frá greiðslu aðflutningsgjalda og annarra skatta afnumin. Sömu eða hliðstæðar reglur yrðu því látnar gilda um ráðherra og starfsmenn utanríkisþjónustunnar sem aðra ríkisstarfsmenn. Voru fríðindi þessi felld niður með reglugerð nr. 190/1985. Er lagt til að heimildarákvæðið verði fellt niður og þar með endanlega staðfestar þær breytingar sem gerðar hafa verið á bifreiðamálum ríkisins.

Þar sem horfið verður frá skipan sem gilt hefur um langan tíma gagnvart starfsmönnum utanríkisþjónustunnar þykir sanngjarnt að starfsmönnum hennar, sem nú eru við störf erlendis, verði veitt undanþága frá greiðslu aðflutningsgjalda er þeir snúa heim.

2. Lagt er til að heimildarákvæði 15. tl. 3. gr. tollskrárlaga, sem fjallar um niðurfellingu gjalda af kirkjuklukkum og öðrum hlutum og munum til nota í kirkjum, verði fellt niður, þar sem gert er ráð fyrir að vörur þessar verði almennt tollfrjálssar samkvæmt tollskránni.

3. Gert er ráð fyrir að tekið verði upp sérstakt tollskrárnúmer með 0% tolli er taki til hjálparefna og hráefna sem notuð eru til iðnaðarframleiðslu. Með hliðsjón af því, svo og að vörur í tollskrárnúmeri 34.02.09 eru tollfrjálssar frá EFTA og EBE, er lagt til að heimild í 17. tl. 3. gr. tollskrárlaga verði felld niður.

4. Gert er ráð fyrir að hvers konar myndefni verði tollfrjálst við innflutning frá EFTA og EBE auk þess sem kvikmyndir verði tollfrjálssar án tillits til uppruna svo sem verið hefur. Er því lagt til að heimild sú í 19. tl. 3. gr. tollskrárlaga, sem fjallar um tollfrjálssan innflutning yfirvalda fræðslumála á fræðandi skuggamyndum, verði felld úr gildi.

5. Í 20. tl. 3. gr. tollskrárlaga er heimild til að fella niður toll á bókum á íslensku, prentuðum erlendis, enda séu bækur þessar gerðar í samvinnu við erlenda aðila og verði ekki gerðar hér á landi á viðhlítandi hátt. Þegar tollur féll almennt niður á bókum 1980 samkvæmt fríverslunarsamningunum við EFTA og EBE var tekin sú ákvörðun með tilliti til hagsmuna íslensks prentiðnaðar að nota ekki frekar heimild þessa og hefur því 7% tollur verið innheimtur af bókum á íslensku sem prentaðar hafa verið utan svæðisins. Í tollskrárfrumvarpinu er gert ráð fyrir að bækur almennt verði tollfrjálssar og því lagt til með hliðsjón af framanrituðu að heimildin verði felld niður. Sama á við um heimild í 31. tl. 3. gr. varðandi niðurfellingu gjalda af bæklingum og ritum sem seld eru eða dreift erlendis til landkynningar.

6. Heimild 22. tl. 3. gr. gildandi tollalaga fjallar um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda af vélum sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á vörum í nýjum útflutningsgreinum eða til framleiðslu á ótollvernduðum vörum. Þar sem í tollskrárfrumvarpinu felst, ef samþykkt verður, að tollar falla almennt niður af vélum til atvinnurekstrar er ákvæðið óþarft. Sama gildir um 24. tl. (vélar eingöngu til veiðarfæragerðar), 28. tl. (efni, vélar og

tæki í báta og skip) og 38. t. l. (vélar eingöngu notaðar til framleiðslu á niðursöðnum sjávarafurðum til útflutnings).

7. Heimild í 27. t. l. 3. gr. tollskrárlaga fjallar um eftirgjöf aðflutningsgjalda af bifreiðum sem öryrkjar festa kaup á. Í kjölfar þeirra umfangsmiklu breytinga sem almennt urðu á aðflutningsgjöldum á fólksbifreiðum í tengslum við kjarasamninga í febrúar s. l. var ákveðið að endurmeta núverandi skipan þessara mála með það fyrir augum að tengja eftirgjöf gjalda af bifreiðum beint öðrum samfélagslegum aðgerðum varðandi öryrkja. Í framhaldi af þessari endurskoðun hefur verið ákveðið að leggja fram frumvarp um breytingu á 19. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar. Er þar lagt til að auk styrkja til öryrkja vegna reksturs bifreiða verði m. a. heimilt að veita þeim styrk til bifreiðakaupa. Jafnframt er gert ráð fyrir að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á fjárveitingartillögum til almannatrygginga á fjárlögum fyrir árið 1987. Með tilliti til þessara breytinga er lagt til að nefnd heimild verði felld úr gildi.

8. Samkvæmt frumvarpi um tollskrá er gert ráð fyrir að tollur verði almennt felldur niður á hljóðfærum. Heimild í 29. t. l. 3. gr. gildandi tollskrárlaga um lækkun tolla í 30% af hljóðfærum innfluttum til notkunar við kennslu verður því óþörf.

9. Í tillögu að tollskrá sem liggur fyrir er gert ráð fyrir að tollur verði felldur niður af þrýstivatnspípum, hverflum og hreyflum minni en 400 hestöfl DIN. Heimild 30. t. l. 3. gr. tollskrárlaga um lækkun tolla af vörum þessum í 10% verður þar með óþörf.

10. Í 32. t. l. 3. gr. gildandi tollskrárlaga er að finna heimild til þess að lækka um ákveðinn hundradshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði, ef vara er flutt inn flugleiðis, þó aðeins gjald fyrir samfelldan flutning í þeirri flugvél er flytur vöruna til landsins. Samkvæmt reglum þeim sem gilda um ákvörðun tollverðs vöru eftir GATT-reglum sem gert er ráð fyrir að teknar verði upp hér á landi, sbr. greinargerð við 8.—10. gr. frumvarpsins, ber þeim sem aðilar eru að samningnum annað hvort að telja með í tollverði vöru flutningskostnað hennar eða ei. Ekki er gert þar ráð fyrir að sérreglur eigi að gilda um flutningsmáta milli landa, þ. e. hvort flutt sé t. d. með skipi eða flugvél. Af þeim sökum er lagt til að sérregla 32. t. l. 3. gr. verði felld úr gildi.

11. Í 33. t. l. 3. gr. tollskrárlaga er heimild til niðurfellingar gjalda af vörum til lækninga sem nefndar eru í a–e-lið 3. athugasemdar við 30. kafla laganna. Þar sem gert er ráð fyrir í frumvarpi um tollskrá að tekin verði upp tollskrárnúmer um sama efni með 0% tolli er ekki lengur þörf fyrir nefnt ákvæði.

12. Lagt er til að umbúðaefni verði almennt tollfrjáls frá EFTA og EBE en með 5% ytri tolli. Er því jafnframt lagt til að ákvæði í 34. t. l. 3. gr. varðandi umbúðir til vélpökkunar á kornvörum, sykri og kaffi verði felld niður.

13. Í 35. t. l. 3. gr. tollskrárlaga er heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu gjalda af tækjum sem gefin verða til mannúðar- eða líknarstarfsemi. Heimildin hefur fram til þessa fyrst og fremst verið notuð til niðurfellingar gjalda af lækningatækjum en tæki og búnaður til almennra nota fallið utan hennar. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við tollskrárfumvarpið er gert ráð fyrir að tollar verði almennt felldir niður af sérhæfðum tækjum og búnaði sem ætlaður er til hjúkrunar eða lækninga. Með hliðsjón af því svo og hinu, að erfiðleikar eru í framkvæmd heimilda af þessu tagi, er lagt til að heimildin verði felld úr gildi. Með sömu rökum og síðast greindi er lagt til að heimildarákvæði í 8. mgr. 27. t. l. 3. gr. og 37. t. l. 3. gr. tollskrárlaga verði felld niður, en þau fjalla um ýmis tæki og búnað sem sérstaklega er ætlað fötluðu fólki.

14. Samkvæmt gildandi tollskrárlögum er heimilt, með stoð í 41. t. l. 3. gr. þeirra, að lækka toll úr 90% í 40% á bifreiðum til leigubifreiðastjóra, sendibifreiðastjóra og ökukennara ef um fullt starf er að ræða, en í 65% ef um hálf starf er að ræða. Tollur á fólksbifreiðum hefur almennt verið lækkaður í 10% og á sendibifreiðum í 30% í samræmi við aðrar vörubifreiðar þannig að ákvæðið er óþarft.

15. Ekki virðist ástæða til þess að hafa í lögum sérstaka heimild til niðurfellingar gjalda af kvikmyndasýningarvélum sem ætlaðar eru til nota í sveitarfélögum af tiltekinni stærð. Gert er ráð fyrir almennri lækkun tolla á sýningarvélum úr 50% í 15% og er því lagt til að heimild í 43. tl. 3. gr. tollskrárlaga verði felld niður.

16. Samkvæmt 44. tl. 3. gr. tollskrárlaga er heimilt að fella niður gjöld af sölumerkjum sem góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni. Í tollskrárfrumvarpinu er gert ráð fyrir að tollur verði felldur niður af vörum þessum af EFTA og EBE uppruna en lækki verulega eða í 10% frá öðrum löndum. Ekki virðist ástæða til þess að sölumerki hljóti aðra skattalega meðferð en annar söluvarningur ýmissa góðgerðarstofnana og er því lagt til að látið verði sitja við þær tollalækkanir sem felast í frumvarpinu og heimildin verði jafnframt felld úr gildi.

17. Í 45. tl. 3. gr. tollskrárlaga er að finna heimild til endurgreiðslu á gjöldum af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugarða og tækjum til sjálfvirkar vökvunar í gróðurhúsum sem svari því að 7% tollur sé greiddur. Samkvæmt tollskrárfrumvarpinu er almennt lagt til að byggingarefni verði tollfrjálst án tillits til þess hvar það er notað og er því lagt til að ákvæðið verði felld niður. Sama á við um heimild í 56. tl. og 59. tl. 3. gr.

18. Lagt er til að heimild í 46. tl. 3. gr. um niðurfellingu gjalda af áteknum og óáteknum myndsegulböndum fyrir Ríkisútvarp/sjónvarp verði felld niður þar sem gert er ráð fyrir upptöku tollfrjálsra tollskrárnúmera, nr. 92.12, ef um er að ræða myndbönd sem fullnægja alþjóðlegum staðli fyrir sjónvarpsstöðvar.

19. Lagt er til að 48. tl. 3. gr. tollskrárlaga verði felldur niður þar sem hann hefur verið talinn óframkvæmanlegur.

20. Í tengslum við breytingu á tollskrárlögum á árinu 1968, sbr. lög nr. 3/1968, var ákveðið að fella inn í þá breytingu samkomulag um tollalækkanir sem gert hafði verið í svonefndum Kennedy-viðræðum innan GATT haustið 1967. Auk þess sem þá var samið um skuldbindingu um hámarkstoll á nokkrum vörum sem þá var í gildi var samið um slíka bindingu á nokkrum vörum til viðbótar. Til þess að koma samkomulagi þessu til framkvæmdar var tekin í lög heimild þar að lútandi sem nú er að finna í 51. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

Frá því að heimildar ákvæði þetta var upp tekið hafa umfangsmiklar breytingar verið gerðar á tollskrárlögum þannig að nú er svo komið að tollar hafa annaðhvort verið felldir niður af þeim tollskrárnúmerum sem tilgreind eru í ákvæðinu eða þeir verið lækkaðir umfram skuldbindingar. Þá var á árinu 1979 undirrituð bókun af hálfu Íslands við GATT-samkomulagið sem fól í sér bindingu tolltaxta almennt miðað við þá tolla sem í gildi voru 1. janúar 1978. Frá þessu voru nokkrar undantekningar sem ekki þykir ástæða til að tíunda hér. Í tollskrárfrumvarpinu er gert ráð fyrir umfangsmiklum tollalækkunum sem gera nefnda samninga nánast að dauðum bókstaf. Það má því vera ljóst af framansögðu að ekki er lengur ástæða til að halda ákvæði þessu í lögum þar sem nánast er nú um sagnfræðilega heimild að ræða.

21. Lagt er til að heimild í 52. tl. 3. gr. gildandi tollskrárlaga um niðurfellingu gjalda af ökutækjum, sem breytt er þegar eftir tollafgreiðslu í sjúkrabifreiðar, verði felld niður. Í þess stað verði stuðst við heimild í 13. tl. 6. gr. frumvarpsins og gjöld verði því endurgreidd.

22. Gert er ráð fyrir að fjárveiting verði veitt til björgunar- og slysavarnasveita vegna kaupa þeirra á bifreiðum sem öðrum búnaði. Fjárþörf þessara aðila verði þannig metin ár hvert og fjárveiting taki mið af framlögum ríkisins almennt til sambærilegra málaflokka. Er því lagt til að 53. tl. 3. gr. tollskrárlaga verði felldur niður.

23. Í 54. tl. 3. gr. tollskrárlaga er að finna heimild til lækkunar tolla í 50% af merktum borðbúnaði í nánar tilgreindum tollskrárnúmerum sem notaður er til veitingarekstrar svo og á spítölum, hælum, elliheimilum og öðrum heilsugæslustöðvum. Samkvæmt tollskrárfrum-

varpinu er gert ráð fyrir að tollur á búsáhöldum og borðbúnaði hvers konar verði samræmdur og verði frjáls frá EFTA og EBE en 10% frá öðrum löndum. Með hliðsjón af því og að ekki þykir ástæða til mismununar eftir matstað er lagt til að ákvæðið verði fellt niður.

24. Samkvæmt tollskrárfrumvarpinu er gert ráð fyrir að tollur verði almennt felldur niður af lyftibúnaði í nr. 84.22. Þar sem skíðalyftur flokkast undir þann vörulið er lagt til að heimild í 58. tl. 3. gr. þar að lútandi verði felld brott.

Um 7. gr.

Grein þessi kemur í stað 4. gr. gildandi tollskrárlaga með eftirfarandi breytingum:

Samkvæmt gildandi ákvæði ber að greiða þann hundradshluta í toll af viðgerðarkostnaði vöru, sem send hefur verið utan til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu, sem hvílir á sams konar vöru við innflutning. Frá þessari meginreglu er gerð sú undantekning að aldrei skal greiða lægri toll en 5%, ef undan er skilinn viðgerðarkostnaður á íslenskum skipum, bátum og flugvélum sem er tollfrjáls.

Lagt er til að ein regla verði látin gilda í þessum tilvikum og fari tollskylda eða tollfrelsi þá alfarið eftir því hvort hin viðgerða vara falli undir tollskrárnúmer sem er með 0% tolli eða ekki. Samkvæmt tollskrárfrumvarpinu er eins og áður sagði almennt gert ráð fyrir að „varahlutanúmer“ tollskrárinnar beri engan toll og því eðlilegt að það hafi ekki íþyngjandi áhrif ef hægt er að komast af með viðgerð á hlut í stað þess að fleygja honum og flytja inn nýjan í staðinn.

Í öðru lagi er lagt til að tekið verði upp sérstakt ákvæði er undanþiggi tollskyldu viðgerðir sem gerðar eru viðkomandi að kostnaðarlausu á ábyrgðartíma vöru, enda verði í þeim tilvikum færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að ábyrgð sé ekki útrunnin og hún hafi verið innifalin í innkaupsverði vöru (tollverði). Ákvæðið ætti að tryggja að ekki verði um tvísköttun að ræða og er í samræmi við undanþágu sem gildir um ábyrgðarviðgerðir við innheimtu söluskatts. Auk þess má benda á að sé um viðgerð að ræða í slíkum tilvikum er ástædan oftast sú að henni verður ekki við komið hérlendis.

Eins og áður sagði er sérstakt undanþáguákvæði í 4. gr. gildandi tollskrárlaga vegna viðgerða erlendis á skipum, bátum og flugvélum. En jafnframt er að finna í niðurlagi greinarinnar heimild til að fella niður eða endurgreiða gjöld af aðvinnslukostnaði íslenskra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis sem ekki getur farið fram hérlendis. Ákvæði þessi eru óþörf þar sem skip og flugvélar eru tollfrjáls og heimild 13. tl. 6. gr. frumvarpsins leysir úr þeim vanda sem síðar er nefndur.

Í kjölfar örra breytinga, sem orðið hafa á síðustu árum við framleiðslu á tölvum og öðrum hliðstæðum rafeindabúnaði hefur veruleg breyting orðið á skipulagi viðgerðarþjónustu á þessu sviði. Þannig eru t. d. hlutar í ýmsar gerðir rafeindabúnaðar, einkum tölvur, sem viðgerðar þarfnast, núorðið sendir í sérstakar þjónustumiðstöðvar (e. Parts Banks) sem veita hinum biluðu eða gölluðu hlutum viðtöku til viðgerðar. Til að forðast stöðvun atvinnutækja um lengri eða skemmri tíma sem byggja á rafeindafyrirbrigðum senda þjónustumiðstöðvar þessar viðkomandi þegar annan sams konar hlut, sem gert hefur verið við, gegn ákveðnu þjónustugjaldi sem er fast hlutfall af verði nýs hlutar. Ljóst er að við endurskoðun á íslenskri tollalöggjöf, sem stendur á gömlum grunni, hefur ekki verið tekið nægilegt tillit til breytinga sem orðið hafa varðandi ýmiss konar þjónustu sem veitt er í sambandi við vöruframleiðslu, t. d. að því er varðar ofangreinda þjónustu, ábyrgðir o. fl. Til þess að komast hjá óeðlilegri tollheimtu í sambandi við framangreindar viðgerðir er lagt til að lögfest verði ákvæði er tryggi sambærilega tollmeðferð og gildir um viðgerðir almennt.

Um IV. kafla.

Kafla þessi kemur í stað 5.—8. gr. gildandi tollskrárlaga.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er gert ráð fyrir að teknar verði upp nýjar reglur varðandi ákvörðun tollverðs, byggðar á Tollverðssamþykktinni frá 1979.

Samkvæmt gildandi ákvæðum tollskrárlaga um tollverð vöru er tollverðið eðlisverð (normalverð) hennar, þ. e. það verð sem fengist fyrir vöruna í viðskiptum kaupanda og seljanda, sem óháðir eru hvor öðrum á þeim tíma sem varan er tekin til tollmeðferðar að viðbættum flutningskostnaði, gjöldum og öðrum útgjöldum, sem falla á vöruna uns hún er komin á innflutningsstað (cif-verð), sbr. 5. gr. tollskrárlaga. Þrátt fyrir upptöku verðákvörðunarreglu Tollverðssamþykktarinnar er gert ráð fyrir að tollverð vara verði eftir sem áður verð þeirra á innflutningsstað. Breytingin frá gildandi reglum er fyrst og fremst fólgin í uppbyggingu tollverðs.

Reglur Tollverðssamþykktarinnar gera ráð fyrir að tollverðið sé viðskiptaverð vöru en með því er átt við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöru vegna sölu til útflutnings til viðkomandi innflutningslands. Verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber í þessu sambandi, er samkvæmt athugasemd við 1. gr. samþykktarinnar sú heildargreiðsla sem kaupandi innir eða honum ber að inna af hendi til seljanda eða í hans þágu fyrir hinar innfluttu vörur án tillits til þess í hvaða formi greiðsla er. Samkvæmt ákvæðum Tollverðssamþykktarinnar skal síðan bætt við verð, sem þannig er fundið, ýmsum kostnaðarliðum og gjöldum, sbr. 8. gr. samþykktarinnar. Tollverðið samkvæmt Tollverðssamþykktinni skal ákveðið samkvæmt fimm ákvörðunaraðferðum eftir nánar tiltekinni forgangsröð. Meginreglan er þó sú að verð það sem kaupandi og seljandi gefa upp sem viðskiptaverð vöru og samist hefur um í viðskiptum milli óháðra aðila skal lagt til grundvallar ákvörðunar tollverðs. Gildir sama regla þótt aðilar séu háðir eða tengdir hvor öðrum, ef tengslin hafa ekki haft áhrif á viðskiptaverðið, enda kunna tollyfirvöld í ýmsum tilvikum þegar að hafa kannað tengslin eða hafa fyrirbyggjandi fullnægjandi upplýsingar um kaupanda og seljanda sem leitt hafi í ljós að tengslin hafi ekki haft áhrif á viðskiptaverðið. Það er fyrst og fremst í þeim tilvikum þegar tengslin kunna að hafa haft áhrif á viðskiptaverðið sem til álita kemur að beita verðleiðréttingareglum í ákveðinni forgangsröð svo og þegar ekkert verð liggur fyrir.

Um 8. gr.

Í þessari grein kemur fram meginreglan um ákvörðun tollverðsins, sem skal vera viðskiptaverð vörunnar, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hana. Samkvæmt því skal ekki lengur einblína á hvað myndi fást fyrir vöruna í tilbúnu dæmi um viðskipti milli aðila sem óháðir væru hvor öðrum á þeim tíma sem vara er tekin til tollmeðferðar eins og nú gildir skv. 5. gr. tollskrárlaga (normalverð), heldur það sem kaupandinn hefur greitt eða honum ber að greiða. Til þess að viðskiptaverðið verði viðurkennt sem tollverð vöru verða aðstæður við kaupin og skilmálar að fullnægja tilteknum lágmarkskröfum, m. a. varðandi ráðstöfunarrétt kaupanda yfir vörunni, ágóða vegna sölu, ráðstöfunar eða notkunar hennar síðar og tengsl milli kaupanda og seljanda. Eru skilyrði þessi tilgreind í a–d-lið 8. gr.

Þegar verð vöru fullnægir ekki nefndum lágmarkskröfum er gert ráð fyrir að það verði ákveðið samkvæmt ákvörðunaraðferðum í tiltekinni forgangsröð í samræmi við reglur Tollverðssamþykktarinnar. Um reglur þessar vísast til 2.–6. gr. Tollverðssamþykktarinnar í fylgiskjali 1 með frumvarpi þessu en gert er ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari fyriræli um ákvörðun tollverðs, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir eins og nú gildir, sbr. 6. gr. tollskrárlaga, að ýmsir kostnaðarliðir séu innifaldir í tollverði vöru. Er í þessari grein gerð grein fyrir þessum kostnaðarliðum og ber í samræmi við ákvæði 8. gr. frumvarpsins að leiðrétta tollverðið með tilliti til þeirra hafi þeir ekki verið taldir með í kaupverði vörunnar.

Um 10. gr.

Í 8. og 9. gr. er kveðið á um grundvallarreglur þær sem ákvörðun tollverðs skal byggð á. Nánari framkvæmdareglur um ákvörðun þess og útfærslu er hins vegar gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð sem byggð verði á efnis- og túlkunarreglum Tollverðssamþykktarinnar, sbr. fylgiskjal 1 með frumvarpinu.

Um 11. gr.

Greinin svarar efnislega til 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 12. gr. gildandi tollskrárlaga.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 12. gr. gildandi tollskrárlaga.

Um 13. gr.

Greinin er efnislega nær samhljóða 11. gr. gildandi tollskrárlaga. Hins vegar er lagt til að kveðið verði skýrar á um það í lögum hvaða atriði það eru varðandi tollafgreiðslugengið sem ákveða má með reglugerð. Sjálf grundvallargengisviðmiðunin, sölugengi erlendrar myntar, er eftir sem áður óbreytt. Þá er einnig lagt til það nýmæli að Seðlabanka Íslands verði gert að tilkynna ráðuneytinu daglega gengisskráningu og fyrirhugaðar breytingar á henni, en til að fyrirbyggja ósamræmi við tollafgreiðslu er þýðingarmikið að ráðuneytið geti brugðist við eins fljótt og unnt er ef verulegar breytingar verða á gengisskráningu.

Um 14. gr.

Greinin samsvarar 15. gr. tollskrárlaga, en heimilar auk þess afhendingu vöru eða sendingar án þess að fyrir liggja aðflutningsskýrsla, hafi skráning vörunnar farið fram samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 53. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 16. gr. gildandi tollskrárlaga en felld hefur verið niður upptalning á þeim atriðum sem tilgreind skulu í aðflutningsskýrslu. Er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra kveði nánar á um þessi atriði í reglugerð eða öðrum fyrirætlum.

Um 16. gr.

Greinin samsvarar efnislega ákvæði 2. mgr. 12. tl. 16. gr. tollskrárlaga um ábyrgð innflytjanda á því að upplýsingar í framlögðum gögnum séu réttar.

Um 17. gr.

Greinin er nýmæli sem miðar að því að auðvelda ákvörðun tollverðs vöru þegar viðskiptaverð hennar kemur ekki fram í vörureikningi.

Um 18. gr.

Greinin samsvarar 18. gr. tollskrárlaga að mestu leyti, en felld hefur verið niður upptalning atriða sem tilgreind skulu í vörureikningi. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra

kveði nánar á um þessi atriði í reglugerð eða öðrum fyrirmælum. Nýmæli er að ráðherra geti heimilað framlagningu t.d. telex- og telefaxskjala í stað vörureiknings, en notkun þessarar fjarskiptatækni fer nú mjög vaxandi í viðskiptalífinu.

Um 19. gr.

Greinin samsvarar 5. mgr. 18. gr. tollskrárlaga.

Um 20. gr.

Greinin samsvarar 19. gr. tollskrárlaga.

Um 21. gr.

Greinin samsvarar 21. gr. tollskrárlaga.

Um 22. gr.

Greinin samsvarar 17. gr. tollskrárlaga.

Um 23. gr.

Greinin samsvarar 23. gr. tollskrárlaga, en ákvæði um viðurlög færirst í kafla XIV í frumvarpinu.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 22. gr. tollskrárlaga en er ítarlegri.

Um 25. gr.

Greinin samsvarar 37. gr. gildandi tollskrárlaga.

Um 26. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 6. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1984 um breyting á þeim lögum.

Um 27. gr.

Í greininni er lagt til það nýmæli að landinu verði skipt í sérstök tollumdæmi. Hér er þó fremur um form- en efnisbreytingu að ræða frá gildandi rétti, en í 2. gr. tollheimtulaga er tollstjóranum í Reykjavík og sýslumönnum og bæjarfógetum falin tollheimta og tolleftirlit, hverjum í sínu umdæmi. Gert er ráð fyrir að mörkin verði víðast óbreytt, en þó kveðið skýrar á um ýmis vafaatriði og leitast við að leysa úr skiptingunni þannig að framkvæmdin verði sem hagkvæmust. Þannig eru t.a.m. eyjar allar umhverfis Reykjavík færðar undir Reykjavíkurtollumdæmi óháð því hvar umdæmismörk liggja að öðru leyti. Þá er og gert ráð fyrir að Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur og Hvalfjarðarstrandarhreppur verði færðir undir Akranestollumdæmi, en í Skilmannahreppi er m. a. Grundartangahöfn þar sem allnokkur tollafgreiðsla fer fram. Samkvæmt gildandi lögum þarf eini tollgæslumaðurinn á Vesturlandi, sem starfar við embætti bæjarfógetans á Akranesi, að fá aðstoð lögreglunnar í Borgarnesi við tollafgreiðslu á Grundartanga, enda þótt lengra sé þaðan en frá Akranesi jafnframt því sem helmingi fjölmennara lögreglulið er á Akranesi. Eðlilegt þykir einnig að færa Seltjarnarnes og Kjósarsýslu undir Reykjavíkurtollumdæmi af augljósum ástæðum.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. tollheimtulaga, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1984, að öðru leyti en því að skýrgreining á hugtökunum aðaltollhöfn og tollhöfn er að finna í 1. gr. og felld er

brott upptalning þeirra tollhafna sem eigi eru aðaltollhafnir. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra ákveði hverjar þær skuli vera að fengnum tillögum ríkistollstjóra og tollgæslustjóra. Þykir núverandi fyrirkomulag full viðurhlutamikið því að lagabreytingu þarf til að breyta fjölda tollhafna um lengri eða skemmri tíma, m.a. vegna breyttra háttá í aðflutningi á vörum.

Um 29. gr.

Greinin er samhljóða 6. og 7. mgr. 7. gr. gildandi tollheimtulaga, eins og henni hefur verið breytt með 2. gr. laga nr. 46/1984 og þarfnast ekki skýringar.

Um 30. gr.

Greinin svarar til 1. mgr. 2. gr. tollheimtulaga. Í 2. málslið er lagt til að kveðið verði skýrt á um heimildir til að krefja tollyfirvöld sem skattyfirvöld um gögn um skattamál sem talin eru geta komið að gagni við athugun tollamála.

Um 31. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 2. gr. gildandi tollheimtulaga að því undanskildu að gert er ráð fyrir að ráðherra geti falið tollstjóra í Reykjavík að gegna jafnframt starfi ríkistollstjóra. Um skiptingu tollumdæma vísast í 27. gr., en eins og segir í athugasemdum við hana falla tollumdæmin samkvæmt frumvarpinu ekki fullkomlega saman við aðra umdæmis- skiptingu, en af því leiðir að landfræðileg valdmörk embætta geta skarast.

Um 32. gr.

Grein þessi er nýmæli sem leiðir af breytingum sem gert er ráð fyrir að ráðherra geti gert á valdsviði tollstjórans í Reykjavík sem jafnframt gegni þá starfi ríkistollstjóra. Í greininni er kveðið á um eftirlits- og boðvald ríkistollstjóra gagnvart tollstjórum, honum markaður sess í stjórnkerfinu og kveðið á um vald- og verksvið hans. Í löggjöfinni hefur fram að þessu fátt verið sagt um réttindi og skyldur tollstjórans í Reykjavík og er þörfin nú mun brýnni eftir að það embætti hefur verið fært svo mjög út og breytt eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Einstök ákvæði greinarinnar þarfnast hins vegar ekki skýringar.

Um 33. gr.

Greinin svarar til 4. mgr. 2. gr. gildandi tollheimtulaga.

Um 34. gr.

Samkvæmt gildandi tollheimtulögum er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra setji tollgæslustjóra sérstakt erindisbréf til afmörkunar á starfsskyldum hans. Lagt er til að þær verði betur afmarkaðar í lögum og er því í greininni kveðið á um valdsvið tollgæslustjóra og honum settar verklagsreglur sem þarfnast ekki skýringa.

Um 35.—36. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 3. og 4. gr. tollheimtulaga og í samræmi við gildandi framkvæmd.

Um 37.—38. gr.

Greinar þessar eru nýmæli og gera ráð fyrir að sett verði á laggirnar sérstök ríkistollanefnd sem yrði sjálfstæður úrskurðaraðili, hliðstæður ríkisskattanefnd að mörgu leyti. Víða í gildandi tollalöggjöf er gert ráð fyrir úrskurðarvaldi fjármálaráðherra, sbr. t. d. almennt ákvæði í 36. gr. tollskrárlaga með síðari breytingum. Á undanförunum árum hefur orðið veruleg aukning ágreiningsmála á sviði tollamála og segja má að eitt aðalviðfangsefni tolladeildar fjármálaráðuneytisins sé nú orðið afskipti af hvers konar ágreiningsefnum sem

upp koma í tollaframkvæmdinni. Telja verður að slík störf eigi betur heima annars staðar í stjórnkerfinu, enda bæði óeðlilegt að ráðuneytið sjálft, sem fyrst og fremst á að fara með yfirstjórn mála, sinni slíkum afgreiðslum, jafnframt því sem óháður úrskurðaraðili samræmist betur stjórnar- og réttarfarshugmyndum nú á dögum. Ákvæðin sjálf þarfnast ekki skýringar, en um málsmeðferð fyrir þeirri nefnd sem þar um ræðir, valdsvið o. fl. vísast til 101. gr. frumvarpsins.

Um 39. gr.

Grein þessi er nýmæli, en rétt þykir að kveða sérstaklega á um vanhæfi tollyfirvalda vegna rannsóknar eða meðferðar tollamáls.

Um 40. gr.

Greinin er samhljóða 5. gr. gildandi tollheimulaga.

Um 41.—52. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 9.—20. gr. tollheimtulaga, í sömu röð, en nokkuð styttrar þar sem við á, og þarfnast ekki skýringar. Í 2. mgr. 46. gr. er tekið upp ákvæði sem kveður skýrt á um að ákvæði laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skuli gilda eftir því sem við getur átt um rannsókn, yfirheyrslur og aðra meðferð hjá tollgæslunni vegna tollamála. Í 2. mgr. 51. gr. er kveðið skýrt á um þá sjálfsgöðu reglu að haft sé samráð við stjórnanda fars, auk hafnaryfirvalda, um skipalægi.

Um 53. gr.

Lagt er til í greininni að 21. og 22. gr. tollheimtulaganna verði sameinaðar í eina grein, en fyrsta málsgrein 21. gr. felld brott í sinni núverandi mynd, en hún felur í sér upptalningu á þeim skjölum sem afhenda ber við komu fars til landsins. Ástæðulaust þykir að hafa það bundið í lögum hvernig skjalalegri meðferð skuli háttáð, en örar breytingar í viðskiptalífi í kjölfar aukinnar tækni kallar á aukið svigrúm og sveigjanleika við reglugerðarsetningu. Í kjölfar lögleiðingar þessarar greinar verða 23. og 24. gr. tollheimtulaganna óþarfur auk fleiri greina sem einnig kveða á um meðferð skjala, þar sem þeim atriðum yrði skipað með reglugerð. Er því gert ráð fyrir að þær falli brott. Tekið er upp ákvæði þess efnis að skjöl varðandi farm og aðrar vörur í fari skuli vera frágengin þegar við komu fars inn á tollsvæði ríkisins.

Um 54. gr.

Grein þessi svarar til 5. mgr. 23. gr. tollheimtulaga.

Um 55. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 25. gr. tollheimtulaganna, eins og henni var breytt með 4. gr. laga nr. 46/1984.

Um 56.—65. gr.

Greinar þessar eru að mestu efnislega samhljóða 26., 27., 28., 30., 32., 33., 34., 35., 36., 37., 40., 41. og 42. gr. tollheimtulaga að öðru leyti en því að ýmsar verklagsreglur varðandi skjöl og meðferð þeirra hafa verið numdar brott, sbr. það sem áður segir um 53. gr. Þá hefur og sumt af lagatextanum verið fellt brott sem þykir segja sig sjálft eða kveðið er beinlínis á um annars staðar í frumvarpinu. Að framansögðum undantekningum slepptum er engin nýmæli að finna í greinum þessum og þarfnast þær ekki skýringar. Felld eru niður ákvæði varðandi útgáfu svonefndra tollvegabréfa, sbr. 27., 28. og 32. gr. tollheimtulaga, en útgáfa þeirra hefur ekki tíðkast í framkvæmd um nokkurt skeið og þykir óþörf.

Í 6. mgr. 64. gr. frumvarpsins er að finna samhljóða ákvæði og er í 16. gr. gildandi laga nr. 47/1960 um tollvörugæymslur o.fl. að öðru leyti en því að fjármálaráðherra geti

undanþegið útgerðarfélög og flugfélög því að setja tryggingu vegna reksturs flutningsgeymslu. Í framkvæmd hafa þessir aðilar ekki verið látnir setja tryggingu og er gert ráð fyrir að sú framkvæmd haldist.

Um 66. gr.

Greinin er samhljóða 40. gr. gildandi tollheimtulaga, en 2. mgr. hennar um bann við flutningi á vörum milli geymsluhúsa eða -svæða án leyfis tollstjóra er felld brott og farmflytjendum veitt sjálfstætt leyfi, sbr. 69. gr. frumvarpsins.

Um 67. gr.

Grein þessi er nýmæli en þarfnast ekki skýringar.

Um 68. gr.

Greinin samsvarar efnislega 41. gr. gildandi tollskrárlaga og þarfnast ekki skýringar. Styttingu á lagatextanum er ekki ætlað að hafa í för með sér efnisbreytingu, heldur er hér sem víðar í núverandi löggjöf um að ræða óþarfa skráningu á augljósum atriðum sem víða koma annars staðar fram.

Um 69. gr.

Samkvæmt núgildandi tollheimtulögum er flutningur á ótollafgreiddum vörum innanlands almennt óheimill án leyfis tollgæslunnar, auk þess sem hann verður að fara fram undir eftirliti hennar, sbr. 1. mgr. 44. gr. Á undanförunum árum hafa mál hins vegar þróast þannig að skipafélögin hafa með þegjandi samþykki tollyfirvalda flutt ótollafgreiddar vörur milli vörugeymslna í sama tollumdæmi, sem tollyfirvöld hafa samþykkt til slíkra nota, án afskipta tollgæslunnar hverju sinni. Aukinn innflutningur er fyrst og fremst orsök þess, en ljóst er að leyfisveiting hverju sinni er þung í vöfum og mundi leiða til mikillar skriffinnsku og kalla á aukid starfslið bæði hjá farmflytjendum og tollgæslunni. Er því lagt til að tekið verði í lög ákvæði er staðfesti framkvæmd varðandi flutning á ótollafgreiddum vörum sem viðgengist hcfur í raun án afskipta tollgæslunnar.

Þá er einnig lagt til að farmflytjendum sem flytja vörur til landsins verði heimilað að flytja ótollafgreiddar vörur milli tollumdæma án sérstaks leyfis tollgæslunnar. Ákvæði þessu er ætlað að einfalda sem mest flutninga á vörum sem eru á leið til ákvörðunarstaðar sem er annar en sá staður sem vörunum er fyrst skipað á land úr flutningsfari og ekki er innan sama tollumdæmis. Gera má ráð fyrir að endurskipulagning vöruflutninga til landsins muni leiða til þess að vöruflutningum verði í auknum mæli beint til einnar hafnar, þaðan sem vörum verði dreift í hin ýmsu tollumdæmi. Ákvæðinu er ætlað að tryggja framhaldsflutning innanlands án flókins leyfakerfis. Er í þess stað lagt til að farmflytjendur tilkynni tollyfirvaldi á komustað og ákvörðunarstað um slíka flutninga. Ef rétt er á haldið ætti á hverjum tíma að liggja fyrir nægileg vitneskja fyrir tollyfirvöld um verustað ótollafgreiddrar vöru á hverjum tíma. Ríkissjóði ætti að öðru leyti að vera næg trygging í ábyrgð þeirri sem um ræðir í 71. gr. þar sem ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda er lögð á farmflytjanda sem annast nefnda flutninga.

Ákvæði 2. mgr. 69. gr. svarar til niðurlags 2. mgr. 44. gr. núgildandi tollheimtulaga.

Um 70. gr.

Greinin svarar til 48. gr. núgildandi tollheimtulaga en lagt er til að ríkistollstjóra verði falið að sjá um leyfisveitingar sem þar um ræðir.

Um 71. gr.

Greinin svarar til 49. gr. núgildandi tollheimtulaga en með henni er lagt til að sá sem annast flutning á ótollafgreiddum vörum ábyrgist alfarið greiðslu aðflutningsgjalda af vöru án tillits til þess hvernig sú ábyrgð stofnast, t.d. vegna skemmda, vöntunar o. s. frv.

Um 72. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um VIII. kafla.

Lagaákvæði um tollvörugeymslur o. fl. eru felld inn sem kafla VIII í þessu frumvarpi til heildarlaga um tollamál. Með lögfestingu þessa frumvarps falla því lög nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. úr gildi. Jafnframt eru hér ýmsar breytingar og nýmæli um tollvörugeymslur o. fl. sem verða rakin hér á eftir eins og efni standa til.

Um 73. gr.

Grein þessi kemur í stað 1. og 4. gr. gildandi laga. Varðandi tryggingu vegna greiðslu gjalda er þess þó að geta að gert er ráð fyrir að heimilt sé að láta rekstraraðila tollvörugeymslu setja tryggingu fyrir opinberum gjöldum, en gildandi ákvæði gerir ráð fyrir því að sá sem setur vöru í geymsluna setji tryggingu bæði fyrir opinberum gjöldum, geymslugjöldum o.s.frv. Þessi breyting stafar af því að í framkvæmd rekur tollgæslan eigi tollvörugeymslu eins og gert var ráð fyrir í upphafi.

Um 74. gr.

Greinin kemur í stað 3. gr. gildandi laga. Í henni er nú vitnað til 2. gr. gildandi laga sem er óþörf þar sem bann og takmarkanir samkvæmt henni koma fram í viðkomandi sérlögum. Samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir að vörur sem settar eru í tollvörugeymslu séu tollafgreiddar innan árs frá komu til landsins, nema fjármálaráðherra samþykki lengri frest. Í framkvæmd hefur gilt 3 ára frestur sem rétt þykir að lögfesta sem meginreglu.

Um 75. gr.

Greinin er samhljóða 8. gr. gildandi laga.

Um 76. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 77. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 78. gr.

Greinin er samhljóða 13. gr. gildandi laga.

Um 79. gr.

Samkvæmt gildandi lögum eru tollfrjálsar verslanir bundnar ríkisrekstri, en hér er hins vegar gert ráð fyrir að unnt sé að heimila öðrum slíkan rekstur. Þá er höfð heimild í frumvarpinu um að vörur megi afhenda kaupendum undir eins konar tollinnsigli en í gildandi lögum er gert ráð fyrir skyldu í þessu sambandi. Verður að telja þetta eðlilega breytingu miðað við hvernig framkvæmdin er nú.

Um 80. gr.

Greinin er samhljóða 19. gr. gildandi laga.

Um 81. gr.

Greinin er samhljóða 20. gr. gildandi laga.

Um 82. gr.

Greinin er samhljóða 21. gr. gildandi laga.

Um 83. gr.

Greinin samsvarar 2. mgr. 14. gr. gildandi laga. Talið er eðlilegt að hafa 9. og 10. gr. gildandi laga sem almenn reglugerðarfyrirmæli.

Um 84. gr.

Greinin er samhljóða 22. gr. gildandi laga, nema refsipátturinn er felldur brott, en um brot gegn ákvæðinu fer skv. kafla XIV í frumvarpinu.

Um 85. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 23. gr. gildandi laga, nema 1. mgr. fellur brott þar sem hún er óþörf vegna almennra fyrirmæla annars staðar í frumvarpinu um tollafgreiðslu vara, tollflokkun o. s. frv.

Um 86. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. gildandi laga.

Um 87. gr.

Greinin kemur í stað 5. gr. og 1. mgr. 14. gr. gildandi laga, og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 88. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. gildandi laga.

Um 89. gr.

Greinin er samhljóða 24. gr. gildandi laga. Brott falla 17. og 25.—29. gr. gildandi laga, en um efnisatriði þessara ákvæða vísast til 111. og 150. gr. svo og kafla XIV.

Um 90. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er gert ráð fyrir að hægt verði í framtíðinni að koma upp tollfrjálsum svæðum hér á landi þar sem aðstæður þykja sérstaklega henta og skapa þar með möguleika til ýmiss konar atvinnustarfsemi í tengslum við dreifingu og aðvinnslu á ótollafgreiddum vörum. Samkvæmt gildandi lögum er slík starfsemi með öllu óheimil og er því lagasetningar þörf. Í 90.—96. gr. frumvarpsins eru tekin upp ákvæði er kveða á um stofnun og rekstur tollfrjálsra svæða sem hér hefur verið kosið að kalla frísvæði til aðgreiningar frá tollfrjálsum verslunum, sbr. 79. gr., sem almennt ganga undir nafninu friðhafnir.

Í þessari grein er tekin upp heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa stofnun og rekstur frísvæðis. Ekki þykir ástæða til þess að ríkið fari út í slíkan rekstur eða heimildin verði bundin því skilyrði. Sé litið til þeirrar reynslu sem þegar er fyrir hendi af rekstri almennra tollvöruheymisla og notkun þeirra heimilda sem um stofnun og rekstur þeirra gilda kemur í ljós að ríkið hefur ekki fram til þessa talið ástæðu til að stofna eða taka þátt í stofnun eða rekstri almennra tollvöruheymisla. Sama er að segja um sveitarfélög. Rekstur slíkra geymsla hefur því eingöngu verið í höndum einkaaðila á þeim stöðum þar sem þær eru nú reknar, þ. e. í Reykjavík, Keflavík og á Akureyri. Ekki er því gert ráð fyrir að ríkið stofni eða reki frísvæði heldur verði slíkt heimilað þeim aðilum sem um ræðir í 73. gr. með skilyrðum sem þar greinir. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að staðsetning frísvæðis og stærð verði ákveðin af fjármálaráðherra en það verði síðan undir eftirliti tollgæslunnar og kostnaður af því verði greiddur af leyfishafa.

Um 91. gr.

Umgengni og meðhöndlun vara sem fluttar verða inn á frísvæði verður bundin mun minni takmörkunum en nú gildir um meðferð á ótollafgreiddum vörum sem geymdar eru í almennum tollvöruheymslum. Af þeim sökum verður að gera mjög strangar kröfur til þess húsnæðis sem vörurnar verða geymdar í og að þeim unnið. Auk þess verður að gera ráð fyrir ítarlegri skráningu varanna þannig að tryggt verði að þær fái rétta tollmeðferð þegar leyfi er veitt til dreifingar þeirra á almennan markað hér á landi eða til útflutnings.

Ljóst er að eftirlit með starfsemi þeirri sem fram fer á frísvæði verður mun erfiðara heldur en vörum sem annaðhvort eru geymdar í vöruheymslum farmflytjenda eða almennum tollvöruheymslum. Verður því að gera ráð fyrir að eigendur frísvæðis leggi tollgæslunni endurgjaldslaust lið við slíkt eftirlit svo og hvers konar vinnu sem nauðsynleg verður talin vegna sköðunar á þeim vörum sem þar eru geymdar. Fjallar greinin um þessar skyldur eigenda frísvæða.

Um 92. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt bann við neyslu eða notkun ótollafgreiddrar vöru sem flutt hefur verið inn á frísvæðið án heimildar frá tollyfirvaldi. Aðvinnsla sem miðar að því að auka viðskiptavirði þeirra eða koma þeim í söluhæft ástand er hins vegar heimil í samræmi við hlutverk frísvæðis, en gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji nánari reglur þar um.

Um 93. gr.

Gera má ráð fyrir að verslun með hátollavarning verði umtalsverður þáttur í starfsemi frísvæðis. Hætta á misferli með slíkan varning er óhjákvæmilega meiri en aðrar ótollafgreiddar vörur og er því sérstök ástæða til að gera ríkari kröfur um geymslu og flutning þessara vara á frísvæðinu. Er því lagt til að fjármálaráðherra geti sett sérreglur um þessar vörur.

Um 94. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 95. gr.

Ákvæði þetta er fyrst og fremst sett til þess að taka af allan vafa um það að álagning gjalda á vöru, sem flutt er út af frísvæði til neyslu eða nota héraendis, ræðst af gerð hennar þegar hún er tekin til tollmeðferðar. Tollmeðferð vöru, sem sett hefur verið í almenna tollvöruheymslu, miðast hins vegar við gerð hennar við komu til landsins, enda óheimilt að umbreyta henni þar.

Um 96. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 97. gr.

Grein þessi er nýmæli og er henni ætlað að lögfasta núverandi framkvæmd, sbr. einnig reglugerð nr. 257/1970, þ. e. að innflytjandi útfylli aðflutningsskýrslu sjálfur og reikni út þau gjöld sem leggja ber á vöru við innflutning. Rétt þykir þó að aðeins sé um heimildarákvæði að ræða, þar sem fyrirsjáanlegt er að við tölvuvæðingu tollsins verður um grundvallar-breytingu að ræða við gerð aðflutningsskýrslna.

Um 98. gr.

Grein þessi er nýmæli, sbr. þó til hliðsjónar 1. og 2. mgr. 10. gr. tollskrárlaga að því er varðar verð vöru. Greinin er ætlað að auka öryggi og festu við tollafgreiðslu og tryggja jafnframt rétt innflytjenda ef tollyfirvaldi þykir einhverju ábótavant.

Um 99. gr.

Greinin er nýmæli og þrengir hún mjög rétt til endurákvörðunar aðflutningsgjalda á vörum eftir að þær hafa verið tollafgreiddar. Nokkurrar réttaróvissu hefur gætt um það hversu lengi sé heimilt að endurákveða gjöld, ef fullnægjandi gögn hafa verið lögð fram hjá tolyfirvaldi. Lagt er til með greininni að tiltekinn verði ákveðinn frestur, allt að sextíu dagar fyrir hvorn aðila til þess að krefjast leiðréttingar. Framangreind tímamörk gilda þó m.a. ekki ef innflytjandi vissi eða mátti vita um rétta tollmeðferð vörunnar. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Um 100. gr.

Grein þessi er nýmæli og kveður hún á um rétt innflytjanda til þess að krefjast úrskurðar tollstjóra, áður en tollafgreiðsla fer fram, um tollverð, tollflokkun eða aðflutningsgjöld, en hingað til hefur formlegt og bindandi úrskurðarvald tollstjóra verið takmarkað. Greinin er ætlað, eins og fleiri greinum í kafla X, að auka festu við tollafgreiðslu og hraða úrlausn ágreiningsefna. Um bindandi áhrif úrskurða tollstjóra vísast til 101. gr. frumvarpsins, en úrskurðir tollstjóra hafa þó gildi þar til upp er kveðinn endanlegur úrskurður skv. 37. gr., sbr. 101. gr., ef úrlausn tollstjóra sætir áfrýjun.

Um 101. og 102. gr.

Greinar þessar eru nýmæli varðandi málsmeðferð ágreiningsmála og um ýmis formsatriði varðandi úrskurði ríkistollanefndar. Vakin er sérstök athygli á að gert er ráð fyrir að nefndin geti krafist úrskurðar tollstjóra að nýju ef fyrir hana eru lögð skjöl sem þýðingu hafa og ekki lágu fyrir við fyrri úrlausn. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Um 103. gr.

Í 50. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er fjallað um hvenær aðflutningsgjöld falla í gjalddaga. Samkvæmt ákvæðinu er svo fyrir mælt að aðflutningsgjöld falli í gjalddaga „þegar far tekur höfn, þar sem vara verður affermd.“ Um gjalddaga vara sem látnar eru í tollvöruheymslu er vísað til laga nr. 47/1960 um tollvöruheymslur o. fl. Þar er ekki að finna nein bein ákvæði er kveða á um gjalddaga aðflutningsgjalda af vörum sem settar hafa verið í tollvöruheymslur, nema að svo miklu leyti sem lesa má slíkt út úr ákvæðum 23. gr. laganna.

Þótt sú almenna regla sé í gildi lögum samkvæmt að aðflutningsgjöld falli í gjalddaga þegar flutningsfar tekur höfn, er sú meginregla í gildi samkvæmt reglugerð settri samkvæmt 23. gr. tollskrárlaga nr. 120/1976, að aðflutningsskjöl skuli í síðasta lagi leggja fram innan þriggja mánaða talið frá komudegi flutningsfars. Í raun fær tolyfirvald þá fyrst þær upplýsingar um vöruna sem álagning gjalda verður byggð á. Innflytjandi getur hins vegar í dag dregið greiðslu gjalda í allt að ár talið frá komudegi flutningsfars en þá lætur tollstjóri vöruna á uppboð, nema innflytjandi frí sig með greiðslu gjalda eða hafi sett vöru í tollvöruheymslu, en þar má vara almennt liggja í allt að þrjú ár.

Eðlilegast er að gjöld falli í gjalddaga þegar álagningu þeirra verður við komið, skjöl varðandi vöru hafa verið lögð fram eða heimild til afhendingar vöru verið veitt. Gjalddagi aðflutningsgjalda skiptir einnig máli að því er varðar fyrningu þeirra, sbr. 3. og 5. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Verður að telja eðlilegast að miða gjalddaga við afhendingu nauðsynlegra skjala sem tollstjóri getur lagt til grundvallar við ákvörðun aðflutningsgjalda sem verði þó ekki frestað lengur en eitt ár, nema vörur hafi verið settar í tollvöruheymslu. Í því tilviki geta liðið allt að þrjú ár þar til tollafgreiðsla síðast nefndrar vöru fer fram og í raun mun lengri tími vegna sérstakra undanþága sem í gildi eru. Framhaldsflutningur vöru er einnig heimilaður lögum samkvæmt milli tollumdæma sem getur leitt til þess að álagning gjalda dragist.

Er því lagt til að gjalddagi aðflutningsgjalda miðist almennt við afhendingu aðflutnings-skjala eða leyfi til afhendingar vöru, en afhendingu úttektarbeiðni þegar um er að ræða vörur sem settar hafa verið í tollvörugeymslu.

Um 104. gr.

Grein þessi er nýmæli, en með henni er kveðið skýrt á um í hvaða tilvikum skuli undantekningarlaust greiða tolla og önnur gjöld áður en leyfi er veitt til afhendingar.

Um 105. gr.

Í 4. mgr. 14. gr. gildandi tollskrárlaga er svo fyrir mælt, að hafi vara komist í hendur viðtakanda án þess að hún hafi verið tollafgreidd og án leyfis tollfyrivalds, skuli heimilt að innheimta af henni hæstu aðflutningsgjöld er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu frá því varan var flutt inn þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

Ákvæði þetta er heimildarákvæði þar sem lagt er í vald einstakra tollstjóra að meta hvort atvik séu svo vaxin að réttlætt verði að því sé beitt. Þetta hefur haft í för með sér að ekki hefur verið gætt samræmis í afgreiðslu mála af þessu tagi. Gerir það framkvæmdarvaldið óhjákvæmilega tortryggilegt í augum þeirra sem lenda í þeirri aðstöðu að þurfa að sæta afgreiðslu eftir orðanna hljóðan.

Á síðast liðnu ári voru settar reglur um afgreiðslu þessara mála sem m. a. var ætlað að tryggja ríkissjóði greiðslu aðflutningsgjalda ásamt hæfilegum vöxtum. Reglur þessar, sem taka tillit til gengisskráningar o. fl. atriða, eru flóknar í framkvæmd sem gerir þær ekki eins virkar og ætlast er til. Þá hafa gengismál þróast á þann veg að síður er ástæða til að styðjast við slíka viðmiðun.

Með þessu nýja ákvæði er gert ráð fyrir að séu tollskyldar vörur teknar úr vörslu farmflytjanda eða í öðrum tilvikum án heimildar tollstjóra, skuli aðflutningsgjöld þegar talin fallin í eindaga og viðkomandi gert að greiða frá nánar tilgreindum tíma til greiðsludags hæstu lögleyfða dráttarvexti. Í þessu sambandi þykir rétt að miða útreikning aðflutningsgjalda við tollafgreiðslugengi sem í gildi er á komudegi flutningsfars nema skýlaust sé sannað að hið ólögmeta atvik hafi átt sér síðar stað. Núverandi skipan er hins vegar óljós í þessum efnum. Þá þykir eðlilegast að miða öll réttaráhrif við það tímamark þegar hið ólöglega athæfi átti sér stað en ekki íþyngjandi atvik, eins og hærri skattlagningu, eftir að atburður átti sér stað.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir að ólöglegur innflutningur sem þessi verði meðhöndlaður í samræmi við ákvæði kafla XIV í frumvarpinu, um refsingar og önnur viðurlög.

Um 106. gr.

Samkvæmt 51. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit skulu aðflutningsgjöld annaðhvort greidd tollstjóra í því tollumdæmi þar sem vara er flutt úr flutningsfari eða tollstjóra í því umdæmi sem vara er framsend til ótollafgreidd skv. 5. gr. laganna. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að innflytjandi, sem veittur verður greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, greiði skuld sína hjá þeim tollstjóra þar sem hann verður í framtíðinni talinn skráður, sbr. athugasemdir við 109. gr. frumvarpsins. Þykir rétt að tekin verði upp ný málsgrein í lög sem kveði á um frávik frá þeirri meginreglu sem nú gildir ófrávikjanlega um greiðslustað aðflutningsgjalda og skyldu innflytjanda til greiðslu þeirra á skráningarstað.

Um 107. gr.

Grein þessi svarar til 77. gr. gildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Um 108. gr.

Frestur til tollafgreiðslu á vörum er almennt eitt ár frá komudegi flutningsfars til landsins. Um tollvöruheymslur gilda hins vegar sérreglur og verður tollafgreiðslu á vörum sem í þær eru settar almennt að vera lokið innan þriggja ára. Ljóst er að markmiðum þeim sem að er stefnt með heimildarákvæðum frumvarpsins um að veita innflytjendum greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, þ. e. að stytta almennt geymslutíma vara hjá farmflytjendum, verður ekki fyllilega náð með greiðslufresti einum saman og verður því að gera ráð fyrir að frestur til tollafgreiðslu verði almennt stytur. Langmestur hluti innfluttra vara er tollafgreiddur á fyrstu mánuðum eftir innflutning eða þeim komið á sama tíma í tollvöruheymslu. Benda athuganir til að innan sex mánaða frá komu flutningsfars til landsins hafi 90% af innflutningi annaðhvort verið tollafgreiddur og tekinn úr vörslu farmflytjenda eða komið fyrir í tollvöruheymslu. Lítil ástæða virðist til að lengri tími sé almennt veittur til geymslu ótollafgreiddra vara hjá farmflytjendum en raun ber vitni og er því gert ráð fyrir að frestur til tollafgreiðslu vara eða flutnings þeirra í tollvöruheymslu verði almennt stytur í sex mánuði en fjármálaráðherra geti þó í undantekningartilvikum heimilað lengri frest þegar brýnar ástæður þykja til.

Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að heimilt sé að beita dráttarvöxtum sem viðurlögum, ef aðflutningsgjöld eru ekki greidd á gjalddaga eins og hann kann að vera ákveðinn samkvæmt 1. mgr. 52. gr. Með styttingu frests til tollafgreiðslu á vörum og jafnframt styttingu gildistíma tollafgreiðslugengis svo og við fyrirhugaða upptöku daggengis, sem áhrif hefur á útreikning aðflutningsgjalda, er lagt til að ákvæði þetta verði felld niður. Hins vegar er gert ráð fyrir að ákvæði um innheimtu dráttarvaxta verði tekið upp í 109. gr. laganna vegna greiðslufrests á aðflutningsgjöldum.

Um 109. gr.

Í 53. gr. gildandi laga um tollheimtu og tollfirlit er að finna heimild til handa fjármálaráðherra til að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Samkvæmt heimild þessari verður greiðslufrestur aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu sem talin verður fullnægjandi að mati ráðherra. Jafnframt er það skilyrði sett að varan sé tollafgreidd og flutt úr vöruheymslu innan frests sem ákveðinn verður í reglugerð.

Fram til þessa hefur heimildin ekki verið notuð til að veita almennan greiðslufrest á aðflutningsgjöldum en hins vegar verið höfð hliðsjón af henni í undantekningartilvikum þegar veittur hefur verið greiðslufrestur vegna innflutnings á nokkrum vörutegundum. Heimildir þessar hafa verið mjög takmarkaðar og yfirleitt ekki veittar nema í þeim tilvikum þegar sérstakar ástæður hafa verið taldar geta réttlætt greiðslufrest, t. d. þegar um innkaup á vörum hefur verið að ræða frá löndum sem ekki hafa getað haldið útflutningshöfnum sínum opnum nema hluta úr ári og innflytjendur því orðið að kaupa vörubirgðir sem tekið hefur allt að hálfu ári að selja á innanlandsmarkaði. Sköpuðust þessar aðstæður hér áður fyrir einkum vegna kaupa landsmanna á timbri frá löndum við Eystrasalt. Þá hefur í framkvæmd gilt sú regla um tollafgreiðslu á vörum til skipasmíða og -viðgerða, að skipasmíðjum, viðgerðaraðilum og útgerðarmönnum hefur verið heimilað að greiða aðflutningsgjöld af vörum til þessara nota gegn útgáfu skuldarviðurkenningar sem síðar hefur verið skuldajafnað vegna endurgreiðslu aðflutningsgjalda sem heimiluð er samkvæmt sérstöku ákvæði í tollskrárlögum og reglum sem fjármálaráðuneytið hefur sett. Í þriðja lagi má nefna að fjármálaráðherra hefur gert samkomulag við flest bifreiðainnflutningsfyrirtæki um allt að tuttugu daga greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum nýjum bifreiðum og hafa aðflutningsgjöld verið lánuð af bifreiðum frá árinu 1974. Einnig má hér minna á að sérstakt greiðslufyrirkomulag hefur gilt um innheimtu gjalds af gas- og brennsluolíum svo og bensingjalds.

Prátt fyrir að um nokkurn tíma hafi verið í lögum ákvæði er heimilaði greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og hliðsjón verið höfð af ákvæði þessu, þegar aðflutningsgjöld hafa verið lánuð vegna innflutnings á nokkrum vörutegundum, hefur eins og áður sagði aldrei verið mörkuð stefna um notkun heimildarinnar almennt um innflutning á gjaldskyldum vörum. Ráðagerðir í þá átt hafa vart komist lengra en á umræðustig því að löngum hafa ýmsar blikur verið á lofti í efnahagsmálum og óvissa um stöðu ríkissjóðs. Vísast þar um til almennra athugasemda hér á undan. Þá hefur einnig þótt skorta nánari efnisleg ákvæði í lagaheimild sem skipt getur jafnmiklu máli um afkomu ríkissjóðs í upphafi slíkra lánsviðskipta, eins og fram kemur í athugun Þjóðhagsstofnunar sem birt er í nefndum tillögum til fjármálaráðherra. Meðal annars vegna þessa hefur þótt sérstök ástæða til þess að útbúa frumvarp til laga um breyting, m.a. á ákvæðum 53. gr. laga um tollheimtu og tolleftrilít, þar sem leitast væri við að setja nánari efnisleg ákvæði um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum jafnframt því sem vilji Alþingis væri kannaður til slíkrar ráðstöfunar. Skal hér á eftir gerð nánari grein fyrir einstökum ákvæðum 109. gr. þessa frumvarps.

Skv. 1. mgr. er lagt til að fjármálaráðherra geti svo sem verið hefur heimilað tollstjórum að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum vegna innflutnings á vörum. Er gert ráð fyrir að það verði gert með reglugerð þar sem kveðið verði nánar á um ýmis efnisleg skilyrði sem innflytjandi verði að uppfylla til að njóta slíkra kjara. Gert er ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu að fyrst og fremst verði innflytjendum sem stunda innflutning í atvinnuskyni veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum. Þótt þetta verði meginreglan er ljóst með tilliti til núverandi fyrirkomulags á innflutningi landsmanna að veita verður ýmsum öðrum aðilum slíka heimild. Fjöldmörg framleiðslufyrirtæki annast sjálf innflutning á ýmsum aðföngum til starfsemi sinnar og verður ekki komist hjá því að veita fyrirtækjum þessum sömu fyrirgreiðslu og þeim sem eingöngu stunda innflutningsverslun. Sama gildir um ýmsa viðgerðar- aðila. Þá eru ótaldir flutningamiðlarar, en ætla má að umsvif þeirra eigi eftir að aukast á komandi árum ef höfð er í huga þróun þessara mála í nágrannalöndunum.

Í kjölfar aukinna milliríkjavíðskipta og fleiri milliríkjasamninga hafa óhjákvæmilega þróast flóknar reglur um innflutning á vörum. Þetta hefur aftur leitt til aukinna krafna bæði á hendur tollstarfsmönnum og eins innflytjendum um kunnáttu á þessu sviði til þess að ekki verði óþarfa tafir á tollafgreiðslu. Bera flóknar reglur fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE ljósast merki um þessa þróun. Til þess að stuðla að sem bestri framkvæmd tollamála er óhjákvæmilegt að reynt verði á næstu árum að fjölga enn í þeim hópi innflytjenda sem hafi til að bera þá lágmarksþekkingu sem er forsenda þess að um hnökra- lausa tollmeðferð vöru geti orðið að ræða. Markmiði þessu má ná með ýmsum hætti, t. d. aukinni fræðslu- og útgáfustarfsemi, bæði af hálfu hins opinbera og eins samtaka verslunarinnar, en til eru einnig aðrar leiðir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í framtíðinni verði haft nánara eftirlit með einstökum innflytjendum. Notkun tölva við tollafgreiðslu á vörum mun auðvelda þetta eftirlit þegar fram í sækir. Slíkt eftirlit byggist óhjákvæmilega á skráningu allra innflytjenda og er því gert ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu að tekin verði upp sérstök skráning þeirra hjá tollstjórum eins og vikið verður að hér síðar. Einungis þeir sem hafa tilskilin leyfi til atvinnurekstrar og skráðir hafa verið hjá tollstjórum geta vænst þess að fá greiðslufrest. Við veitingu heimildarinnar er jafnframt gert ráð fyrir að kannað verði hvort óeðlilega oft hafi þurft að koma til afskipta yfirvalda af innflutningsskjölum viðkomandi innflytjanda. Virðist eðlilegast að láta greiðslufrest á aðflutningsgjöldum tengjast samskiptum innflytjanda að öðru leyti við tollyfirvöld í sambandi við frágang hans á aðflutningsskýrslum, tollflokkun vara o. s. frv.

Auk þeirra skilyrða sem nú hafa verið nefnd er gert ráð fyrir að innflutningur viðkomandi hafi að magni eða verðmæti náð tilteknu lágmarki. Í skýrslu, sem fjármálaráð- herra var skilað á árinu 1978 um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, var talið hæfilegt að

miða við 10 m.kr. sem lágmarksfjárhæð. Gert er ráð fyrir, að minnsta kosti í upphafi, að miðað verði við lágmarksinnflutningsverðmæti. Þar sem upptaka greiðslufrests mun hafa veruleg áhrif á tekjustreymi til ríkissjóðs þegar í upphafi, en óvissa í þeim efnum er óneitanlega nokkur, er gert ráð fyrir að lánsviðskipti þessi verði tekin upp í áföngum. Er við það miðað að þeim innflytjendum verði fyrst veitt heimild til innflutnings með greiðslufresti sem fluttu inn vörur fyrir 124 m.kr. eða meira á árinu 1985.

Í 2. mgr. er lagt til að greiðslufrestur verði bundinn því skilyrði að sett verði fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda í formi bankaábyrgðar eða annarrar tryggingar sem fjármálaráðherra metur fullnægjandi. Er gert ráð fyrir að öllum verði í upphafi gert að setja tryggingu er taki bæði til aðflutningsgjalda og dráttarvaxta komi til vanskila af hálfu innflytjanda. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að tryggingarfjárhæðin verði fjórðungur af þeirri fjárhæð sem fyrirtæki áætla sem aðflutningsgjöld á því ári sem sótt er um heimild til greiðslufrests, enda sé tekið mið af greiddum aðflutningsgjöldum á undanförunum árum. Gert er ráð fyrir að falla megi frá þessu skilyrði hjá þeim aðilum sem hafa haft heimild til greiðslufrests í minnst sex mánuði og staðið í skilum á réttum gjalddögum, enda hafi aðflutningsskjölum ekki verið verulega áfátt, innflytjandi ekki sætt viðurlögum þeim sem um ræðir í 20. gr. gildandi tollskrárlaga eða orðið uppvís að refsiverðu broti á tollalöggjöfinni á sama tíma.

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir að uppgjörstímabil verði almanaksmánuður og eindagi lánaðra aðflutningsgjalda 15 dögum eftir lok hvers uppgjörstímabils. Gert er ráð fyrir að gjöld verði greidd í einu lagi hjá þeim tollstjóra þar sem innflytjandi er eða verður skráður.

Komi til vanefnda af hálfu innflytjanda er gert ráð fyrir að gripið verði til innheimtu dráttarvaxta áður en gengið verður að þeim tryggingum sem gerð verður krafa um í upphafi. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra geti í reglugerð ákveðið auk innheimtu dráttarvaxta að leggja viðurlög við því ef til vanefnda kemur, svo sem sviptingu greiðslufrests tímabundið eða að fullu eða stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi. Jafnframt er lagt til að tekið verði í löginn heimildarákvæði um innheimtu vaxta af lánuðum aðflutningsgjöldum.

Heimild til greiðslufrests gildir í öllum tollumdæmum landsins.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir meginefni þeirra ákvæða sem gert er ráð fyrir að tekin verði í lög og greiðslufrestur miðist við.

Um 110. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að aðilar sem hafa atvinnu af innflutningi eða flytja vörur inn til atvinnustarfsemi sinnar, t. d. vegna framleiðslu á vörum, verði skráðir hjá tollstjóra í því tollumdæmi þar sem lögheimili þeirra er. Full ástæða er til að fylgjast grannt með því hverjir stunda slíka atvinnustarfsemi og hvort þeir hafi til þess þau leyfi sem áskilin eru lögum samkvæmt. Fram til þessa hafa mál þessi verið fremur afskipt hjá opinberum aðilum sem fylgjast eiga með því að þeir sem annast innflutning á vörum hafi t.a.m. verslunarleyfi og miðar upptaka ákvæðisins að því að bæta eftirlit á þessu sviði.

Þá er óhjákvæmilegt annað en að gera ráð fyrir að afhending á vörum gegn lágmarksskráningu verði bundin því skilyrði að innflytjandi hafi verið skráður og veittur frestur til greiðslu á aðflutningsgjöldum eins og vikið er að í athugasemdum við 109. gr. Að öðru leyti má segja að skráning samkvæmt framansögðu sé forsenda þess að hægt verði að fylgjast betur með viðskiptum innflytjenda við tollyfirvöld.

Um 111. gr.

Grein þessi svarar til 54. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit en gert er ráð fyrir þessum breytingum:

Í nágildandi lögum er hvergi tekin bein afstaða til ábyrgðar innflytjanda eða annarra sem með einum eða öðrum hætti tengjast formlegri tollafgreiðslu á vöru hjá tollstjóra. Lagt er til að tekið verði upp ákvæði í 1. og 2. mgr. er kveði á um ábyrgð þess sem kemur fram gagnvart tollfyrirvöldum á greiðslu aðflutningsgjalda svo og annarra sem tengjast innflutningi á vöru, ef ekki er um sömu aðila að ræða.

Séu skil ekki gerð á aðflutningsgjöldum innan ákveðinna tímamarka, sem nú er eitt ár talið frá komudegi flutningsfars vörunnar til landsins, hefur tollstjóri lögum samkvæmt vald til að grípa til þess þvingunarúrræðis að selja viðkomandi vöru á uppboði til lúkningar greiðslu gjalda. Frá þessari meginreglu hefur í framkvæmd gilt sú regla að borgarfégetaembættið í Reykjavík hefur séð um uppboð vegna ótollafgreiddra vara sem eru í tollumdæmi tollstjórans í Reykjavík. Framkvæmd þessi er leidd af almennu orðalagi í 3. gr. laga nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. Með tilliti til fyrirkomulags þess sem almennt gildir um heimild tollstjóra í öðrum tollumdæmum til þess að tollafgreiða vörur endanlega inn í landið og halda uppboð á vörum, fáist gjöld ekki greidd með öðrum hætti, er eðlilegt að tollstjórinn í Reykjavík hafi á hendi sömu þvingunarúrræði sem síðasta stig í innheimtu tolla sem honum er reyndar falin skv. 6. gr. nefndra laga. Undirbúningsvinna vegna slíkra uppboða nú fer nær öll fram við embætti tollstjórans í Reykjavík og má því segja að eðlilegt sé að honum verði falið uppboðshaldið sjálft til þess að tollstjóri geti gengið sjálfur frá endanlegri tollafgreiðslu varanna.

Til þess að greiða fyrir því að sem hæst verð fáist fyrir vöru, sem annars yrði sett á uppboð er leitt gæti til óhagkvæmrar sölu, er lagt til að tollstjóra verði veitt heimild til þess að leita eftir tilboði í vöruna.

Að lokum er lagt til að tekið verði upp sérstakt heimildarákvæði varðandi skemmdar vörur, sem litlar líkur eru á að seljast myndu á uppboði eða annars staðar, þ.e. að tollstjóri geti látið eyðileggja þær á kostnað innflytjanda. Upptaka slíks ákvæðis mundi leysa úr ýmsum ágreiningsmálum varðandi greiðsluskyldu sem oft á tíðum verður að teljast ósanngjörn og er auk þess óskynsamleg þegar haft er í huga að vörur þessar fara nær aldrei á innlendan markað heldur er ekið á hauga.

Um 112. gr.

Grein þessi svarar til 55. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Um 113. gr.

Samkvæmt 1. tl. 57. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit er óheimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem endursend er til útlanda hafi hún verið boðin fram til sölu. Telja verður óskynsamlegt að útiloka endurgreiðslu aðflutningsgjalda þegar svo stendur á og hindra með þeim hætti endursendingu eða letja menn til slíks. Gera verður ráð fyrir að almennt séu hagsmunir ríkis og einstaklinga meiri með tilliti til þess að fá þann gjaldeyri til baka sem greiddur hefur verið fyrir vöru en láta hana daga hér uppi engum til gagns.

Um aðrar breytingar vísast til athugasemda við 7. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit sem lagt var fram á Alþingi 1984 á þingskjali nr. 58, 55. mál, og varð að lögum nr. 46/1984.

Um 114. gr.

Grein þessi svarar til 2. og 3. mgr. 14. gr. tollskrárlaga.

Um 115.—119. gr.

Greinar þessar svara efnislega til 26., 27., 28., 29. og 30. gr. tollskrárlaga og þarfnast ekki skýringa. Felld er niður heimild fjármálaráðuneytisins skv. 31. gr. tollskrárlaga til að láta athuga verslunarbækur, bréfaviðskipti og önnur skjöl hjá atvinnurekendum vegna meints undirboðs. Er gert ráð fyrir að almennar reglur gildi um öflun upplýsinga þegar slík mál eru til athugunar í ráðuneytinu.

Um 120. gr.

Greininni er ætlað að koma í stað 32. gr. gildandi tollskrárlaga og er víðtækari.

Um 121. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 2/1970 um breyting á lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og þarfnast ekki skýringar.

Um 122. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. laga nr. 2/1970 og þarfnast ekki skýringar.

Um 123.—125. gr.

Greinarnar eru samhljóða 60.—62. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1976 um breyting á 2. mgr. 61. gr.

Um 126. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 63. gr. gildandi tollheimtulaga nr. 59/1969, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1970 um breyting á þeim.

Um 127.—130. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 64.—67. gr. gildandi tollheimtulaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 131. gr.

Greinin samsvarar 68. gr. gildandi tollheimtulaga að öðru leyti en því, að ákvæði um dagsektir er sleppt, enda óraunhæft og hefur lítt eða ekki verið notað. Önnur þvingunarúræði, þ.e. stöðvun tollafgreiðslu til viðkomandi, eru nægileg.

Um 132. gr.

Greinin samsvarar 69. gr. gildandi tollheimtulaga, sbr. 1. gr. laga nr. 66/1973 um breyting á þeim, að undanskildum smávægilegum orðalagsbreytingum.

Um 133. gr.

Greinin samsvarar 70. gr. gildandi tollheimtulaga, en er þó styttr, þar sem ákvæði þeirrar greinar um ákvörðun aðflutningsgjalda og ábyrgð eiganda og umráðamanns farartækis eða vörugæmslu kemur fram í 99. og 67. gr. þessa frumvarps.

Um 134. gr.

Greinin er samhljóða 20. gr. nógildandi tollskrárlaga.

Um 135. gr.

Greinin er samhljóða 71. gr. gildandi tollheimtulaga, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1984 um breyting á þeim.

Um 136.—140. gr.

Greinarnar samsvara 72.—76. gr. gildandi tollheimtulaga.

Um 141. gr.

Greinin er samhljóða 34. gr. tollskrárlaga.

Um 142. gr.

Ákvæði 1. mgr. svarar efnislega til 25. gr. tollskrárlaga en gert er ráð fyrir að sýnishorn verði ekki tekin nema samkvæmt nánari reglum sem settar verði af ríkistollstjóra. Jafnframt er honum falin varsla sýnishornasafnsins og upplýsingagjöf um tollflokkun þeirra vara sem þar er að finna, en ljóst má vera að slíkt safn getur ekki með tilliti til fjölbreytni innflutnings orðið umfangsmikið, en gæti þó nýst við kennslu í Tollskóla ríkisins sem gert er ráð fyrir að verði við embættið, sbr. 40. gr.

Til að tryggja samræmda upplýsingagjöf um tollflokkun vara er lagt til í 2. mgr. að innflytjendur verði látnir beina fyrirspurnum sínum til ríkistollstjóra í skriflegu formi. Gert er ráð fyrir að hann samræmi störf tollstjóra og fylgist með úrskurðum þeirra m. a. um tollaflokkun og liggur því beinast við að fela ríkisstjóra að veita upplýsingar um tollflokkun vara sem innflytjandi geti byggt innflutning sinn á svo bindandi sé fyrir ríkið.

Um 143. gr.

Grein þessi er samhljóða 40. gr. tollskrárlaga, sbr. 12. gr. laga nr. 3/1986.

Um 144. gr.

Greinin er samhljóða 38. gr. tollskrárlaga.

Um 145. gr.

Greinin er samhljóða 8. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Um 146. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 39. gr. tollskrárlaga en er nokkuð stytt.

Um 147. gr.

Greinin er samhljóða 79. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit en lagt er til að fjármálaráðherra geti auk samninga um samstarf til að vinna gegn ólöglegum innflutningi gert samstarfssamninga til að einfalda og samræma tollframkvæmd vegna tollmeðferðar á vörum.

Um 148. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 149. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli sem tekur af allan vafa í þeim tilvikum þar sem ekki er nægilega skýrt kveðið á um álagningu og innheimtu aðflutnings- og útflutningsgjalda sem ákveðin eru samkvæmt öðrum lögum.

Um 150. gr.

Gert er ráð fyrir að afgreiðsla þessa frumvarps sé óháð gildistöku frumvarps um tollskrá sem lagt verður fyrir Alþingi í tengslum við þetta frumvarps. Þar sem ýmis heimildarákvæði 3. gr. núgildandi tollskrárlaga eru tengd ráðgerðum breytingum á 1. gr. tollskrárlaga er nauðsynlegt að 1. og 3. gr. þeirra laga haldi gildi sínu þar til ný tollskrá hefur öðlast gildi.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR

UM FRAMKVÆMD 7. GR. HINS ALMENNA SAMKOMULAGS UM TOLLA OG VIÐSKIPTI

Almenn inngangsorð

1. Aðalgrundvöllur tollverðs í þessum samningi er „viðskiptaverð“ eins og það er skýrgreint í 1. gr. Lesa ber 1. gr. í samhengi við 8. gr., þar sem m. a. er gert ráð fyrir leiðréttingu á því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber þegar kaupandi tekur að sér vissa tilgreinda þætti sem taldir eru mynda hluta af verði í tollalegu tilliti en eru ekki innifaldir í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hina innfluttu vöru. Í 8. gr. er einnig gert ráð fyrir að í viðskiptaverði felist viss atriði sem ganga kunni frá kaupanda til seljanda í formi sérstakra vara eða þjónustu í stað þess að vera í formi peningagreiðslu. Í 2.—7. gr. eru ákvæði um aðferðir til að ákvarða tollverð þegar það verður ekki gert skv. 1. gr.

2. Þegar ekki er hægt að ákvarða tollverð skv. 1. gr. er eðlilegt að til séu reglur um viðræður milli tollyfirvalda og innflytjenda til þess að finna verðgrundvöll samkvæmt ákvæðum 2. eða 3. gr. Komið getur fyrir t. d. að innflytjandi hafi upplýsingar um tollverð á sams konar eða svipuðum innfluttum vörum sem ekki eru handbærar tollyfirvöldum í innflutningshöfn. Hins vegar kunna tollyfirvöld að hafa upplýsingar um tollverð á sams konar eða svipuðum innfluttum vörum sem ekki eru handbærar innflytjanda. Reglur um viðræður milli þessara aðila munu gera þeim kleift að skiptast á upplýsingum innan marka viðskiptaleyndar í því skyni að ákvarða réttan verðgrundvöll í tollalegu tilliti.

3. Í 5. og 6. gr. er gert ráð fyrir tveim aðferðum til að ákvarða tollverð þegar það verður ekki gert á grundvelli viðskiptaverðs hinnar innfluttu vöru eða sams konar eða svipaðra innfluttra vara. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. skal ákvarða tollverð á grundvelli söluverðs vörunnar í því ástandi sem hún var við innflutning til óháðs kaupanda í innflutningslandinu. Innflytjandi á einnig rétt á því að vara sem hlotið hefur frekari aðvinnslu eftir innflutning sé virt samkvæmt ákvæðum 5. gr. óski hann þess. Samkvæmt 6. gr. er tollverð ákvarðað á grundvelli reiknaðs verðs. Þar sem báðar þessar aðferðir hafa vissa erfiðleika í för með sér er innflytjanda gefinn kostur á skv. 4. gr. að velja í hvaða röð þeim skuli beita.

4. Í 7. gr. er kveðið á um ákvörðun tollverðs í þeim tilvikum að ekki reynist unnt að ákvarða það í samræmi við ákvæði fyrri greina.

Inngangur

Aðilar að þessum samningi (hér á eftir nefndir „samningsaðilar“) sem

taka tillit til marghliða samningaviðræðnanna um viðskipti;

vilja stuðla að því að náð verði markmiðum Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (hér á eftir nefnt Almenna samkomulagið eða GATT) og tryggja aukinn hlut þróunarlanda í alþjóðaviðskiptum;

viðurkenna mikilvægi ákvæða 7. gr. Almenna samkomulagsins og vilja setja reglur um framkvæmd þeirra til þess að skapa meira samræmi og festu við beitingu þeirra;

viðurkenna mikilvægi ákvæða 7. gr. Almenna samkomulagsins og vilja setja reglur um vöru sem útiloki að það sé ákveðið að geðþótta eða tilbúið;

viðurkenna að grundvöllur fyrir tollverði vöru eigi eftir því sem frekast er unnt að vera viðskiptaverð þeirrar vöru sem verið er að virða;

viðurkenna að tollverð eigi að byggjast á einföldum og réttlátum mælikvarða sem samrýmist viðskiptavenjum og án tillits til hvaðan vara berst;

viðurkenna að verðákvörðunaraðferðir eigi ekki að nota til að stemma stigu við undirboðum;

eru ásáttir um eftirfarandi:

HLUTI I REGLUR UM ÁKVÖRDUN TOLLVERÐS

1. gr.

1. Tollverð innfluttrar vöru skal vera viðskiptaverðið, þ. e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna við sölu til útflutnings til innflutningslandsins, leiðrétt í samræmi við ákvæði 8. gr., enda
 - a. séu kaupanda engar takmarkanir settar um ráðstöfun eða notkun vörunnar, aðrar en takmarkanir sem
 1. settar eru eða krafist verður með lögum eða af opinberum stjórnvöldum í innflutningslandinu,
 2. takmarka þau landfræðilegu mörk þar sem endurselja má vöruna, eða
 3. hafa ekki veruleg áhrif á verðmæti vörunnar;
 - b. sé salan eða verðið ekki háð einhverjum skilyrðum eða skilmálum sem ekki er hægt að ákvarða verð fyrir að því er varðar þá vöru sem verið er að virða;
 - c. renni enginn hluti ágóða af síðari sölu, ráðstöfun eða notkun vörunnar af hálfu kaupanda beint eða óbeint til seljanda, nema unnt sé að gera viðeigandi leiðréttingu í samræmi við ákvæði 8. gr., og
 - d. kaupandi og seljandi séu óháðir hvor öðrum eða, séu þeir háðir hvor öðrum, að viðskiptaverðið sé nothæft í tollalegu tilliti samkvæmt ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.
2. a. Þegar ákvarða skal hvort viðskiptaverð sé nothæft skv. 1. mgr. á það ekki í sjálfu sér að valda því að viðskiptaverð sé talið ónothæft að kaupandi og seljandi eru hvor öðrum háðir í skilningi 15. gr. Í því tilviki skal kanna kringumstæður við söluna og samþykka viðskiptaverðið ef tengslin hafa ekki haft áhrif á verðið. Hafi tollyfirvöld ástæðu til að ætla, vegna upplýsinga frá innflytjanda eða af öðrum ástæðum, að tengslin hafi haft áhrif á verðið skulu þau koma athugasemdum sínum á framfæri við innflytjanda og skal honum gefið nægilegt færi til andsvara. Óski innflytjandi þess skal honum gerð skriflega grein fyrir athugasemdum.

b. Við sölu milli háðra aðila skal samþykkja viðskiptaverðið og virða vöruna í samræmi við ákvæði 1. mgr., enda sýni innflytjandi fram á að verðið sé sambærilegt við eitthvert neðangreint verð sem fyrir kemur á sama eða svipuðum tíma:

1. Viðskiptaverð við sölu til óháðra kaupenda á sams konar eða svipuðum vörum til útflutnings til sama innflutningslands.
2. Tollverð sams konar eða svipaðra vara eins og það er ákvarðað samkvæmt ákvæðum 5. gr.
3. Tollverð sams konar eða svipaðra vara eins og það er ákvarðað samkvæmt ákvæðum 6. gr.
4. Viðskiptaverð við sölu til óháðra kaupenda til útflutnings til sama innflutningslands á vörum sem telja má sams konar og hinar innfluttu vörur að því undanskildu að vera framleiddar í öðru landi, enda séu seljendur í hverjum tvennum viðskiptum, sem borin eru saman, óháðir hvor öðrum.

Pegar framangreindum könnunum er beitt skal taka tillit til mismunar sem sýnt er fram á varðandi viðskiptastig, magn, atriði talin upp í 8. gr. og kostnað sem seljandi verður fyrir við sölu þar sem hann og kaupandi eru óháðir hvor öðrum, en seljandi verður ekki fyrir við sölu þar sem hann og kaupandi eru háðir hvor öðrum.

c. Kannanir sem getið er um í b-lið 2. mgr. skal nota að frumkvæði innflytjanda og eingöngu til viðmiðunar. Annað verð í staðinn má ekki ákvarða samkvæmt ákvæðum b-liðar 2. mgr.

2. gr.

1. a. Sé ekki hægt að ákvarða tollverð innfluttrar vöru samkvæmt ákvæðum 1. gr. skal tollverðið vera viðskiptaverð sams konar vara sem seldar eru til útflutnings til sama innflutningslands og fluttar út á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða.
 - b. Pegar ákvæðum þessarar greinar er beitt skal við ákvörðun tollverðs nota viðskiptaverð sams konar vara við sölu á sama viðskiptastigi og í sem næst sama magni og varan sem verið er að virða. Finnist slík sala ekki skal nota viðskiptaverð sams konar vara við sölu á öðru viðskiptastigi og/eða í öðru magni, leiðrétt þannig, að tekið sé tillit til þess mismunar er leiðir af viðskiptastiginu og/eða magninu, enda sé hægt að gera slíka leiðréttingu á grundvelli framkominna gagna sem leiði skýrt í ljós að hún er réttmæt og nákvæm, hvort sem hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðsins.
2. Pegar kostnaðarliðir og gjöld sem getið er í 2. mgr. 8. gr. eru innifalin í viðskiptaverði skal taka tillit við leiðréttingu til verulegs mismunar á þessum kostnaðarliðum og gjöldum milli hinnar innfluttu vöru og sams konar viðmiðunarvara sem rekja má til mismunandi vegalengda og flutningsmáta.
 3. Finnist við beitingu ákvæða þessarar greinar meira en eitt viðskiptaverð á sams konar vörum skal nota lægsta verðið við ákvörðun á tollverði innfluttu vörunnar.

3. gr.

1. a. Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað samkvæmt ákvæðum 1. og 2. gr. skal það vera viðskiptaverð svipaðra vara sem seldar eru til útflutnings til sama innflutningslands og fluttar út á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða.

- b. Þegar ákvæðum þessarar greinar er beitt skal við ákvörðun tollverðs nota viðskiptaverð svipaðra vara við sölu á sama viðskiptastigi og í sem næst sama magni og varan sem verið er að virða. Finnist slík sala ekki skal nota viðskiptaverð svipaðra vara við sölu á öðru viðskiptastigi og/eða öðru magni, leiðrétt þannig, að tekið sé tillit til þess mismunar er leiðir af viðskiptastiginu og/eða magninu, enda sé hægt að gera slíka leiðréttingu á grundvelli fram kominna gagna sem leiði skýrt í ljós að hún er réttmæt og nákvæm, hvort sem hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðsins.
2. Þegar kostnaðarliðir og gjöld sem getið er í 2. mgr. 8. gr. eru innifalin í viðskiptaverði skal taka tillit við leiðréttingu til verulegs mismunar á þessum kostnaðarliðum og gjöldum milli hinnar innfluttu vöru og svipaðra viðmiðunarvara sem rekja má til mismunandi vegalengda og flutningsmáta.
3. Finnist við beitingu ákvæða þessarar greinar meira en eitt viðskiptaverð á svipuðum vörum skal nota lægsta verðið við ákvörðun á tollverði innfluttu vörunnar.

4. gr.

Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað samkvæmt ákvæðum 1., 2. og 3. gr. skal ákvarða það samkvæmt ákvæðum 5. gr. eða — þegar ekki er unnt að ákvarða tollverð samkvæmt þeirri grein — samkvæmt ákvæðum 6. gr., en þó skal fyrr beitt ákvæðum 6. gr. en 5. gr. ef innflytjandi óskar þess.

5. gr.

1. a. Sé innflutt vara eða sams konar eða svipaðar vörur seldar í innflutningslandinu í því ástandi sem þær voru fluttar inn skal miða tollverð hinnar innfluttu vöru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar við það einingarverð sem hún eða sams konar eða svipaðar innfluttar vörur eru seldar á í mesta heildarmagni, á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða var flutt inn, til aðila sem óháðir eru þeim sem þeir kaupa vörunnar af, en þó að frádregnum eftirtöldum liðum:
1. Annaðhvort þeim umboðslaunum sen venjulega eru greidd eða samþykkt er að greiða eða því sem venjulega er bætt við sem ágóðahlut og til almennra útgjalda í tengslum við sölu í því landi á innfluttum vörum í sama gæðaflokki eða sömu tegundar.
 2. Venjulegum flutningskostnaði og váttryggingu og skyldum kostnaði sem leggst á í innflutningslandinu.
 3. Kostnaðarliðum og gjöldum sem getið er í 2. mgr. 8. gr., eftir því sem við á.
 4. Tollum og öðrum gjöldum sem greiða ber í innflutningslandinu vegna innflutnings eða sölu vörunnar.
- b. Séu hvorki hin innflutta vara né sams konar eða svipaðar innfluttar vörur til sölu á sama eða svipuðum tíma og varan sem virða á er flutt inn skal miða tollverðið, að uppfylltum öðrum ákvæðum a-liðar 1. mgr. þessarar greinar, við það einingarverð sem hin innflutta vara eða sams konar eða svipaðar innfluttar vörur eru seldar á í innflutningslandinu í því ástandi sem þær voru fluttar inn, hið fyrsta eftir innflutning þeirrar vöru sem verið er að virða, en þó innan 90 daga frá innflutningi.
2. Séu hvorki hin innflutta vara né sams konar eða svipaðar innfluttar vörur seldar í innflutningslandinu í því ástandi sem þær voru fluttar inn skal miða tollverðið, ef innflytjandi óskar þess, við það einingarverð sem hin innflutta vara eftir frekar aðvinnslu er seld á í mesta heildarmagni til aðila í innflutningslandinu sem óháðir eru þeim sem þeir kaupa vörunnar af,

enda sé tekið tillit til virðisauka vegna aðvinnslunnar og frádráttarliða sem gert er ráð fyrir í a-lið 1. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

1. Tollverð innfluttrar vöru skal byggja á reiknuðu verði samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Reiknað verð skal mynda með samtölu eftirtalinna þátta:

- a. Kostnaðarverðs eða verðmætis efnivara og tilbúnings eða annarrar aðvinnslu sem notuð er við framleiðslu hinnar innfluttu vöru.
- b. Upphæðar vegna ágóðahlutar og almennra útgjalda er jafngildir því sem venjulega leggst á vörur í sama gæðaflokki eða sömu tegundar og sú sem verið er að virða og fellur í hlut framleiðenda í útflutningslandinu við útflutning til innflutningslandsins.
- c. Kostnaðarverðs eða verðmætis allra annarra útgjaldaliða sem nauðsynlegir eru til að fram komi sú verðákvörðunarleið sem samningsaðili velur skv. 2. mgr. 8. gr.

2. Enginn samningsaðili getur skyldað eða þvingað aðila sem ekki er búsettur á landsvæði hans til að leggja fram til könnunar eða leyfa aðgang að neins konar reikningum eða öðrum bókhaldsgögnum í því skyni að ákvarða reiknað verð. Þó mega yfirvöld í innflutningslandi staðreyna í öðru landi upplýsingar sem framleiðandi vöru hefur látið í té til þess að ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, enda samþykki framleiðandi það og þau tilkynni ríkisstjórn viðkomandi lands það með nægilegum fyrirvara og hún sé ekki könnuninni mótfallin.

7. gr.

1. Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað samkvæmt ákvæðum 1.—6. gr. skal ákvarða það með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum þessa samnings og 7. gr. Almenna samkomulagsins og á grundvelli fánlegra upplýsinga í innflutningslandinu.

2. Eigi skal ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar á grundvelli eftirtalins:

- a. Söluverðs í innflutningslandinu á vörum sem framleiddar eru þar.
- b. Fyrirkomulags sem gerir ráð fyrir að samþykkt sé í tollalegu tilliti hið hærra verð þegar tvenns konar verð kemur til greina.
- c. Vöruverðs á heimamarkaði í útflutningslandinu.
- d. Framleiðslukostnaðar, annars en reiknaðs verðs sem hefur verið ákvarðað fyrir sams konar eða svipaðar vörur í samræmi við ákvæði 6. gr.
- e. Útflutningsverðs vörunnar til annars lands en innflutningslandsins.
- f. Lágmarkstollverðs.
- g. Verðs sem ákveðið er að geðþótta eða er tilbúið.

3. Óski innflytjandi þess skal tilkynna honum skriflega um tollverð það sem ákvarðað hefur verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og um þá aðferð sem notuð hefur verið við að ákvarða það verð.

8. gr.

1. Við ákvörðun tollverðs samkvæmt ákvæðum 1. gr. skal bæta við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hinar innfluttu vörur sem hér segir:

- a. Eftirtöldu, að því leyti sem það er borið af kaupanda en er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna:

1. Umboðslaunum og miðlaraþóknun, þó ekki kaupumboðslaunum.
 2. Kostnaði vegna gáma sem teljast í tollalegu tilliti tilheyrta vörunum.
 3. Þökkunarkostnaði, bæði fyrir vinnu og efni.
- b. Viðeigandi hluta af verðmæti eftirtalinna vara og þjónustu, sem látið er beint eða óbeint í té af kaupanda án greiðslu eða á lækkuðu verði til notkunar í sambandi við framleiðslu og sölu hinnar innfluttu vöru til útflutnings, að því leyti sem þetta verðmæti er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber:
1. Efnivörum, hlutum, pörtum o. þ. h. sem notað hefur verið í hina innfluttu vöru.
 2. Verkfærum, formum, mótum o. þ. h. sem notað hefur verið við framleiðslu hinnar innfluttu vöru.
 3. Efnivörum sem eyðst hafa við framleiðslu hinnar innfluttu vöru.
 4. Verkfræðivinnu, þróun, listverkum, hönnun, áætlunum og skissum, sem unnið hefur verið annars staðar en í innflutningslandinu og nauðsynlegt er til framleiðslu hinnar innfluttu vöru.
- c. Einkaréttar- og leyfisgjöldum, sem tengd eru vöru þeirri sem verið er að virða og kaupandi verður beint eða óbeint að greiða sem skilyrði fyrir sölu hennar, að því leyti sem þessi einkaréttar- og leyfisgjöld eru ekki innifalin í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber.
- d. Verðmæti sérhvers ágóðahlutar af síðari endursölu, ráðstöfun eða notum hinnar innfluttu vöru sem rennur beint eða óbeint til seljanda.
2. Við lagasetningu skal hver samningsaðili sjá til þess að eftirtalin atriði séu að öllu eða einhverju leyti innifalin í tollverði eða útilokuð úr því:
- a. Flutningskostnaður hinnar innfluttu vöru til innflutningshafnar eða -staðar.
 - b. Gjöld fyrir fermingu, affermingu og meðferð hinnar innfluttu vöru vegna flutnings hennar til innflutningshafnar eða -staðar.
 - c. Vátryggingarkostnaður.
3. Viðbætur við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber skal einungis ákvarða samkvæmt þessari grein á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.
4. Við ákvörðun tollverðs skal engu bætt við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber nema það sé unnt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

9. gr.

1. Purfi að umreikna gjaldmiðil við ákvörðun tollverðs skal nota það gengi sem þar til bær yfirvöld í innflutningslandi hafa auglýst, enda gefi það til kynna eins nákvæmlega og unnt er, á því tímabili sem hver gengistafla gildir, raunverulegt verðmæti hans í almennum viðskiptum gagnvart gjaldmiðli innflutningslandsins.
2. Nota skal það gengi sem í gildi er þegar útflutningur fer fram eða innflutningur eftir því sem hver samningsaðili ákveður.

10. gr.

Allar upplýsingar sem eru í eðli sínu trúnaðarmál eða hafa verið látnar í té í trúnaði vegna ákvörðunar tollverðs skulu njóta fullkominnar þagnarskyldu viðkomandi yfirvalda, og

skulu þau eigi láta þessar upplýsingar uppi án sérstakrar heimildar þess aðila eða ríkisstjórnar sem látið hefur þær í té, nema að því leyti sem þær kunna að þurfa að koma fram við meðferð máls fyrir dómstólum.

11. gr.

1. Í löggjöf hvers samningsaðila um ákvörðun tollverðs skulu vera ákvæði um heimild innflytjanda, eða sérhvers annars aðila sem ábyrgur er fyrir greiðslu tolls, til áfrýjunar án viðurlaga.
2. Fyrsta stig áfrýjunarréttar án viðurlaga getur verið til yfirvalds innan tollstjórnarinnar eða til sjálfstæðs aðila, en í löggjöf hvers samningsaðila skulu vera ákvæði um heimild til áfrýjunar til dómstóla án viðurlaga.
3. Tilkynna skal áfrýjanda um úrskurð vegna áfrýjunar og skal rökstuðningur fyrir slíkum úrskurði vera skriflegur. Einnig skal upplýsa áfrýjanda um rétt hans til frekari áfrýjunar.

12. gr.

Lög, reglugerðir, úrskurðir dómstóla og stjórnvalda sem almennt gildi hafa vegna framkvæmdar þessa samnings skal viðkomandi innflutningsland birta í samræmi við 10. gr. Almenna samkomulagsins.

13. gr.

Reynist nauðsynlegt við ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru að fresta lokaákvörðun um það skal eigi að síður heimila innflytjanda að leysa til sín vöruna úr tolli, enda setji hann, sé þess krafist, fullnægjandi tryggingu í formi ábyrgðar, fjártryggingar eða annarra viðeigandi ráðstafana fyrir endanlegri greiðslu aðflutningsgjalda sem kunna að verða lögð á vöruna. Í löggjöf hvers samningsaðila skulu vera ákvæði um þetta atriði.

14. gr.

Athugasemdir í viðauka I við þennan samning eru óaðskiljanlegur hluti hans og skal lesa greinar samningsins og beita þeim í samhengi við viðeigandi athugasemdir. Viðaukar II og III eru einnig óaðskiljanlegur hluti samningsins.

15. gr.

1. Í þessum samningi
 - a. merkir „tollverð innfluttrar vöru“ verðmæti vöru til þess að nota við álagningu verðtolls á innflutta vöru,
 - b. merkir „innflutningsland“ það land eða tollsvæði þar sem innflutningur á sér stað, og
 - c. tekur orðið „framleitt“ til þess sem ræktað er, verksmiðjuunnið og unnið með námugreftri.
2.
 - a. Í þessum samningi eiga „sams konar vörur“ við vörur sem eru eins í öllu tilliti, þ. m. t. einkenni, gæði og orð sem af þeim fer. Minni háttar útlitsmunur útilokar ekki vörur, sem að öllu leyti falla undir skilgreininguna, frá því að teljast vera sams konar.
 - b. Í þessum samningi eiga „svipaðar vörur“ við vörur sem ekki eru eins í öllu tilliti, en hafa þó svipuð einkenni og svipaða efnishluta og geta því þjónað sama tilgangi og komið hver í annarrar stað í viðskiptum. Gæði varanna, orð sem af þeim fer og hvort þær eiga sér vörumerki er meðal þeirra þátta sem hafa verður í huga við ákvörðun á því hvort vörur séu svipaðar.

- c. Hugtökin „sams konar vörur“ og „svipaðar vörur“ hvort um sig taka ekki til vara sem fela í sér eða gefa til kynna verkfræðivinnu, þróun, listverk, hönnun, áætlanir og skissur sem ekkert tillit hefur verið tekið til við verðleiðréttingu skv. 4. tl. b-liðar 1. mgr. 8. gr. þar eð þeir þættir fóru fram í innflutningslandinu.
 - d. Vörur skal ekki telja „sams konar vörur“ eða „svipaðar vörur“ nema þær hafi verið framleiddar í sama landi og vara sú sem verið er að virða.
 - e. Því aðeins skal taka til greina vörur framleiddar af öðrum aðila að ekki séu fyrir hendi neinar sams konar eða svipaðar vörur framleiddar af sama aðila og vara sú sem verið er að virða.
3. Í þessum samningi eiga „vörur í sama gæðaflokki eða sömu tegundar“ við vörur sem teljast til vöruflokka eða vörusviðs sem framleitt er í tilteknum iðnaði eða iðngrein, og tekur til sams konar eða svipaðra vara.
4. Vegna framkvæmdar þessa samnings skal því aðeins telja aðila háða hvor öðrum að
- a. þeir séu yfirmenn eða stjórnendur fyrirtækja hvors annars,
 - b. þeir séu í lagalegum skilningi sameigendur fyrirtækis,
 - c. þeir séu vinnuveitandi og starfsmaður hans,
 - d. einhver aðili beint eða óbeint eigi, stjórn eða hafi umráð yfir 5 hundraðshlutum eða meira af atkvæðisrétti eða hlutabréfum hjá þeim báðum,
 - e. annar þeirra beint eða óbeint stjórn hinum,
 - f. þriðji aðili beint eða óbeint stjórn báðum
 - g. báðir saman beint eða óbeint stjórn þriðja aðila, eða
 - h. þeir séu í sömu fjölskyldu.
5. Aðilar sem eru í viðskiptasambandi hvor við annan, þannig að annar er einkaumboðsmaður, einkadreifingaraðili eða sérleyfishafi hins aðilans í hvaða mynd sem er, skulu taldir vera háðir hvor öðrum í skilningi þessarar greinar.

16. gr.

Innflytjandi á rétt á að fá skriflega skýringu á því frá tollyfirvöldum í innflutningslandinu hvernig tollverð vöru er hann flutti inn var ákvarðað, enda sé það gert með skriflegri beiðni.

17. gr.

Enginn ákvæði þessa samnings skal skilja þannig að réttur tollyfirvalda verði takmarkaður eða vefengdur til að staðreyna sannleiksgildi eða áreiðanleika hvers konar yfirlýsingar, skjals eða skýrslu sem lagt hefur verið fram vegna ákvörðunar tollverðs.

HLUTI II

STJÓRNUN, SAMRÁÐ OG ÚRLAUSN ÁGREININGSMÁLA

Stofnanir

18. gr.

Stofna skal samkvæmt samningi þessum:

1. Tollverðsákvörðunarnefnd (hér á eftir nefnd Nefndin) sem í eiga sæti fulltrúar frá hverjum samningsaðila. Nefndin skal sjálf velja sér formann og skal að jafnaði halda fund

einu sinni á ári eða eins og ástæða þykir til vegna tiltekinna ákvæða samningsins, til þess að gefa samningsaðilum tækifæri til viðræðna um málefni varðandi framkvæmd tollverðs-ákvörðunarkerfisins hjá hvaða samningsaðila sem er, þar sem það kynni að hafa áhrif á framkvæmd ákvæða samningsins eða stuðla að framgangi markmiða hans, og til að vinna að öðrum málefnum sem samningsaðilar kunna að fela henni. Skrifstofa GATT skal vera skrifstofa Nefndarinnar.

2. Tæknilega tollverðsákvörðunarnefnd (hér á eftir nefnd Tækninefndin) á vegum Tolla-samvinnuráðsins og skal hún vinna að þeim málefnum sem fjallað er um í viðauka II við þennan samning og starfa samkvæmt reglum sem þar eru tilgreindar.

Viðræður

19. gr.

1. Telji einhver samningsaðili að einhver beinn eða óbeinn ávinningur hans samkvæmt samningi þessum sé að engu gerður eða honum spillt eða að verið sé að hindra að einhverjum markmiðum samningsins verði náð og að þetta stafi af aðgerðum eins eða fleiri samningsaðila, getur hann farið fram á viðræður við þann eða þá samningsaðila sem um er að ræða með það fyrir augum að fá lausn á málinu sem er viðunandi fyrir alla aðila. Sérhver samningsaðili skal taka beiðni annars samningsaðila um viðræður til vinsamlegrar athugunar.

2. Hlutadeigandi samningsaðilar skulu hefja umbednar viðræður án tafar.

3. Samningsaðilar sem taka þátt í viðræðum um tiltekið málefni sem snertir framkvæmd þessa samnings skulu reyna að ljúka þeim innan hæfilegs tíma. Sé þess óskað mun Tækninefndin láta þeim samningsaðilum í té ráðleggingar og aðstoð sem í viðræðum eiga.

Úrlausn ágreiningsmála

20. gr.

1. Fáir ekki samningsaðilar sem í viðræðum eiga skv. 19. gr. viðunandi lausn fyrir alla skal Nefndin, óski einhver deiluaðili þess, koma saman innan 30 daga frá því að beiðni berst, til þess að rannsaka málið með það fyrir augum að greiða fyrir lausn sem er viðunandi fyrir alla aðila.

2. Við rannsókn máls og val vinnuaðferða sinna skal Nefndin taka tillit til hvort ágreiningsefnið lúti að stefnumálum í viðskiptum eða snerti atriði sem þarfnast nákvæmrar tæknilegrar umfjöllunar. Nefndin getur að eigin frumkvæði farið þess á leit við Tækninefndina að kanna samkvæmt ákvæðum 4. mgr. þessarar greinar sérhvert atriði sem þarfnast tæknilegrar umfjöllunar. Að beiðni einhvers deiluaðila, sem telur deiluna snúast um tæknileg atriði, skal Nefndin fara þess á leit við Tækninefndina að gera slíka könnun.

3. Þegar unnið er að úrlausn ágreiningsmála má á hvaða stigi sem er leita álits þar til berra stofnana og sérfræðinga á því sviði sem fjallað er um. Krefjast má viðeigandi upplýsinga og aðstoðar frá þessum stofnunum og sérfræðingum. Nefndin skal taka tillit til niðurstöðu athugana Tækninefndarinnar varðandi deilumálið.

Tæknileg atriði

4. Þegar Tækninefndin hefur fengið beiðni skv. 2. mgr. þessarar greinar skal hún taka málið til athugunar og gefa Nefndinni skýrslu eigi síðar en þrem mánuðum eftir að hinu tæknilega atriði var vísað til hennar, nema deiluaðilar komi sér saman um að veita lengri frest.

Rannsóknarnefndir

5. Þegar máli er ekki vísað til Tækninefndarinnar skal Nefndin að beiðni einhvers deiluaðila skipa rannsóknarnefnd ef liðnir eru þrjú mánuðir frá því að beiðni til Nefndarinnar um rannsókn málsins var dagsett og viðunandi lausn fyrir alla aðila hefur ekki fengist. Hafi Tækninefndin fengið málið til meðferðar skal Nefndin að beiðni einhvers deiluaðila setja á fót rannsóknarnefnd, enda hafi viðunandi lausn fyrir aðila ekki náðst innan mánaðar frá þeim degi að Tækninefndin kom skýrslu sinni til Nefndarinnar.
6. a. Þegar rannsóknarnefnd er skipuð skulu gilda um hana reglur sem er að finna í viðauka III.
b. Hafi Tækninefndin skilað skýrslu um tæknileg atriði deilumáls skal rannsóknarnefndin nota þá skýrslu sem grundvöll að umfjöllun sinni um tæknileg atriði þess.

Fullnusta

7. Eftir að rannsókn er lokið eða eftir að Nefndin hefur fengið í hendur skýrslu Tækninefndarinnar eða rannsóknarnefndar skal hún fjalla um málið án tafar. Að því er varðar skýrslur rannsóknarnefnda skal Nefndin gera viðeigandi ráðstafanir innan 30 daga frá viðtöku skýrslu. Ráðstafanir þessar skulu fela í sér eftirfarandi:
 1. Yfirlýsingu um staðreyndir máls.
 2. Tilmæli til eins eða fleiri samningsaðila, eða hvern þann úrskurð sem hún telur við eiga.
8. Ef samningsaðili telur sig ekki geta orðið við tilmælum sem til hans er beint skal hann þegar í stað gera Nefndinni skriflega grein fyrir ástæðum. Nefndin skal þá taka til umfjöllunar hvaða frekari ráðstafanir kunni að eiga við.
9. Telji Nefndin að atvik séu svo alvarleg að það réttlæti þá ráðstöfun getur hún heimilað einum eða fleiri samningsaðilum að hætta að sinna skyldum samkvæmt samningnum gagnvart öðrum samningsaðila eða -aðilum að því leyti sem hún telur við eiga.
10. Nefndin skal fylgjast með hverju því máli sem hún hefur gefið út tilmæli í eða úrskurðað.
11. Komi upp deila milli samningsaðila varðandi réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum skulu þeir í öllu fara eftir reglum samnings þessa um lausn ágreiningsatriða áður en þeir leita réttar síns samkvæmt ákvæðum GATT, þ. m. t. beiting ákvæða 23. gr. þess.

HLUTI III

SÉRSTÖK OG AFBRIGÐILEG MÁLSMEÐFERÐ

21. gr.

1. Samningsaðilar í þróunarlöndum geta frestað framkvæmd ákvæða samnings þessa í allt að fimm ár frá gildistöku hans í þeim löndum. Samningsaðilar í þróunarlöndum sem kjósa að fresta framkvæmd samnings þessa skulu tilkynna það aðalframkvæmdastjóra GATT.
2. Auk þess sem getið er í 1. mgr. þessarar greinar er samningsaðilum í þróunarlöndum heimilt að fresta framkvæmd ákvæða 3. tl. b-liðar 2. mgr. 1. gr. og 6. gr. í allt að þrjú ár frá því er þeir hefja framkvæmd allra annarra ákvæða þessa samnings. Samningsaðilar í þróunarlöndum sem kjósa að fresta framkvæmd ákvæða sem tilgreind eru í þessari málsgrein skulu tilkynna það aðalframkvæmdastjóra GATT.

3. Samningsaðilar í þróuðum löndum skulu veita tækniaðstoð samningsaðilum í þróunarlöndum sem þess óska, með skilmálum sem þeir verða ásáttir um. Á þessum grundvelli skulu samningsaðilar í þróuðum löndum gera áætlanir um tækniaðstoð er taki m. a. til þjálfunar starfsfólks, aðstoð við undirbúning framkvæmdaratriða, aðgang að upplýsingamiðlun varðandi aðferðir við tollverðsákvæðanir og ráðgjöf um framkvæmd ákvæða samnings þessa.

HLUTI IV LOKAÁKVÆÐI

Samþykkt og aðild

22. gr.

1. Samningur þessi skal vera opinn til samþykktar með undirskrift eða öðrum hætti fyrir ríkisstjórnir aðildarríkja GATT og fyrir Efnahagsbandalag Evrópu.
2. Samningur þessi skal vera opinn til samþykktar með undirskrift eða öðrum hætti fyrir ríkisstjórnir sem fengið hafa bráðabirgðaaðild að GATT, með skilmálum er tryggja framkvæmd á réttindum og skyldum samkvæmt samningi þessum og taka mið af réttindum og skyldum sem felast í samþykktarskjölum um bráðabirgðaaðild þeirra.
3. Samningur þessi skal vera opinn fyrir aðild sérhverrar annarrar ríkisstjórnar með skilmálum er tryggja framkvæmd á réttindum og skyldum samkvæmt samningi þessum og samþykktir skulu af viðkomandi ríkisstjórn og samningsaðilum með því að afhenda aðalframkvæmdastjóra GATT samþykktarskjal um aðildina sem tilgreini umsamda skilmála.
4. Varðandi samþykkt má beita ákvæðum a- og b-liðar 5. mgr. 26. gr. Almenna samkomulagsins.

Fyrirvarar

23. gr.

Fyrirvara má ekki gera varðandi nein ákvæði samnings þessa nema aðrir samningsaðilar séu um það ásáttir.

Gildistaka

24. gr.

Samningur þessi skal taka gildi 1. janúar 1981 vegna ríkisstjórna* sem hafa samþykkt hann eða gerast aðilar að honum fyrir þann dag. Vegna annarra ríkisstjórna skal hann taka gildi á þrítugasta degi frá dagsetningu samþykktar hennar á eða aðildar hennar að samningnum.

Landslög

25. gr.

1. Sérhver ríkisstjórn sem samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum skal tryggja eigi síðar en á gildistöku degi hans hennar vegna, að lög, reglugerðir og framkvæmdaratriði verði í samræmi við ákvæði samningsins.
2. Sérhver samningsaðili skal tilkynna Nefndinni um breytingar á lögum og reglugerðum sem gerðar verða vegna þessa samnings og vegna framkvæmdar þeirra laga og reglugerða.

*Orðið „ríkisstjórnir“ er talið taka til þar til bærra yfirvalda í Efnahagsbandalagi Evrópu.

Endurskoðun

26. gr.

Nefndin skal árlega skoða framkvæmd og beitingu samnings þessa með tilliti til markmiða hans. Nefndin skal árlega gefa aðildarríkjum GATT skýrslu um þróun mála á því tímabili sem endurskoðunin tekur til.

Breytingar

27. gr.

Samningsaðilar geta breytt samningi þessum, m. a. með tilliti til þeirrar reynslu sem fæst við framkvæmd hans. Breyting skal ekki taka gildi gagnvart neinum samningsaðila fyrr en hann hefur samþykkt hana, enda hafi samningsaðilar orðið ásáttir samkvæmt reglum sem nefndin hefur sett.

Uppsögn

28. gr.

Sérhver samningsaðili getur sagt upp aðild sinni að samningi þessum. Uppsögn tekur gildi þegar liðnir eru sextíu dagar frá þeim degi er skrifleg tilkynning um uppsögn barst aðalframkvæmdastjóra GATT. Þegar slík tilkynning hefur borist getur sérhver samningsaðili krafist þess að Nefndin komi saman tafarlaust.

Skrifstofa

29. gr.

Skrifstofa GATT skal annast skrifstofuhald vegna samnings þessa nema varðandi sérstök verkefni sem falin eru Tækninefndinni, en skrifstofuhald vegna hennar mun skrifstofa Tollasamvinnuráðsins annast.

Varsla

30. gr.

Samningur þessi skal fenginn aðalframkvæmdastjóra GATT til vörslu og skal hann án tafar leggja til sérhverjum samningsaðila og aðildarríki GATT staðfest eintak af honum svo og af hverri breytingu við hann skv. 27. gr., og tilkynna um hverja samþykkt á honum eða aðild að honum skv. 22. gr. og um sérhverja uppsögn á honum skv. 28. gr.

Skrásetning

31. gr.

Samningur þennan skal skrá í samræmi við ákvæði 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Gert í Genf hinn 12. dag aprílmánaðar 1979 í einu eintaki á ensku, frönsku og spönsku og skulu allir textarnir jafngildir.

VIÐAUKI I TÚLKUNARREGLUR

Almenn athugasemd

Í hvaða röð beita skal tollverðsákvörðunarreglunum

1. Í 1.—7. gr. er skýrgreint hvernig tollverð innfluttrar vöru skuli ákvarða samkvæmt ákvæðum samnings þessa. Aðferðir, sem nota skal við verðákvörðun, eru settar fram í þeirri röð sem þeim skal beita. Grundvallaraðferðin við ákvörðun tollverðs er skýrgreind í 1. gr., og innflutta vöru skal jafnan virða í samræmi við ákvæði þeirrar greinar þegar uppfyllt eru skilyrði sem þar er lýst.
2. Þegar ekki er hægt að ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum 1. gr. skal það gert með því að fylgja í rétttri röð þeim greinum sem á eftir koma uns fundin er sú grein sem hægt er að ákvarða tollverðið eftir. Þegar tollverð verður ekki ákvarðað samkvæmt ákvæðum tiltekinnar greinar má einungis beita ákvæðum næstu greinar í röðinni, sbr. þó ákvæði 4. gr.
3. Fari innflytjandi ekki fram á að 6. gr. verði fyrr beitt en 5. gr. skal farið eftir þeim í rétttri röð. Fari innflytjandi hins vegar fram á þetta, en ekki reynist unnt að ákvarða tollverðið samkvæmt ákvæðum 6. gr., skal ákvarða tollverðið samkvæmt ákvæðum 5. gr. ef hægt er að ákvarða það með þeim hætti.
4. Verði tollverð ekki ákvarðað samkvæmt ákvæðum 1.—6. gr. skal ákvarða það samkvæmt ákvæðum 7. gr.

Notkun almennt viðurkenndra bókhaldsreglna

1. Með „almennt viðurkenndum bókhaldsreglum“ er átt við þær reglur sem viðurkennt er að almennt ráða eða njóta verulegs stuðnings kunnáttumanna í tilteknu landi á tilteknum tíma varðandi hvaða efnahagsleg gæði og skuldbindingar skuli bóka sem eignir og skuldir, hvaða eigna- og skuldahreyfingar skuli bóka, hvernig mæla skuli eignir, skuldir og hreyfingar á þeim, hvaða upplýsingar skylt sé að láta í té og hvernig þær skuli látnar í té, og hvers konar reikningsskil skuli gerð. Reglur þessar geta verið almennar leiðbeiningar í megindráttum svo og nánari venjur og starfsreglur.
2. Við framkvæmd samnings þessa skulu tollyfirvöld hvers samningsaðila nýta fyrirbyggjandi upplýsingar á þann hátt sem almennt viðurkenndar bókhaldsreglur kveða á um í því landi sem við á varðandi þá grein sem um er að ræða. Við ákvörðun á venjulegum ágóðahlut og almennum útgjöldum samkvæmt ákvæðum 5. gr. skal t. d. farið eftir fyrirbyggjandi upplýsingum á þann hátt sem almennt viðurkenndar bókhaldsreglur í innflutningslandinu kveða á um. Við ákvörðun á venjulegum ágóðahlut og almennum útgjöldum samkvæmt ákvæðum 6. gr. mundi hins vegar vera farið eftir fyrirbyggjandi upplýsingum á þann hátt sem almennt viðurkenndar bókhaldsreglur í framleiðslulandinu kveða á um. Enn fremur má taka sem dæmi að ákvörðun þáttar sem tilgreindur er í 2. tl. b-liðar 1. mgr. 8. gr. og fram hefur farið í innflutningslandinu mundi fara fram á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga á þann hátt sem almennt viðurkenndar bókhaldsreglur í því landi kveða á um.

Athugasemd við 1. gr.

Verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber

Verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber, er sú heildargreiðsla sem kaupandi innir eða honum ber að inna af hendi til seljanda eða í hans þágu fyrir hina innflutta vöru.

Greiðsla þarf ekki alfarið að vera í formi yfirfærslu peninga. Greiðslu má inna af hendi með ábyrgð eða verðbréfum. Greiðslu er hægt að inna af hendi beint eða óbeint. Sem dæmi um óbeina greiðslu má nefna skuldarkröfu sem kaupandi á gagnvart seljanda og jöfnuð er að fullu eða að hluta.

Þættir sem kaupandi framkvæmir fyrir eigin reikning, aðrir en þeir sem í 8. gr. er gert ráð fyrir til verðleiðréttingar, skoðast ekki sem óbein greiðsla til seljanda jafnvel þótt telja megi í þágu seljanda. Þegar tollverð er ákvarðað skal þess vegna ekki bæta útgjöldum vegna slíkra þátta við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber.

Tollverð skal ekki taka til eftirtalinna útgjalda- eða kostnaðarliða, enda séu þeir aðgreindir frá því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hina innfluttu vöru:

- a. Útgjalda vegna byggingar, uppsetningar, samsetningar, viðhalds eða tæknilegrar aðstoðar sem framkvæmt er eftir innflutning vegna innfluttrar vöru svo sem verksmiðja, véla eða tækja.
- b. Flutningskostnaðar eftir innflutning.
- c. Tolla og skatta í innflutningslandinu.

Verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber, á við verð hinnar innfluttu vöru. Arður eða aðrar greiðslur frá kaupanda til seljanda sem snerta ekki hina innfluttu vöru eru því ekki hluti af tollverði.

3. tl. a-liðar 1. mgr.

Á meðal takmarkana sem ekki mundu leiða til þess að verði, sem raunverulega er greitt eða greiða ber, yrði hafnað eru takmarkanir sem hafa ekki veruleg áhrif á verðmæti vörunnar. Dæmi um slíkar takmarkanir er að seljandi krefst þess að kaupandi bifreiða selji eða sýni þær ekki fyrir tiltekinn dag sem markar upphaf svonefnds módelárs.

b-liður 1. mgr.

Ef sala eða verð er háð einhverjum skilyrðum eða skilmálum, sem ekki er hægt að ákvarða verð fyrir með tilliti til þeirrar vöru sem verði er að virða, skal ekki samþykkja viðskiptaverðið í tollalegu tilliti. Sem dæmi um þetta má nefna eftirfarandi:

- a. Seljandi ákveður verð hinnar innfluttu vöru með því skilyrði að kaupandi muni einnig kaupa tiltekið magn af öðrum vörum.
- b. Verð innfluttrar vöru er háð verði á öðrum vörum sem kaupandi innfluttu vörunnar selur til seljanda hinnar innfluttu vöru.
- c. Verð er ákveðið á grundvelli greiðslufyrirkomulags sem er óviðkomandi hinni innfluttu vöru, svo sem þegar innflutta varan er hálfframleidd vara sem seljandi hefur látið í té með þeim skilmálum að hann fái tiltekið magn af fullframleiddri vöru.

Skilyrði eða atriði sem varða framleiðslu innfluttrar vöru eða markaðsöflun fyrir hana skulu þó ekki valda því að viðskiptaverðinu sé hafnað. Láti kaupandi t. d. seljanda í té verkfræðivinnu eða áætlanir, sem unnið er í innflutningslandinu, hefur það ekki í för með sér að viðskiptaverðinu sé hafnað með tilliti til 1. gr. Taki kaupandi á sama hátt að sér fyrir eigin reikning, og jafnvel með samkomulagi við seljanda, störf er varða markaðsöflun fyrir innflutta vöru er verðmæti slíkra starfa ekki hluti af tollverði og þau hafa ekki í för með sér að viðskiptaverðinu sé hafnað.

2. mgr.

1. a- og b-liðir 2. mgr. kveða á um mismunandi leiðir til að ákveða hvort samþykkja skuli viðskiptaverð.

2. a-liður 2. mgr. kveður á um að kanna skuli kringumstæður við söluna ef kaupandi og seljandi eru háðir hvor öðrum, og skal samþykkja viðskiptaverðið sem tollverð ef tengslin hafa ekki haft áhrif á það. Ekki er ætlast til þess að kanna beri kringumstæður í öllum tilvikum sem kaupandi og seljandi eru háðir hvor öðrum. Slíkrar könnunar er einungis þörf þegar vafi er á því hvort samþykkja skuli verðið. Ef tollyfirvöld eru í engum vafa um að geta samþykkt verðið skal gera það án þess að óska frekari upplýsinga frá innflytjanda. Tollyfirvöld kunna t. d. að hafa kannað tengslin áður, eða þau kunna þá þegar að hafa nákvæmar upplýsingar um kaupanda og seljanda, og þau kunna þegar að hafa komist að þeirri niðurstöðu vegna slíkrar könnunar eða upplýsinga að tengslin hafi ekki haft áhrif á verðið.

3. Þegar tollyfirvöld geta ekki samþykkt viðskiptaverð án frekari fyrirspurna skulu þau gefa innflytjanda tækifæri til að leggja fram nákvæmar upplýsingar til viðbótar sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að hægt sé að kanna kringumstæður við söluna. Í þessu sambandi skulu tollyfirvöld vera reiðubúin til að kanna þætti sem máli skipta varðandi viðskiptin, þar með talið á hvern hátt kaupandi og seljandi haga viðskiptasambandi sínu og á hvern hátt viðkomandi verð var ákveðið, til þess að komast að niðurstöðu um hvort tengslin hafi haft áhrif á verðið. Þegar hægt er að sýna fram á að kaupandi og seljandi kaupa og selja hvor öðrum eins og þeir væru óháðir hvor öðrum, þótt þeir séu tengdir samkvæmt ákvæðum 15. gr., gefur slíkt til kynna að tengslin hafi ekki haft áhrif á verðið. Taka má sem dæmi um þetta að hafi verð verið ákveðið með þeim hætti sem almennt gerist um verðlagningu í viðkomandi iðnaði eða með þeim hætti sem seljandi venjulega ákveður verð til kaupanda sem ekki er honum háður, gefur slíkt til kynna að tengslin hafi ekki haft áhrif á verðið. Enn fremur má taka sem dæmi að sé sýnt fram á að verð sé nægilegt til að tryggja endurheimtu allra kostnaðarliða að viðbættum hagnaði sem sé í samræmi við heildarhagnað fyrirtækisins á marktæku tímabili (t. d. á heilu ári) vegna sölu á vörum í sama gæðaflokki eða sömu tegundar, gefur slíkt til kynna að tengslin hafi ekki haft áhrif á verðið.

4. b-liður 2. mgr. gefur innflytjanda tækifæri til að sýna fram á að viðskiptaverð sé mjög sambærilegt við „könnunarverð“ sem tollyfirvöld hafa áður samþykkt og sé þess vegna hægt að samþykkja það samkvæmt ákvæðum 1. gr. Þegar verð hefur staðist könnun skv. b-lið 2. mgr. er ekki nauðsynlegt að rannsaka hvort um tengsl sé að ræða, sbr. a-lið 2. mgr. Telji tollyfirvöld sig þegar hafa fullnægjandi upplýsingar án frekari fyrirspurna að verð hafi staðist eina af könnunum skv. b-lið 2. mgr. er ástæðulaust fyrir þau að krefjast þess af innflytjanda að hann sýni fram á að verð geti staðist slíka könnun. Hugtakið „óháðir kaupendur“ í b-lið 2. mgr. á við kaupendur sem ekki eru háðir seljanda í neinu sérstöku tilfalli.

b-liður 2. mgr.

Fjöldi þátta verður að taka til greina þegar ákvarða skal hvort eitthvert verð sé „mjög sambærilegt“ við annað verð. Þessir þættir taka til eðlis hinnar innfluttu vöru, eðlis iðnaðarins sjálfs, árstíðar þegar varan er innflutt og hvort mismunur í verði skipti máli í viðskiptalegu tilliti. Þar sem þessir þættir geta verið breytilegir í ýmsum tilvikum er ómögulegt að nota algildan staðal eins og tiltekinn hundradshluta í hverju þeirra. Til dæmis getur smávægilegur verðmismunur varðandi eina vörutegund reynst óaðgengilegur, þótt mikill mismunur varðandi aðra vörutegund kynni að verða aðgengilegur er ákvarða skal hvort viðskiptaverð sé mjög sambærilegt við „könnunarverð“ skv. b-lið 2. mgr. 1. gr.

Athugasemd við 2. gr.

1. Þegar beitt er 2. gr. skulu tollyfirvöld, hvenær sem hægt er, nota sölu sams konar vara á sama viðskiptastigi og í því sem næst sama magni og varan sem verið er að virða. Sé ekki um neina slíka sölu að ræða má nota sölu á sams konar vörum sem á sér stað samkvæmt einu eftirtalinna þriggja skilyrða:
 - a. Sölu á sama viðskiptastigi en í öðru magni.
 - b. Sölu á öðru viðskiptastigi en í því sem næst sama magni.
 - c. Sölu á öðru viðskiptastigi og í öðru magni.
2. Þegar fundin hefur verið sala sem uppfyllir eitthvert ofangreindra þriggja skilyrða mun verðleiðrétting, eftir því sem við á, taka til eftirfarandi:
 - a. Magnþáttar eingöngu.
 - b. Viðskiptastigsþáttar eingöngu.
 - c. Beggja þessara þátta.
3. Orðalagið „og/eða“ veitir færi á að nota söluna og gera nauðsynlegar verðleiðréttingar vegna hvers þeirra þriggja skilyrða sem getið er um að framan.
4. Vegna framkvæmdar 2. gr. á viðskiptaverð sams konar innfluttra vara við tollverð, leiðrétt samkvæmt ákvæðum b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar, sem þegar hefur verið samþykkt skv. 1. gr.
5. Það skilyrði er sett fyrir verðleiðréttingu vegna mismunandi viðskiptastigs eða mismunandi magns, hvort sem hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðs, að hún sé gerð á grundvelli fram kominna gagna sem sýna ljóslega að hún sé réttmæt og nákvæm, t. d. gildandi verðlista sem sýna verð á mismunandi viðskiptastigi eða á mismunandi magni. Taka má sem dæmi um þetta að sé innflutt vara, sem verið er að virða, sending með 10 einingum, og að einu sams konar vörur sem viðskiptaverð er til fyrir voru seldar í 500 einingum og vitað er að seljandi veitir magnafslátt, þá getur nauðsynleg leiðrétting farið fram á grundvelli verðlista frá seljanda með því að nota það verð sem þar er tilgreint fyrir 10 einingar. Þess er ekki krafist að selt magn hafi verið 10 einingar, enda hafi verið sýnt fram á að fara megi eftir verðlistanum við sölu í öðru magni. Séu slíkar hlutlægar aðferðir ekki fyrir hendi er þó ekki rétt að ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum 2. gr.

Athugasemd við 3. gr.

1. Þegar beitt er ákvæðum 3. gr. skulu tollyfirvöld jafnan nota sölu svipaðra vara á sama viðskiptastigi og í því sem næst sama magni og varan sem verið er að virða. Sé ekki um neina slíka sölu að ræða má nota sölu á svipuðum vörum sem á sér stað samkvæmt einu eftirtalinna þriggja skilyrða:
 - a. Sölu á sama viðskiptastigi en í öðru magni.
 - b. Sölu á öðru viðskiptastigi en í því sem næst sama magni.
 - c. Sölu á öðru viðskiptastigi og í öðru magni.
2. Þegar fundin hefur verið sala sem uppfyllir eitthvert ofangreindra þriggja skilyrða mun verðleiðrétting, eftir því sem við á, taka til eftirfarandi:
 - a. Magnþáttar eingöngu.
 - b. Viðskiptastigsþáttar eingöngu.
 - c. Beggja þessara þátta.

3. Orðalagið „og/eða“ veitir færi á að nota sölua og gera nauðsynlegar verðleiðréttingar vegna hvers þeirra þriggja skilyrða sem getið er um að framan.

4. Vegna framkvæmdar 3. gr. á viðskiptaverð svipaðra innfluttra vara við tollverð, leiðrétt samkvæmt ákvæðum b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar, sem þegar hefur verið samþykkt skv. 1. gr.

5. Það skilyrði er sett fyrir verðleiðréttingu vegna mismunandi viðskiptastigs eða mismunandi magns, hvort sem hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðs, að hún sé gerð á grundvelli framkominna gagna sem sýna ljóslega að hún er réttmæt og nákvæm, t. d. gildandi verðlista sem sýna verð á mismunandi viðskiptastigi eða á mismunandi magni. Taka má sem dæmi um þetta að sé innflutt vara, sem verið er að virða, sending með 10 einingum og að einu svipaðar vörur sem viðskiptaverð er til fyrir voru seldar í 500 einingum og vítað er að seljandinn veitir magnafslátt, þá getur nauðsynleg leiðrétting farið fram á grundvelli verðlista frá seljanda með því að nota það verð sem þar er tilgreint fyrir 10 einingar. Þess er ekki krafist að selt magn hafi verið 10 einingar, enda hafi verið sýnt fram á að fara megi eftir verðlistanum við sölu í öðru magni. Séu slíkar hlutlægar aðferðir ekki fyrir hendi er þó ekki rétt að ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Athugasemd við 5. gr.

1. Setningin „einingarverð sem . . . innfluttar vörur eru seldar á í mesta heildarmagni“ á við það verð sem mestur fjöldi eininga er seldur á við sölu til aðila sem óháður er þeim aðila sem hann kaupir vörurnar af, á fyrsta viðskiptastigi eftir innflutning sem slík sala á sér stað.

2. Sem dæmi um þetta má taka vörur sem seldar eru eftir verðlista sem sýnir hagstæðara einingarverð við kaup á miklu magni.

Sölu magn	Einingarverð	Sölufjöldi	Heildarmagn selt á hverju verði
1—10 einingar	100	10 sögur á 5 einingum 5 sögur á 3 einingum	65
11—25 einingar	95	5 sögur á 11 einingum	55
yfir 25 einingar	90	1 sala á 30 einingum 1 sala á 50 einingum	80

Mestur fjöldi eininga sem seldur er á tilteknu verði er 80. Þess vegna er einingarverð á mesta heildarmagni 90.

3. Sem annað dæmi um þetta má taka tvær sögur. Í fyrri sölu eru 500 einingar seldar á 95 mynteiningar hver. Í síðari sölu eru 400 einingar seldar á 90 mynteiningar hver. Í þessu dæmi er mestur fjöldi eininga sem seldur er á tilteknu verði 500. Þess vegna er einingarverð á mesta heildarmagni 95.

4. Sem þriðja dæmi mætti taka eftirfarandi tilvik þar sem mismunandi magn er selt á mismunandi verði.

a. Sögur

Selt magn	Einingarverð
40 einingar	100
30 einingar	90
15 einingar	100
50 einingar	95
25 einingar	105
35 einingar	90
5 einingar	100

b. Samtölur

Heildarmagn selt	Einingarverð
65	90
50	95
60	100
25	105

Í þessu dæmi er mestur fjöldi eininga sem seldur er á tilteknu verði 65. Þess vegna er einingarverð á mesta heildarmagni 90.

5. Við ákvörðun einingarverðs samkvæmt ákvæðum 5. gr. skal eigi taka til greina neina sölu í innflutningslandi, eins og lýst er í 1. mgr. að framan, til aðila sem lætur í té beint eða óbeint, gjaldfrjálst eða gegn lækkuðu gjaldi, einhvern þeirra þátta sem tilgreindir eru í b-lið 1. mgr. 8. gr. til framleiðslu og sölu hinnar innfluttu vöru til útflutnings.

6. Gæta skal þess að „ágóðahlut og almenn útgjöld“ sem vísað er til í 1. mgr. 5. gr. ber að taka sem heild. Þá tölu sem draga skal frá í þessu skyni ætti að ákvarða á grundvelli upplýsinga sem látnar hafa verið í té af innflytjanda eða fyrir hans hönd, nema þær stangist á við tölur er varða sölu í innflutningslandi á innfluttum vörum í sama gæðaflokki eða af sömu tegund. Þegar tölur innflytjanda stangast á við þær tölur skal sú upphæð sem ætluð er til ágóðahlutar og almennra útgjalda vera byggð á öðrum upplýsingum þar að lútandi en þeim sem látnar hafa verið í té af innflytjanda eða fyrir hans hönd.

7. „Almenn útgjöld“ taka einnig til beins og óbeins kostnaðar við markaðsöflun fyrir þær vörur sem um ræðir.

8. Skatta sem greiða ber í innflutningslandi vegna sölu varanna og ekki hafa verið dregnir frá samkvæmt ákvæðum 4. tl. a-liðar 1. mgr. 5. gr. skal draga frá skv. 1. tl. a-liðar 1. mgr. 5. gr.

9. Þegar annað hvort er ákvarðað hver umboðslaun skuli vera eða venjulegur ágóðahlutur og almenn útgjöld samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 5. gr. verður að svara því hvort tiltekna vörur séu „í sama gæðaflokki eða af sömu tegund“ og aðrar vörur í hverju tilviki fyrir sig með tilliti til aðstæðna. Kanna ber sölur í innflutningslandi á þrengsta hópi eða sviði innfluttra vara sem eru í sama gæðaflokki eða af sömu tegund, þ. m. t. sú vara sem verið er að virða, og hægt er að útvega nauðsynlegar upplýsingar um. Við framkvæmd 5. gr. skulu „vörur í sama gæðaflokki eða af sömu tegund“ taka bæði til vara sem fluttar eru inn frá sama landi og vara sú sem verið er að virða og vara sem fluttar eru inn frá öðrum löndum.

10. Við framkvæmd b-liðar 1. mgr. 5. gr. á „hið fyrsta“ við þann dag sem sala fer fram á hinni innfluttu vöru eða sams konar eða svipuðum innfluttum vörum í nægilega miklu magni til að hægt sé að ákvarða einingarverðið.

11. Þegar reglum 2. mgr. 5. gr. er beitt skulu lækkanir vegna virðisauka við frekari aðvinnslu gerðar á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða varðandi kostnað við aðvinnsluna. Viðurkenndar iðnaðarformúlur, uppskriftir, byggingaraðferðir og aðrar venjur í iðnaði má nota sem grundvöll að útreikningi.

12. Viðurkennt er að verðákvörðunarreglum skv. 2. mgr. 5. gr. eigi að jafnaði ekki að beita þegar innfluttar vörur hafa glatað sérkennum sínum vegna frekari aðvinnslu. Samt geta komið upp þau tilvik að hægt sé að ákvarða virðisauka aðvinnslu réttilega og án óhæfilegrar fyrirhafnar þótt sérkenni innfluttu vörunnar hafi glatast. Hins vegar getur borið svo við að hin innflutta vara haldi sérkennum sínum, en myndi svo smávægilegan þátt þeirra vara sem seldar eru í innflutningslandinu að beiting þessarar verðákvörðunarreglu væri ekki réttlætjanleg. Með tilliti til framanritaðs verður í hverju tilviki að taka mið af aðstæðum hverju sinni.

Athugasemd við 6. gr.

1. Aðalregla er að tollverð skuli ákvarða samkvæmt samningi þessum á grundvelli upplýsinga sem greiður aðgangur er að í innflutningslandinu. Til þess að ákvarða reiknað verð kann þó að reynast nauðsynlegt að kanna framleiðslukostnað þeirrar vöru sem verið er að virða svo og aðrar upplýsingar sem útvega verður utan innflutningslandsins. Framleiðandi er þó í flestum tilvikum utan lögsögu yfirvalda í innflutningslandinu. Notkun reiknaðs verðs mun yfirleitt takmarkast við þau tilvik að kaupandi og seljandi eru háðir hvor öðrum, og að framleiðandi er reiðubúinn til þess að láta yfirvöldum í innflutningslandi í té nauðsynlegar kostnaðarupplýsingar og aðstöðu til síðari staðreynslu sem nauðsynleg kann að reynast.
2. „Kostnaðarverð eða verðmæti“ sem vísað er til í a-lið 1. mgr. 6. gr. skal ákvarða á grundvelli upplýsinga er varða framleiðslu vöru þeirrar sem verið er að virða og látnar eru í té af framleiðanda eða fyrir hans hönd. Það skal byggt á viðskiptareikningum framleiðanda, enda séu þeir í samræmi við almennt viðurkenndar bókhaldsreglur sem gilda í framleiðslu-landi vörunnar.
3. „Kostnaðarverð eða verðmæti“ skal taka til kostnaðar við þá þætti sem tilgreindir eru í 2. og 3. tl. a-liðar 1. mgr. 8. gr. Það skal einnig samkvæmt athugasemd við 8. gr. þar að lútandi taka til viðeigandi hluta af verðmæti sérhvers þáttar sem tilgreindur er í b-lið 1. mgr. 8. gr. sem beint eða óbeint hefur verið látinn í té af kaupanda til notkunar í sambandi við framleiðslu hinnar innfluttu vöru. Verðmæti þeirra þátta sem tilgreindir eru í 4. tl. b-liðar 1. mgr. 8. gr. og framkvæmdir eru í innflutningslandi skal eingöngu telja með að því leyti sem þeir eru færðir framleiðanda til gjalda. Áskilið er að ekkert kostnaðarverð eða verðmæti sem vísað er til í þessari grein skuli tvítalið við ákvörðun á reiknuðu verði.
4. „Upphæð vegna ágóðahlutar og almennra útgjalda“ sem vísað er til í b-lið 1. mgr. 6. gr. skal ákvarða á grundvelli upplýsinga sem látnar eru í té af framleiðanda eða fyrir hans hönd, nema tölur hans séu í ósamræmi við tölur sem venjulega koma fram við sölu á vörum í sama gæðaflokki eða af sömu tegund og sú vara sem verið er að virða og framleiddar eru í útflutningslandinu til útflutnings til innflutningslandsins.
5. Í þessu sambandi skal gæta þess að „upphæð vegna ágóðahlutar og almennra útgjalda“ skal taka sem heild. Af því leiðir að sé ágóðahluti framleiðanda í einhverju tilteknu tilviki lítil og almenn útgjöld hans há kann ágóði hans og almenn útgjöld, tekið sem heild, engu að síður að vera í samræmi við það sem telja má venjulegt við sölu á vörum í sama gæðaflokki eða af sömu tegund. Slík staða gæti t. d. komið upp þegar vara færi á markað í fyrsta sinn í innflutningslandi að framleiðandi sætti sig við að fá engan eða lágan hagnað til að standa undir háum almennum útgjöldum við kynninguna. Geti framleiðandi sýnt fram á að hann fái lágan ágóða af sölu hinnar innfluttu vöru vegna sérstakra viðskiptalegra aðstæðna, skal taka raunverulegar hagnaðartölur hans til greina, enda hafi hann gildar viðskiptalegar ástæður til að réttlæta þær og stefna hans í verðlagningarmálum sé í samræmi við venjulega verðlagningarstefnu í hlutaðeigandi iðngrein. Slíkt ástand gæti t. d. komið upp þegar framleiðendur hafa neyðst til að lækka verð tímabundið, vegna þess að dregið hefur úr eftirspurn án þess að séð yrði fyrir, eða þegar þeir selja vörur til uppfyllingar við vörusvið sem framleitt er í innflutningslandinu og setta sig við lágan ágóða til þess að vera samkeppnishæfir. Þegar tölur framleiðanda sjálfs um ágóðahlut og almenn útgjöld eru ekki í samræmi við það sem venjulega kemur fram við sölu á vörum í sama gæðaflokki og af sömu tegund og vara sú sem verið er að virða og framleiddar eru í útflutningslandinu til útflutnings til innflutningslandsins, getur upphæð sem ætluð er til ágóðahlutar og almennra útgjalda byggt á öðrum upplýsingum þar að lútandi en þeim sem látnar hafa verið í té af framleiðanda varanna eða fyrir hans hönd.

6. Þegar aðrar upplýsingar en þær sem lánar hafa verið í té af framleiðanda eða fyrir hans hönd hafa verið notaðar til þess að ákvarða reiknað verð skulu yfirvöld í innflutningslandi upplýsa innflytjanda, óski hann þess, um uppruna þeirra, gögn þau sem notuð hafa verið og útreikninga sem byggja á þeim, sbr. þó ákvæði 10. gr.

7. „Almenn útgjöld“ sem getið er í b-lið 1. mgr. 6. gr. taka til þess beina og óbeina kostnaðar við framleiðslu og sölu vara til útflutnings sem ekki er innifalinn í a-lið 1. mgr. 6. gr.

8. Hvort tilteknar vörur séu „í sama gæðaflokki eða af sömu tegund“ og aðrar vörur verður að ákvarða í hverju tilviki fyrir sig með tilliti til aðstæðna hverju sinni. Við ákvörðun á venjulegum ágóðahlut og almennum útgjöldum samkvæmt ákvæðum 6. gr. ber að kanna sölu til útflutnings til innflutningslandsins á þrengsta hópi eða sviði vara, þ. m. t. sú vara sem verið er að virða, sem hægt er að útvega nauðsynlegar upplýsingar um. Við framkvæmd 6. gr. verða „vörur í sama gæðaflokki eða af sömu tegund“ að vera frá sama landi og varan sem verið er að virða.

Athugasemd við 7. gr.

1. Tollverð sem ákvarðað er samkvæmt ákvæðum 7. gr. á eftir því sem við verður komið að byggjast á áður ákvörðuðu tollverði.

2. Verðákvörðunaraðferðir sem notaðar eru skv. 7. gr. eiga að vera hinar sömu sem fram koma í 1.—6. gr., en nokkur sveigjanleiki við beitingu slíkra aðferða er í samræmi við markmið og ákvæði 7. gr.

3. Sem dæmi um nokkurn sveigjanleika má taka eftirfarandi:

- a. *Sams konar vörur* — kröfu um að sams konar vörur skuli fluttar út um sama leyti og varan sem verið er að virða má túlka sveigjanlega; sams konar innfluttar vörur framleiddar í öðru landi en útflutningslandi vörunnar sem verið er að virða geta verið grundvöllur fyrir ákvörðun tollverðs; nota má tollverð sams konar innfluttra vara sem þegar hefur verið ákvarðað samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr.
- b. *Svipaðar vörur* — kröfu um að svipaðar vörur skuli fluttar út um sama leyti og varan sem verið er að virða má túlka sveigjanlega; svipaðar innfluttar vörur framleiddar í öðru landi en útflutningslandi vörunnar sem verið er að virða geta verið grundvöllur fyrir ákvörðun tollverðs; nota má tollverð svipaðra innfluttra vara sem þegar hefur verið ákvarðað samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr.
- c. *Frádráttaraðferð* — kröfu um að vörunnar skuli hafa verið seldar „í því ástandi sem þær voru fluttar inn“ í a-lið 1. mgr. 5. gr. má túlka sveigjanlega; „90 daga“ reglunni má beita með sveigjanleika.

Athugasemd við 8. gr.

1. tl. a-liðar 1. mgr.

Orðið „kaupumboðslaun“ merkir gjöld sem innflytjandi greiðir til umboðsmanns síns fyrir þá þjónustu að koma fram fyrir hans hönd erlendis við kaup á þeirri vöru sem verið er að virða.

2. tl. b-liðar 1. mgr.

1. Tvö atriði snerta skiptingu þeirra þátta sem tilgreindir eru í 2. tl. b-liðar 1. mgr. 8. gr. á hina innfluttu vöru, þ. e. verðmæti þessara þátta sjálfra og á hvern hátt því skuli skipt á hina

innfluttu vöru. Skipting á verðmæti þáttanna ætti að fara fram á eðlilegan hátt og viðeigandi miðað við kringumstæður, og í samræmi við almennt viðurkenndar bókhaldsreglur.

2. Að því er varðar verðmæti þáttarins, þá er verðmætið tiltekið kostnaðarverð sem innflytjandi hefur fengið þáttinn á frá seljanda sem er honum óháður. Hafi þátturinn verið framleiddur af innflytjanda eða af aðila sem honum er háður er verðmætið framleiðslukostnaðurinn. Hafi þátturinn áður verið notaður af innflytjanda, án tillits til þess hvort innflytjandi hefur útvegað hann eða framleitt, verður að lækka upphaflegan kostnað við útvegum hans eða framleiðslu sem nemur notkuninni, til þess að komast að verðmæti þáttarins.

3. Þegar verðmæti þáttar hefur verið ákvarðað er nauðsynlegt að skipta því niður á hina innfluttu vöru. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi. Hægt er t. d. að skipta verðmætinu niður á fyrstu sendingu hinnar innfluttu vöru ef innflytjandi vill greiða toll af öllu verðmætinu í eitt skipti. Taka má sem annað dæmi að innflytjandi kann að fara fram á að verðmætinu sé skipt niður á þann fjölda eininga sem framleiddar hafa verið fram að þeim tíma er fyrsta sending á sér stað. Enn annað dæmi er að hann kann að fara fram á að verðmætinu verði skipt niður á alla fyrirhugaða framleiðslu vörunnar, þegar samningar eða fastar skuldbindingar eru til um slíka framleiðslu. Það mun fara eftir þeim gögnum sem innflytjandi leggur fram hvaða aðferð verður notuð við skiptinguna.

4. Framangreint má útskýra þannig, að innflytjandi lætur framleiðanda í té mót sem nota á við framleiðslu hinnar innfluttu vöru og gerir við hann samning um að kaupa 10 000 einingar. Þegar fyrsta sending berst, sem er 1 000 einingar, hefur framleiðandi þegar framleitt 4 000 einingar. Innflytjandi getur þá farið fram á við tollyfirvöld að þau skipti verðmæti mótsins niður á 1 000, 4 000 eða 10 000 einingar.

4. tl. b-liðar 1. mgr.

1. Viðbætur vegna þeirra þátta sem getið er í 4. tl. b-liðar 1. mgr. 8. gr. eiga að byggjast á hlutlægum og mælanlegum atriðum. Til þess að létta sem mest byrði bæði innflytjanda og tollyfirvalda við ákvörðun á verðmæti því sem bæta á við á að nota upplýsingar sem fyrirbyggjandi eru í viðskiptaskráum kaupanda eftir því sem við verður komið.

2. Vegna þeirra þátta sem kaupandi leggur fram og hann keypti eða leigði mundi viðbótin vera kostnaðurinn við kaupin eða leiguna. Engu skal bætt við vegna þeirra þátta sem almenningur á aðgang að nema kostnaðinum við að útvega afrit af þeim.

3. Hversu auðvelt kann að vera að reikna út verðmæti þess sem bæta skal við getur verið undir því komið hvernig uppbygging og stjórnkerfi tiltekins fyrirtækis er svo og bókhalds-aðferðir þess.

4. Mögulegt er að fyrirtæki sem flytur inn margvíslegar vörur frá nokkrum löndum hagi bókhaldi hönnunardeildar sinnar utan innflutningslandsins þannig að það sýni nákvæmlega þann kostnað sem rekja má til tiltekinnar vöru. Í slíkum tilvikum er hægt að gera beina verðleiðréttingu á viðeigandi hátt samkvæmt ákvæðum 8. gr.

5. Í öðru tilviki kann fyrirtæki að færa kostnað við hönnunardeildina utan innflutningslandsins sem almennan fastakostnað án skiptingar á tiltekna vörur. Í því tilviki er hægt að gera viðeigandi verðleiðréttingu samkvæmt ákvæðum 8. gr. með tilliti til hinnar innfluttu vöru með því að deila heildarkostnaði hönnunardeildar niður á þá heildarframleiðslu sem nýtur góðs af henni og bæta slíkum kostnaðarhluta á einingargrundvelli við innflutninginn.

6. Ofangreindar aðstæður geta verið svo breytilegar að sjálfsagt er að ýmis atriði verði að taka til greina er ákvarða skal rétta aðferð við skiptingu.

7. Þegar framleiðsla viðkomandi þáttar fer fram í mörgum löndum og nær yfir lengra tímabil á verðleiðrétting að takmarkast við þann virðisauka sem best hefur við þáttinn utan innflutningslandsins.

c-liður 1. mgr.

1. Einkaréttar- og leyfisgjöld sem vísað er til í c-lið 1. mgr. 8. gr. kunna m. a. að fela í sér greiðslur vegna einkaleyfis, vörumerkis og útgáfuréttar. Þó skulu gjöld fyrir rétt til að framleiða hinar innfluttu vörur í innflutningslandinu ekki bætast við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hina innfluttu vöru þegar tollverð er ákvarðað.

2. Greiðslur sem kaupandi innir af hendi fyrir rétt til að dreifa eða endurselja innflutta vöru skulu ekki bætast við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hana, enda séu slíkar greiðslur ekki skilyrði fyrir sölu hinnar innfluttu vöru til útflutnings til innflutningslandsins.

3. mgr.

Þegar hlutlæg og mælanleg atriði eru ekki fyrir hendi varðandi viðbætur sem gera þarf samkvæmt ákvæðum 8. gr. er ekki hægt að ákvarða viðskiptaverðið samkvæmt ákvæðum 1. gr. Taka má sem dæmi að réttindagreiðsla (royalty) sé innt af hendi á grundvelli sölu í líturum í innflutningslandi á tiltekinni vöru sem flutt hefur verið inn í kílógrömmum og umbreytt í fljóttandi form eftir innflutning. Sé réttindagreiðsla að hluta til byggð á hinni innfluttu vöru og að hluta á öðrum atriðum sem eru innfluttu vörunni óviðkomandi (svo sem þegar í innfluttu vöruna hefur verið blandað innlendum efnispáttum sem ekki eru lengur aðgreinanlegir, eða þegar ekki er hægt að aðgreina réttindagreiðsluna frá sérstökum fjárhagslegum skuldbindingum milli kaupanda og seljanda) er ekki viðeigandi að reyna að ákvarða viðbót vegna réttindagreiðslunnar. Sé upphæð þessarar réttindagreiðslu hins vegar byggð eingöngu á innfluttu vörunni og auðvelt að staðreyna hana er hægt að bæta við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber.

Athugasemd við 9. gr.

Við framkvæmd 9. gr. getur „þegar innflutningur fer fram“ tekið til þess tíma þegar vara er tekin til tollmeðferðar.

Athugasemd við 11. gr.

1. Í 11. gr. er innflytjanda veittur réttur til áfrýjunar á verðákvörðunarúrskurði tollyfirvalda vegna þeirrar vöru sem verið er að virða. Áfrýjun getur fyrst verið til æðra stigs tollstjórnarinnar en á lokastigi skal innflytjandi eiga rétt á áfrýjun til dómstóls.

2. „Án viðurlaga“ þýðir að innflytjandi skuli ekki vera háður sekt eða hótun um sekt eingöngu vegna þess að hann kaus að notfæra sér rétt til áfrýjunar. Greiðsla eðlilegra réttargjalda og lögfræðiþóknunar skal ekki skoðast sem greiðsla sektar.

3. Ákvæði 11. gr. skulu þó í engu vera því til fyrirstöðu að samningsaðili geti krafist greiðslu álagðra aðflutningsgjalda fyrir áfrýjun.

Athugasemd við 15. gr.

4. mgr.

Við framkvæmd þessarar greinar tekur orðið „aðilar“ til lögaðila eftir því sem við á.

e-liður 4. mgr.

Við framkvæmd þessa samnings skal litið svo á að einn aðili stjórnri öðrum þegar sá fyrrnefndi er lagalega eða í reynd í aðstöðu til þess að gefa hinum síðarnefnda letjandi eða hvetjandi fyrirmæli.

VIÐAUKI II
TÆKNILEG TOLLVERÐSÁKVÖRÐUNARNEFND

VIÐAUKI III
RANNSÓKNARNEFNDIR

BÓKUN
VIÐ SAMNINGINN UM FRAMKVÆMD 7. GR. HINS
ALMENNA SAMKOMULAGS UM TOLLA OG VIÐSKIPTI

Aðilar að Samningnum um framkvæmd á 7. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (hér á eftir nefndur „samningurinn“),

sem taka tillit til marghliða samningaviðræðnanna um viðskipti og til þeirra óska er fram komu í viðskiptasamninganefndinni á fundum hennar 11. og 12. apríl 1979 um að setja fram í einum texta Samning um framkvæmd á 7. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti,

viðurkenna að þróunarlöndin kunna að eiga í sérstökum erfiðleikum með að framkvæma samninginn,

hafa í huga að ákvæði 27. gr. samningsins varðandi breytingar hafa enn ekki tekið gildi,

hér með:

I

1. *Koma sér saman um* að fella niður ákvæði 4. tl. b-liðar 2. mgr. 1. gr. samningsins.
2. *Viðurkenna* að sú fimm ára frestun á framkvæmd samningsins sem þróunarlöndum er veitt í 1. mgr. 21. gr. kann í reynd að vera ófullnægjandi fyrir viss þróunarlönd. Í slíkum tilvikum getur þróunarland sem er aðili að þessum samningi, fyrir lok þess tímabils sem tiltekið er í 1. mgr. 21. gr., farið fram á framlengingu á frestinum, og skal litið svo á að samningsaðilar muni líta vinsamlega á slíka málaleitan þegar hlutaðeigandi þróunarland hefur ærnar ástæður fram að færa.
3. *Viðurkenna* að þróunarlönd sem nú virða vörur á grundvelli lágmarksverðs sem opinber aðili hefur ákveðið kunna að vilja setja fyrirvara sem geri þeim kleift að halda slíku verði um takmarkaðan tíma og til bráðabirgða samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem samningsaðilar kunna að fallast á.

4. *Viðurkenna* að þróunarlönd, sem telja að ákvæði 4. gr. samningsins um að beita megi reglum í annarri röð en töluröð að ósk innflytjanda geti valdið þeim raunverulegum erfiðleikum, kunni að vilja setja fyrirvara við 4. gr. með eftirfarandi orðalagi:

„Ríkisstjórn áskilur sér rétt til að ákveða að viðeigandi ákvæðum 4. gr. skuli aðeins beitt þegar tollyfirvöld fallast á beiðni um að breyta röð 5. og 6. gr.“.

Setji þróunarlönd slíkan fyrirvara skulu samningsaðilar samþykkja hann skv. 23. gr. samningsins.

5. *Viðurkenna* að þróunarlönd kunni að vilja setja fyrirvara við 2. mgr. 5. gr. með eftirfarandi orðalagi:

„Ríkisstjórn áskilur sér rétt til að ákveða að 2. mgr. 5. gr. samningsins skuli beitt í samræmi við ákvæði viðeigandi athugasemdar við hana hvort sem innflytjandi óskar þess eða ekki.“

Setji þróunarlönd slíkan fyrirvara skulu samningsaðilar samþykkja hann skv. 23. gr. samningsins.

6. *Viðurkenna* að tiltekin þróunarlönd hafa látið í ljós áhyggjur yfir því að vandamál kunni að skapast við beitingu 1. gr. samningsins að því er varðar innflutning til þessara landa á vegum einkaumboðsmanna, einkadreifingaraðila eða sérleyfishafa. Samningsaðilar eru sammála um að komi slík vandamál upp í reynd við framkvæmd þróunarríkja á samningnum skuli þetta atriði tekið til athugunar, óski þau þess, með það fyrir augum að finna viðeigandi lausn.

7. *Eru sammála um* að 17. gr. feli í sér að við framkvæmd samningsins kunni tollyfirvöld að þurfa að gera fyrirspurnir varðandi sannleiksgildi eða áreiðanleika sérhverrar yfirlýsingar, skjals eða skýrslu sem fyrir þau eru lögð vegna ákvörðunar tollverðs. Þeir eru enn fremur sammála um að greinin viðurkenni þannig að fyrirspurnir kunni að verða gerðar sem miði t. d. að því að staðreyna að verðatriði sem lýst hefur verið yfir eða lögð hafa verið fram í tolli í sambandi við ákvörðun tollverðs séu fullnægjandi og rétt. Þeir viðurkenna að samningsaðilar eigi eftir því sem landslög þeirra og reglur kveða á um rétt á því að vænta fullrar samvinnu af hálfu innflytjenda vegna þessara fyrirspurna.

8. *Eru sammála um* að verð það sem raunverulega er greitt eða greiða ber feli í sér allar greiðslur kaupanda til seljanda eða kaupanda til þriðja aðila til lúkningar á skuldbindingu seljanda, sem raunverulega eru inntar eða inna beri af hendi sem skilyrði fyrir sölu hinna innfluttu vara.

II

1. Við gildistöku samningsins skulu ákvæði þessarar bókunar teljast vera hluti af samningnum.

2. Bókun þessi skal fengin til vörslu aðalframkvæmdastjóra GATT. Hún er opin til samþykktar með undirskrift eða öðrum hætti fyrir þá sem undirritað hafa Samninginn um framkvæmd 7. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og fyrir aðrar ríkisstjórnir sem samþykkja samninginn eða gerast aðilar að honum samkvæmt ákvæðum 22. gr.

Gert í Genf hinn fyrsta dag nóvembermánaðar 1979 í einu eintaki á ensku, frönsku og spænsku og skulu allir textarnir jafngildir.